FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
257. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. NÓVEMBER 2017



Eldur kom upp um fimmleytið í gær í yfirgefnum strætisvagni sem stóð við Gullhamra. Strætisvagninn var notaður sem geymsla. Þar var mikill eldsmatur og því var slökkvistarfið erfitt. Vörubíll með krabba var fenginn á svæðið til að rífa helsta eldsmatinn úr strætisvagninum og þá fór að ganga betur. Slökkvistarfi var að mestu lokið um klukkan átta. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tekjurnar gætu minnkað um fjórðung

**Dósent í hagfræði segir „mjög varhugavert“ að binda fjármuni ríkisins í bönkum sem standa frammi fyrir gerbreyttu umhverfi. Ný lög um greiðsluþjónustu gætu minnkað viðskiptabankatekjur um fjórðung. Færslu- og þóknanagjöld gætu lækkað um 40 til 80 prósent.**

**VIÐSKIPTI** Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við HÍ, segir ríkið ekki vel til þess fallið að leiða bankana í gegnum þær grundvallarbreytingar sem eru fram undan á bankamarkaði á komandi árum. Tekjur af viðskiptabankastarfsemi evrópskra banka gætu dregist saman um allt að fjórðung vegna nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu sem tekur gildi hér á landi á næsta ári, samkvæmt greiningu Sopra Banking.

Sérfræðingar segja að innleiðing reglugerðarinnar, sem mun skylda banka til að veita öðrum fyrirtækjum aðgang að greiðslukerfum sínum, eigi eftir að gerbreyta íslenskum fjármálamarkaði og umbylta fjármálaþjónustu áður en langt um líður. Íslensku bankarnir eru sagðir misvel í stakk búnir til að takast á við þær breytingar en tekjur af viðskiptabankastarfsemi standa undir um 90 prósentum af heildartekjum þeirra.

Friðrik Þór Snorrason, forstjóri RB, segir að í raun sé verið að opna markaðinn á svipaðan hátt og evrópski fjarskiptamarkaðurinn opnaðist á tíunda áratug. Gera megi ráð fyrir að færslu- og þóknanagjöld banka, sem eru stór hluti af viðskiptabankatekjum þeirra, lækki um 40 til 80 prósent þegar leikendum í greiðslumiðlun fjölgi. Þeir muni byggja viðskiptamódel sín á allt öðrum tekjugrunni en bankar og kortafyrirtæki í dag.

> **Bankarnir eru ekki einhver peningavél sem getur skilað hagnaði eins og ekkert sé.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði

Ásgeir segir þessa þróun undirstrika að það sé „mjög varhugavert“ að binda fjármuni skattgreiðenda í bankarekstri en ríkið er að fullu eigandi Landsbankans og Íslandsbanka. „Sumir virðast halda að bankaþjónusta sé svo ábatasöm að ríkið eigi endilega að eiga sem flesta banka. Það er einfaldlega rangt.“

Ásgeir bendir á að bankarnir verði undir miklum samkeppnisþrýstingi frá erlendum bankastofnunum og fjártæknifyrirtækjum. „Það er dálítil skammsýni að álíta að bankarnir þrír geti haldið áfram að hagnast nær fyrirhafnarlaust og þeir séu örugg eign fyrir ríkið. Bankarnir eru ekki einhver peningavél sem getur skilað hagnaði eins og ekkert sé og ég áleit að hrunið 2008 hefði fært heim sanninn um það.“ – kij / sjá Markaðinn

## Katrín á leik

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, á tvo kosti um myndun ríkisstjórnar. Vonir um breiða vinstri stjórn hafa heldur glæðst að nýju. Slík stjórn myndi þó eingöngu koma til greina með stuðningi frá fleiri flokkum, einum eða tveimur.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa einhverjir flokkanna á vinstri vængnum, sérstaklega Samfylkingin, lýst sérstökum áhuga á að styrkja slíka stjórn með því að fá Viðreisn að borðinu. Hefur verið rætt óformlega við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um þátttöku flokksins í slíkri stjórn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggur Framsóknarflokkurinn hins vegar áherslu á að fá Flokk fólksins einnig að borðinu.

Hinn kostur Katrínar er myndun ríkisstjórnar frá vinstri til hægri.
– aá / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Baldur Pétursson segir krónuna hættulegan gjaldmiðil. 18

**SPORT** Evrópumeistararnir mæta Tottenham á Wembley. 20

**MENNING** Sýningin Íó býður upp á eitthvað nýtt og líf. 26

**LÍFIÐ** Nokkrir vel valdir tónleikar af off-venue dagskrá Iceland Airwaves hátíðarinnar. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Minnkandi norðanátt og léttir til, en mjög hvasst undir Vatnajökli fram yfir hádegi. Hiti víða 0 til 7 stig, mildast syðst. Hægt vaxandi sunnanátt og þykknar upp í kvöld, fyrst vestast. Hlýnar í veðri. SJÁ SÍÐU 24

# Segjast hafa verið hundsaðir

**DÓMSMÁL** Trúfélagið Zuism hefur kært fulltrúa sýslumanns Norðurlands eystra til lögreglu „vegna alvarlegra brota í starfi“ eins og það er orðað.

Í kærunni kemur fram að það hafi komið félaginu í opnu skjöldu þegar maður að nafni Ísak Andri Ólafsson kynnti sig sem forstöðumann félagsins árið 2015. Um það leyti á hinn kærði að hafa birt áskorun í Lögbirtingablaðinu þess efnis að forsvarsmenn félagsins gæfu sig fram innan fjórtán daga, því ekki væri vitað um neina starfsemi á vegum félagsins eða hverjir skipuðu stjórn þess. Kærendur segja að í kjölfar þess hafi forsvarsmenn félagsins reynt að setja sig í samband við starfsmanninn kærða í hartnær tvö ár, án árangurs. **– dfb, jhh**

# Greiða meira í tryggingagjald

**STJÓRNSÝSLA** Álögð opinber gjöld Ríkisskattstjóra á lögaðila vegna rekstrarársins 2016 voru 13,7 milljörðum hærri en árið á undan. Mest munar þar um tekjuskatt lögaðila og tryggingagjaldið.

Álagður tekjuskattur nam 80,5 milljörðum en það er rúmlega 15 prósenta aukning á milli ára. Þar af greiddu fjármála- og vátryggingafélög 29,2 milljarða og framleiðslufyrirtæki, en þar undir falla sjávarútvegsfyrirtæki og stóriðja, níu milljarða.

Álagt tryggingagjald var 87,5 milljarðar í fyrra samanborið við 82 milljarða árið 2015. Hlutfall gjaldsins var lækkað um 0,64 prósentustig milli ára. Aukninguna má rekja til fjölgunar gjaldenda.

Útvarpsgjaldið nam 659 milljónum og fjármagnstekjuskattur á aðila sem undanþegnir eru tekjuskattskyldu, til að mynda sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir, nam tæpum 1,9 milljörðum króna. Er það um hálfum milljarði hærra en árið á undan. **– jóe**

# Börnin gengu í hús á hrekkjavöku




Sá siður barna hefur rutt sér til rúms hér á landi að ganga hús úr húsi á hrekkjavökunni og biðja um gott ellegar gjalda með grikk. Hrekkjavakan er ættuð frá keltum og er 31. október ár hvert. Það var mikil stemning á Kaplaskjólsveginum í gær þegar börn gengu þar í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Dómarar fóru til Noregs

**DÓMSTÓLAR** Fimm hæstaréttardómarar, auk skrifstofustjóra og eins aðstoðarmanns dómara, heimsóttu Hæstarétt Noregs í liðinni viku. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna sér verklag hæstaréttar Noregs við veitingu áfrýjunarleyfa.

Um áramót tekur nýtt dómstig, Landsréttur, til starfa hér á landi. Landsréttur mun taka við sem áfrýjunardómstóll en Hæstiréttur fær það hlutverk að dæma í veigamiklum og fordæmisgefandi málum á grundvelli áfrýjunar- og kæruleyfa sem rétturinn veitir.

Í fyrra bárust Hæstarétti Noregs 829 beiðnir um áfrýjunarleyfi og voru 102 slík veitt. Hér á landi bárust 869 mál til Hæstaréttar og var fjöldi afgreiddra mála 762. Búast má við því að málum sem fara fyrir Hæstarétt muni fækka til mikilla muna þegar Landsréttur hefur tekið til starfa. **– jóe**

# Fórum glöð að sofa

**Sorglegt hvernig farið hefur fyrir Framsóknarflokknum, segir Gunnlaugur Sigmundsson. Hann er stoltur af syni sínum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.**

**STJÓRNMÁL** „Við hjónin fórum glöð að sofa á laugardag,“ segir Gunnlaugur Sigmundsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, og faðir Sigmundar Davíðs, formanns Miðflokksins.

Miðflokkurinn hlaut tæplega 11 prósent atkvæða og sjö þingmenn í nýafstöðnum alþingiskosningum, en flokkurinn hafði sléttan mánuð til þess að kynna kosningamál sín, áður en kjósendur gengu að kjörborðinu.

„Við höfum verið á ferðalögum, langt í burtu og í takmörkuðu netsambandi í heilan mánuð núna, svo við höfum lítið getað fylgst með kosningabaráttunni sjálfri. Þannig að okkur þótti mest spennandi að komast á netið til þess að sjá skoðanakannanirnar. Fyrst um sinn hugsuðum við mikið um hvort flokkurinn næði öllum undirskriftum, á svo skömmum tíma, en þegar þær voru komnar vorum við viss um að hann næði allavega tíu prósenta fylgi,“ segir Gunnlaugur, sem var staddur á Flórída þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Við náðum í Sigmund í fyrsta skipti í gær, af því að hann hringdi í mömmu sína, en þá var klukkan hálf tvö að nóttu að íslenskum tíma. Mamma hans þekkir hann svo vel og heyrði að hann var þreyttur, svo við sögðum honum bara að hvíla sig.“

Aðspurður um næstu skref segir Gunnlaugur að nú þurfi Miðflokkurinn að vinna að því að byggja sig upp um land allt. „Það er ærin vinna. Veikleiki nýrra flokka held ég að sé sá að þeir byggja sig ekki upp í kringum landið. Svo ég hugsa að það ætti að verða þeirra fyrsta verk.“

Þá segir hann erfitt að segja til um næstu ríkisstjórn, en telur farsælast, líkt og staðan sé nú, að Sjálfstæðisflokkur, Miðflokkur, Framsóknarflokkur og Flokkur fólksins myndi næstu stjórn. Jafnvel að Viðreisn verði tekin inn í stjórnarsamstarfið.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafði ríka ástæðu til að fagna með stuðningsfólki sínu á kosninganótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Það er oft talað um að halda vinum sínum nálægt en óvinum sínum enn nær. Þannig að Sjálfstæðisflokkurinn þarf að passa að Miðflokkurinn narti ekki meira í hann frá miðjunni.
>
> Gunnlaugur Sigmundsson



„Eru skoðanakannanir ekki að sýna að Miðflokkurinn hafi tekið fylgi sitt af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki? Það er oft talað um að halda vinum sínum nálægt en óvinum sínum enn nær. Þannig að Sjálfstæðisflokkurinn þarf að passa að Miðflokkurinn narti ekki meira í hann frá miðjunni og Framsókn þarf auðvitað líka að passa upp á hann. Þannig að ég skýt á DMBF, hugsanlega með C líka. Þessir flokkar sem væru þarna fyrir utan eru ekki að keppa um sömu atkvæði og þeir sem eru þarna inni, og þó að það komi ekki öllum saman, þá er oft betra að halda óvininum nálægt heldur en að hafa hann hringspólandi einhvers staðar.“

Gunnlaugur tekur einnig fram að honum þyki sorglegt hvernig farið hafi fyrir hans gamla flokki, Framsókn.„Annaðhvort verður hann að finna sinn súpermann eða súperkonu eða þetta fjarar út. Hann er ekki með það súperfólk núna sem getur bjargað flokknum.“

**sunnak@365.is**




MYRKRIÐ
VEIT
„Í heimsklassa.“
THE SUNDAY TIMES
Arnaldur
MYRKRIÐ
VEIT
Indriðason
★★★★★
MORGUNBLAÐIÐ
„Ávallt framúrskarandi.“
SYDNEY SUN HERALD
Mögnuð glæpasaga
úr samtímanum
Arnaldur eins og
hann gerist bestur
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

# Með nema í kennsluflug þótt hreyfillinn hefði ítrekað drepið á sér

**FLUGMÁL** Málmagnir í eldsneytistanki urðu til þess að það drapst á hreyfli kennsluflugvélar sem í kjölfarið var nauðlent á flugvellinum við Sandskeið.

Kennari og nemandi voru um borð í kennsluflugvélinni TF-FGC þegar hreyfill hennar byrjaði að hökta og drap á sér 13. september 2014. Kennarinn nauðlenti vélinni og sakaði mennina ekki.

Rannsóknarnefnd flugslysa (RNSA) segir í skýrslu um málið að hreyfill TF-FGC hafi verið í grannskoðun rúmum sjö vikum áður, þann 1. ágúst. „Þann 6. ágúst 2014 stöðvaðist hreyfillinn skyndilega við prófun á jörðu en þá hafði hann gengið í 5,3 stundir frá grannskoðun. Þann 20. ágúst 2014 var tilkynnt um atvik TF-FGC til RNSA þar sem hreyfillinn stöðvaðist í einkaflugi þegar flugmaður var að æfa snertilendingar á Reykjavíkurflugvelli. Það atvik var tekið til rannsóknar og fundust þá óhreinindi í eldsneyti og eldsneytissíu.“

Fram kemur að eldsneytiskerfi vélarinnar, sem er af gerðinni Diamond DA-20, hafi verið sent til skoðunar hjá framleiðandanum. Við rannsókn á svokölluðu mælistykki hafi fundust agnir í eldsneytishólfi þess. „Agnirnar voru nægilega stórar til þess að loka fyrir eldsneytisflæði um stund. Líklega hefur það gerst af og til,“ segir í skýrslunni.

Málmagnirnar voru sendar til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Við rannsóknina kom í ljós að agnirnar voru oftast spænir og voru þær ekki úr stykkinu sjálfu eða íhlutum þess,“ segir rannsóknarnefndin. Ekki hafi fundist skýring á því hvernig agnirnar komust í eldneytiskerfið en nefndin telji líklegast að það hafi gerst hjá framleiðanda þess.

„Það er mat RNSA að agnirnar sem fundust í eldsneytiskerfinu hafi líklega verið þar frá samsetningu og stíflað eldsneytisflæði af og til. Það hafi verið orsök þess að hreyfillinn hafi starfað óeðlilega, það er, að þegar hreyfillinn missti afl hafi agnirnar stíflað eldsneytisflæðið og stöðvað hreyfilinn.“ – gar



Kennsluflugvélinni TF-FGC var nauðlent afllausri á Sandskeiði eftir ítrekaða fyrirboða um gangtruflanir. MYND/RNSA

## Flóttamanni ekki gerð refsing

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi í gær sýrlenskan kvótaflóttamann fyrir brot gegn valdstjórninni. Manninum var ekki gerð refsing.

Lögregla og sjúkraflutningamenn voru í desember 2015 kölluð að íbúð mannsins en þar otaði hann að þeim hníf. Síðar var sérsveitin kölluð út vegna málsins. Fyrir dómi sagði maðurinn að hann hefði ætlað að skaða sjálfan sig en ekki aðra. Þótti hann engu að síður hafa brotið gegn valdstjórninni með háttalagi sínu.

Þegar maðurinn var ellefu ára lenti hann í gassprengingu og stór hluti andlits hans brann af. Ein af ástæðum þess að hann kom til Íslands var að hann átti von á að geta fengið andlitságræðslu. Þann dag sem atvikið átti sér stað hafði hann fengið þær fréttir að slíkt væri ekki hægt. Við ákvörðun refsingar leit dómari málsins til þess að maðurinn var í miklu uppnámi vegna þessa. Engin refsing var dæmd. – jóe

## Sex frídagar fyrir reyklausa

**JAPAN** Japanskt fyrirtæki, Phila Inc., hefur ákveðið að veita starfsmönnum sem ekki reykja sex launaða frídaga aukalega á ári. Með því vilja þeir jafna út þann tíma sem reykingamenn verja í pásu á degi hverjum.

Aðsetur Phila er á 29. hæð í skýjakljúfi í Tókýó. Stjórnendur mældu hvað hver reykingapása tók um það bil langa stund og var sá tími um fimmtán mínútur hver pása. Var ákvörðunin um aukafríið tekin með hliðsjón af því. – jóe

# Flestir bíða eftir kalli Katrínar

**Þrjú stjórnarform eru nú rædd meðal flokkana. Möguleikar á vinstri stjórn hafa glæðst á ný. Forystumenn óttast kosningakerfi Pírata. Þingflokkurinn mótar nýjar reglur um myndun og slit ríkisstjórnarsamstarfs.**

**STJÓRNMÁL** Vonir um breiða stjórn frá vinstri til miðju hafa glæðst á ný, þó eingöngu með styrkingu eins eða tveggja flokka til viðbótar við stjórnarandstöðuflokkana fjóra. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Samfylkingin lýst sérstökum áhuga á að fá Viðreisn að borðinu og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur ekki útilokað þátttöku í stjórninni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggur Framsóknarflokkurinn hins vegar áherslu á að fá Flokk fólksins einnig að borðinu. Inga Sæland er reiðubúin til þátttöku, en Samfylking er sögð hikandi gagnvart Flokki fólksins.

Hinn kostur Katrínar er myndun ríkisstjórnar frá vinstri til hægri. Katrín hefur þegar kannað áhuga Samfylkingarinnar á samstarfi í stjórn með Sjálfstæðisflokki. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór hún bónleið til þeirrar búðar og þykja Sjálfstæðismenn heldur ekki spenntir fyrir stjórn með Samfylkingunni. Eftir stendur þá möguleiki Katrínar á stjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Áhrifamenn í VG telja þó ekki miklar líkur á slíkri stjórn, enda sé grasrótin í flokknum ekki hrifin af henni.

Flokkarnir leggja ýmislegt á sig til að mynda megi ríkisstjórn. Meðal fyrirvara sem settir hafa verið um stjórnarsamstarf með Pírötum er rafrænt kosningakerfi flokksins, ekki síst með tilliti til þess að fráfarandi ríkisstjórn var slitið í kjölfar rafrænnar kosningar um stjórnarslit í Bjartri framtíð.



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, stendur í ströngu þessa dagana. Hún á næsta leik að mati flestra viðmælenda blaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Til að bregðast við áhyggjum mögulegra samstarfsflokka í ríkisstjórn vinnur þingflokkur Pírata nú að reglum um þátttöku og slit ríkisstjórnarsamstarfs en slíkar reglur hafa ekki verið til hjá flokkum. Reglurnar verða kynntar á fundi með grasrót flokksins í kvöld.

Frá miðju til hægri eru líka óformlegar þreifingar í gangi og Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eru sagðir í ágætu talsambandi þessa dagana. Til að þar geti eitthvað orðið þarf að bera vopn á klæðin milli Sigmundar Davíðs og Sigurðar Inga. Þar er Lilja Alfreðsdóttir í aðalhlutverki og hefur hún verið nefnd sem forsætisráðherraefni þeirrar stjórnar. Flokkur fólksins yrði þá þátttakandi í þeirri ríkisstjórn.

Mesta pressan á myndun ríkisstjórnar virðist á herðum Katrínar Jakobsdóttur og Bjarna Benediktssonar. Viðmælendur blaðsins eru sammála um að staða Katrínar Jakobsdóttur muni veikjast takist henni ekki að mynda stjórn og það sama má segja um Bjarna Benediktsson. Samfylkingin og Viðreisn eru hins vegar sögð sátt við að setjast í stjórnarandstöðu og styrkja þar stöðu sína fyrir næsta stríð.

Þá herma heimildir blaðsins að Sigmundur Davíð hafi verið hvattur af stuðningsmönnum sínum til að vera í stjórnarandstöðu og halda þar örmunum opnum fyrir þeim Framsóknarmönnum sem gætu hlaupist undan ábyrgð í óvinsælli ríkisstjórn.

adalheidur@frettabladid.is

#farasparabara

Tene eða tannsi?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.

íslandsbanki.is/farasparabara

# Ók á gangandi og hjólandi í Manhattan

**BANDARÍKIN** Minnst átta eru látnir og fjöldi er særður eftir að bíl var ekið á gangandi og hjólandi vegfarendur á Manhattan í New York í gær. Árásarmaðurinn var handsamaður.

Atvikið varð skammt frá þeim stað þar sem minnisvarðinn um Tvíburaturnana stendur. Ökumaðurinn ók á allt sem á vegi hans varð og endaði á því að aka á bíl sem varð á vegi hans. Stökk hann þá úr bifreiðinni vopnaður byssu. Lögreglumenn á vettvangi hæfðu hann og yfirbuguðu. Hann er nú í haldi lögreglu.

Samkvæmt heimildum CNN og New York Times létust minnst sex í árásinni og minnst tugur er særður. Bill de Blasio, borgarstjóri New York, sagði í ávarpi að minnst átta hefðu látist. Frekari fregnir af fjölda látinna höfðu ekki borist þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í yfirlýsingum lögreglu ytra segir að málið sé nú rannsakað sem hryðjuverkaárás og að FBI fari með yfirstjórn rannsóknarinnar. – jóe



Vettvangi voðaverkanna í New York var lýst sem blóðbaði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Konukvöld

## Blómavals í Skútuvogi í kvöld kl. 18:00 til 21:00




Svanhildur Þórsteinsdóttir, kynnir kvöldsins.

Sigga Kling.

Soffía Dögg Garðarsdóttir frá Skreytum hús.

### Dagskrá hefst kl. 18:00

**Kynnir kvöldsins:** Svanhildur Þórsteinsdóttir

- Sigga Kling mætir á svæðið.
- Helgi Björns tekur lagið kl. 19:00.
- Jón Jónsson tekur lagið kl. 20:00.
- Soffía Dögg Garðarsdóttir hjá Skreytum hús verður á staðnum.
- Blómaskreytar Blómavals sýna borðskreytingar, blómaskreytingar og gefa góð ráð.
- Happdrætti með glæsilegum vinningum.
- Snyrtivörukynningar og smakk á ýmsum vörum.

**Mættu tímanlega**
Kaffi Garður kl. 17:30-20:00
**Sjávarréttasúpa 990 kr.**
**Grænmetissúpa 690 kr.**
Einnig hægt að kaupa hvítvínsglas með súpunni fyrir þá sem vilja.



## 25-50%

**afsláttur af öllum vörum**
Jólavörur, gjafavörur, kerti, vasar, afskorin blóm, pottaplöntur, jólaljós, seríur, búsáhöld o.fl.
Einnig valdar vörur á 30-50% afslætti aðeins í kvöld.

## 25% AFSLÁTTUR

**Heilsudagar á Heilsutorgi Blómavals**
25% afsláttur af bætiefnum, snyrti- og hreinlætisvörum og 10% afsláttur af matvöru.

## 25% AFSLÁTTUR

**af búsáhöldum** og fatnaði frá **TRUE NORTH.**

Kynningar

## Vörukynningar, smakk og fleira frá eftirtöldum aðilum:

Heilsuvörur frá Rapunzel • Léttvínskynning frá Ölgerðinni • Nói og Siríus gefa gómsætt smakk • Weleda snyrtivörur • Allos og MGC bætiefni og snyrtivörur • Bellnoir og Bio Zent heilsudrykkir og matvörur • Natures Aid bætiefni • Sodasan hreinsiefni • Balsam bætiefni • Dropi frá Lýsi • Superfruit and Nuts matvörur • Super Beets bætiefni • Eat Real glútenlaust snakk • Dr. Hauschka og Lavera förðunarvörur • Geo Silica íslenskur kísill • Natur Tint hárlitir og te • Geo Silica berjasafar • Kobucha te • Pure nutrition íslenskt bætiefni • Balance & Berry súkkulaði og safar • WoodWick snarkandi ilmkerti • Crabtree and Evelyn Noel jólailmur Hekla servíettur og kerti o.fl.

Vinnur þú?

## HAPPDRÆTTI

Fjöldi glæsilegra vinninga
Taktu þátt, við drögum út gjafakörfur og glæsilega vinninga allt kvöldið.

blómaval
heillandi heimur



Heimsferðir



Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 2. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin 2017 og frímerkjaröð tileinkaða íslenskri myndlist, þ.e. ljóðrænu abstraktlistinni á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Jólaprýði Póstsins 2017 er byggð á útsaumsmynstrum í íslenska þjóðbúningnum.






Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá
Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN



MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

*á mánuði

365


## Siðaskiptanna minnst í Þýskalandi



Því var fagnað í Wittenberg í Þýskalandi í gær að 500 ár eru frá upphafi siðbótar. Hún er talin hafa hafist með því að Marteinn Lúther hengdi skjal með 95 greinum á kirkjudyrnar í Wittenbergkastala. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Alþingi greiddi yfir 160 milljónir í akstursstyrki

**Svar fyrrverandi þingforseta leiðir í ljós háar upphæðir til þingmanna 2013-2106. Þingmaður Sjálfstæðisflokks hefur aldrei velt fyrir sér hvort ódýrara sé að nota bílaleigubíl. Alþingi gefur ekki upp persónugreinanlegar upplýsingar.**

**STJÓRNMÁL** Á árunum 2013 til ársloka 2016 hafa þingmenn fengið 163 milljónir króna greiddar vegna aksturs eigin bifreiða. Þingmenn geta haldið akstursdagbækur. Þingmenn Suðurkjördæmis fá mun hærri endurgreiðslu en aðrir þingmenn.

Þetta kemur fram í svari þáverandi forseta þingsins, Unnar Brár Konráðsdóttur, við fyrirspurn Björns Levý Gunnarssonar, þingmanns Pírata, um ferðakostnað alþingismanna.

Í fyrra endurgreiddi þingið um 35 milljónir króna til þingmanna vegna aksturs eigin bíla. Þar af fóru 22,2 milljónir til þingmanna í Suðurkjördæmi eða tvær af hverjum þremur krónum. Alþingi hefur ítrekað neitað því að greina greiðslur til einstakra þingmanna niður og því fæst ekki frekari sundurliðun.

Í svari Unnar Brár kemur fram að endurgreiðslur til þingmanna í Norðvesturkjördæmi hafi dregist verulega saman árið 2015 eftir að þingmenn fóru greinilega að nýta sér bílaleigubíla í meiri mæli. Þingið hefur mælst til þess að þingmenn nýti sér bílaleigubíla þar sem það er ódýrari kostur fyrir þingið.

„Ég hef ekkert skoðað það sérstaklega hvað það kostar að taka bílaleigubíl. Ég er bara með minn bíl og hann er skrifstofan mín. Ég skrái niður akstur minn samviskusamlega og samkvæmt mínum kjörum er mér heimilt að nota bílinn minn. Ég hef alltaf gert þetta í samræmi við lög og reglur og ekki fengið neinar athugasemdir frá yfirboðurum mínum,“ segir Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Þegar hann er spurður hvort hann vilji upplýsa hversu mikið hann ók á síðasta ári og hversu háar upphæðir hann fékk greiddar vegna aksturs var hann ekki tilbúinn til þess. „Þið eruð ekki að spyrja hvað lögfræðingarnir frá Rauða krossinum eru að fá fyrir að senda bréf til innanríkisráðuneytisins vegna hælisleitenda, er það? Þið viljið ekki að þeir missi spón úr aski sínum.“

Lítill sem enginn vilji virðist vera fyrir því hjá þingmönnum Suðurkjördæmis að nýta bílaleigubíla. Árið 2016 greiddi þingið 8.301 krónur vegna bílaleigubíla þingmanna kjördæmisins. **sveinn@frettabladid.is**

### Endurgreiðsla samkvæmt akstursbók

| Kjördæmi | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík norður | 61.596 | 519.912 | 309.024 | 406.230 |
| Reykjavík suður | 1.482.527 | 1.463.688 | 1.662.860 | 1.940.070 |
| Suðvestur | 338.488 | 696.928 | 1.041.076 | 326.260 |
| Norðvestur | 14.643.596 | 16.347.271 | 6.286.760 | 3.952.014 |
| Norðaustur | 5.803.975 | 6.841.441 | 5.475.884 | 5.787.284 |
| Suður | 19.706.595 | 24.260.962 | 21.870.764 | 22.245.102 |

> **Þið eruð ekki að spyrja hvað lögfræðingarnir frá Rauða krossinum eru að fá fyrir að senda bréf til innanríkisráðuneytisins vegna hælisleitenda, er það?**
>
> Ásmundur Friðriksson





Unnur Brá Konráðsdóttir.




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir til og með 2. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Gætu þurft nýjar réttir á afréttinum vinni Króksbóndi dómsmálið

**DÓMSMÁL** „Það er töluvert stórt mál að loka fyrir leið eins stærsta fjársafns á landinu af afrétti,“ segir Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, vegna kröfu eiganda jarðarinnar Króks um að dómstólar viðurkenni að sveitarfélagið geti ekki heimilað bændum að fara með fé af fjalli um lönd Króks.

Gunnlaugur segir málið eiga sér tæplega eitt hundrað ára forsögu eða allt frá árinu 1924 þegar Upprekstrarfélag Þverárafréttar hafi keypt land úr Króksjörðinni. Gunnar Jónsson, sem keypti Krók árið 1989, hafi hins vegar talið sig eiga allt landið og á endanum unnið dómsmál um það álitaefni fyrir Hæstarétti á árinu 2013.

„Eignarhald þessa lands var dæmt af Upprekstrarfélaginu á þeim forsendum að kaupsamningnum var ekki þinglýst,“ útskýrir Gunnlaugur. Af þessum sökum hafi sveitarfélagið fyrir hönd Upprekstrarfélagsins höfðað mál til að fá viðurkenndan hefðarrétt á Krókslandið. Málshöfðun Gunnars er svokölluð gagnstefna í því máli.

**Sveitastjóri Borgarbyggðar segir ekki eina einustu skógarplöntu vera á svæðinu sem féð er rekið yfir.**

„Upprekstrarfélagið er búið að nota þetta land í 90 ár í þeirri góðu trú að félagið ætti það,“ segir sveitarstjórinn. Vegna staðhátta beinist féð af afrétti niður eins konar trekt milli Norðurár og Hellisár, nyrst í Krókslandinu. Um sé að ræða safn upp á 10 til 15 þúsund fjár.

Gunnar er með skógrækt á jörð sinni en Gunnlaugur kveður rekstrarleiðina liggja fjarri henni. „Hann hefur rétt á að hafa sína afstöðu en þetta er bara ónotað heiðarland; þarna er ekki ein einasta skógarplanta,“ segir sveitarstjórinn.

Kristján Franklín Axelsson, formaður Upprekstrarfélagsins, segir að ef málið tapast og ekki sé rekstrarleyfi um Króksjörðina verði hugsanlega að byggja nýjar réttir inni á afréttinum, fyrir ofan land Króks, og flytja svo féð þaðan. Þetta hefði fordæmisgildi og gæti haft verulegar afleiðingar annars staðar á landinu.

„Ég sé ekki fyrir mér að það væri hægt að loka þjóðvegi eitt á meðan þetta er rekið þarna niður. Það væri hægt að leysa þetta mál ef Gunnar myndi vilja leysa það, það skiptir engu máli fyrir hann þótt við fengjum að reka þarna í gegn,“ segir Kristján. **– gar**



**Í Garði.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## Mæla með að taka upp gjald á áningarstöðum

**GARÐUR** „Bæjarráð lítur svo á að gjaldtaka á áningarstöðum komi til greina, ef ekki er mögulegt að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu og viðhald á áningarstöðum með öðrum hætti,“ segir bæjarráð sveitarfélagsins Garðs.

Bókun bæjarráðsins er svar þess til Reykjaness jarðvangs sem vill fá fram afstöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum til mögulegrar gjaldtöku á áningarstöðum fyrir ferðamenn. Leggur ráðið áherslu á að ef móta eigi verklag við gjaldtöku á áningarstöðum, verði meðal annars litið til eðlilegs aðgengis íbúa að áningarstöðum sem eru hluti af þéttbýli. **– gar**

## Flytja út meiri þorsk til Kína

**NOREGUR** Norðmenn stefna að því að flytja út 20 þúsund tonn af þorski til Kína fyrir árið 2020. Stefnt er að því að útflutningurinn verði 40 þúsund tonn árið 2025, að því er greint er frá á vefnum Undercurrentnews.

Nú flytja Norðmenn út 4.500 tonn af þorski á ári til Kína. Kínverjar selja svo þorskinn unninn til Evrópu og Norður-Ameríku. **– ibs**

**Nú flytja Norðmenn út 4,500 tonn af þorski til Kína á hverju ári.**

# Stjórnmálafræðingur efast um að kvennaframboð nái flugi

**Dósent í stjórnmálafræði er ekki viss um að almennur hljómgrunnur sé fyrir sérstöku kvennaframboði. Fyrrverandi þingkona Kvennalistans fagnar femínísku framtaki og segir það augljóst að ýmislegt brenni á þeim konum sem mættu á fund um hugsanlegt kvennaframboð á Hótel Sögu á mánudag.**

**STJÓRNMÁL** „Ég efast um að þetta nái einhverju flugi,“ segir Stefanía Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, um möguleikann á nýju kvennaframboði í kjölfar niðurstöðu nýliðinna alþingiskosninga.

Sóley Tómasdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Vinstri grænna, boðaði til fundar á Hótel Sögu á mánudag vegna fyrirhugaðs framboðs en á annað hundrað konur mættu þangað. Þar var samþykkt ályktun um að niðurstöður kosninganna séu í hróplegu ósamræmi við tilefni þeirra. Talsverðar breytingar eru á kynjahlutföllum Alþingis frá síðasta kjörtímabili og í kjölfar nýafstaðinna kosninga, en konum á þingi fækkar úr 30 í 24. Staða kvenna á þingi hefur því ekki verið lakari frá kosningunum árið 2007.

„Fækkun kvenna á Alþingi núna stafar af því að alls ekki nógu margar konur náðu kjöri fyrir Miðflokkinn, Flokk fólksins og Sjálfstæðisflokkinn, og virðist vandinn liggja þar,“ segir Stefanía og segist óviss um „hvort almennur hljómgrunnur sé fyrir sérstöku kvennaframboði í nútímanum“. Hún segir hægri og vinstri pólitík enn skipta máli og telur því ólíklegt að framboðið nái flugi, verði það að veruleika.

„Konur, eins og karlar, hafa ólíka sýn á pólitíkina þó svo að konur geti almennt sameinast um að mikilvægt sé að þær komi að ákvarðanatöku. Ég efast til dæmis um að Sóley Tómasdóttir geti myndað bandalag með konum úr Sjálfstæðisflokknum sem finnst hægt ganga að efla hlut kvenna.“



**Sóley Tómasdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, boðaði til fundar sem varð mjög fjölmennur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Auk þess bendir hún á að jafnréttismál séu komin töluvert lengra en árið 1983, þegar Kvennalistinn bauð fram til Alþingis, en ítrekar þó um leið mikilvægi þess að umræðan um jafnrétti haldi áfram. „Það er auðvitað mikilvægt að hafa þennan umræðuvettvang, en það er spurning hvort það sé kominn tími á sérstakt framboð aftur.“

Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi þingflokksformaður Kvennalistans, segir að bakslag alþingiskosninganna sýni að við séum ekki með kerfi sem tryggir eðlilega aðkomu allra kynja að stjórnmálum. „Mér finnst þingmenn ekki hafa sinnt aðhaldi sínu gagnvart stjórnvöldum hvað jafnrétti kynjanna varðar,“ segir Kristín.

**Ég fagna því alltaf þegar femínistar setjast niður og ræða málin.**

Kristín Ástgeirsdóttir fyrrum þingflokksformaður Kvennalistans,



Hún segir að Kvennaframboðið í Reykjavík 1982 og framboð Kvennalistans í alþingiskosningum 1983 hafi verið mikið ævintýri.

„Þetta var þarft framtak sem hafði töluverð áhrif á íslenskt samfélag. Það varð til þess að auka hlut kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum, en einnig kom það málum á dagskrá og veitti stjórnvöldum aðhald.“

Hún tekur vel í umræðuna um hugsanlegt kvennaframboð og segir að eitt og annað brenni á þeim konum sem mættu á fundinn. „Ég fagna því alltaf þegar femínistar setjast niður og ræða málin. Það er alltaf þörf á því.“ **– dfb**







# Óttarr Proppé segir af sér formennsku

**STJÓRNMÁL** Óttarr Proppé hefur sagt af sér sem formaður Bjartrar framtíðar í kjölfar nýafstaðinna þingkosninga en flokkurinn beið afhroð og hlaut einungis 1,2% atkvæða.

„Fylgi flokksins í kosningunum kallar á naflaskoðun og endurskoðun, ekki endilega á pólitíkinni, heldur á uppbyggingu flokksins og hvernig við komum henni á framfæri. Þá er langbest og eðlilegt að aðrir leiði þá vinnu en ég hef verið mjög áberandi í starfi flokksins síðustu tvö ár,“ segir Óttarr í samtali við Vísi. Hann bendir einnig á að þátttaka Bjartrar framtíðar í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar hafi haft neikvæð áhrif á traust flokksins. „Það var nær ómögulegt að vekja athygli á málefnum og áherslum flokksins í aðdraganda kosninganna.“

Óttarr segist ekki hafa sagt skilið við flokkinn. „Ég held fullri trú við þessa pólitík og hugsjónirnar. Ég er fullvissari ef eitthvað er, út frá fréttum og spekúlasjónum í kringum stjórnarmyndunarviðræðurnar núna, að Björt framtíð á mikið erindi í íslenska pólitík áfram.“ **– skh, dfb**



**Óttarr verður áfram félagi í flokknum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

**Fylgi flokksins í kosningunum kallar á naflaskoðun og endurskoðun.**

Óttarr Proppé, fráfarandi formaður Bjartrar framtíðar




**Magnað samstarf frá upphafi**

Íslensk tónlist á engan sinn líka; hún ber hróður eyjarinnar í norðri til allra heimshorna. Við höfum verið dyggir bakhjarlar Iceland Airwaves allt frá upphafi. Sjáumst á Icelandair-sviðinu í Hafnarhúsinu 1.–4. nóvember. Gleðilega hátíð!

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 86303 10/17

# Flúinn til Belgíu en sækir ekki um hæli

**Fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu verður mögulega ákærður fyrir uppreisn og gæti átt 30 ára fangelsi yfir höfði sér. Hann var í Belgíu í gær og sagðist staddur þar til að geta talað frjálslega. Hann ætlar ekki að sækja um hæli.**

**SPÁNN** Carles Puigdemont, sem hefur verið vikið úr embætti forseta héraðsstjórnar Katalóníu, sagðist í gær ekki ætla að sækja um hæli í Belgíu þangað sem hann er flúinn. Ríkissaksóknari Spánar lýsti því yfir á mánudag að hann vildi að háttsettir Katalónar yrðu ákærðir fyrir uppreisn. Héraðið hefur lýst yfir sjálfstæði eftir umdeildar kosningar síðasta mánaðar.

Puigdemont kom fram á blaðamannafundi með fimm öðrum ráðherrum í höfuðborginni Brussel. Sagðist hann ekki vera að flýja réttlætið heldur vildi hann tryggja að hann gæti tjáð sig frjálslega. Ekki liggur fyrir hversu lengi Puigdemont hyggst dvelja í Belgíu en hann sagðist ætla heim til Katalóníu þegar Spánverjar hefðu gengist við ákveðnum atriðum.

„Ég er ekki hér til að krefjast pólitísks hælis. Ég er hér staddur því Brussel er höfuðborg Evrópu. Ég er hér svo ég geti tjáð mig frjálslega og notið öryggis,“ sagði Puigdemont.

Ákvörðun ríkissaksóknarans sagði Puigdemont að sýndi fram á harkalega stefnu spænskra stjórnvalda og árásargirni þeirra. Allt að þrjátíu ára fangelsisdómur gæti beðið Katalónanna á Spáni. Til stendur að spænskur dómari taki fyrir möguleikann á því að ákæra umrædda Katalóníumenn bráðlega. Á fimmtudag hefur Carme Forcadell þingforseta verið gert að mæta fyrir dómstól.

Vafi lék á um hvort Puigdemont ætlaði að sækja um hæli í Belgíu í kjölfar útvarpsviðtals nýráðins lögfræðings hans, Pauls Bekaert. Sagði Bekaert að allir möguleikar væru opnir, ekkert hefði verið útilokað. „Það myndi hins vegar koma á óvart ef Belgar yrðu við þeirri beiðni, svona miðað við ástandið.“

Spánverjar hafa boðað til nýrra héraðsþingkosninga í Katalóníu samhliða sviptingu sjálfsstjórnarvalda og munu þær fara fram þann 21. desember næstkomandi. „Ég vil að ríkisstjórnin skuldbindi sig fyrirfram til þess að virða niðurstöðurnar, jafnvel þótt þær færi aðskilnaðarsinnum meirihluta á þinginu,“ sagði Puigdemont. Ríkisstjórnin hefur áður sagt að Puigdemont væri frjálst að taka þátt í kosningunum.

Þó virtist Puigdemont vara aðskilnaðarsinna við því að vera of sigurvissir í baráttunni. „Ég vil biðja Katalóna að búa sig undir að þetta gæti orðið afar langt ferli. Við erum að kljást við ríki sem skilur ekkert nema valdbeitingu.“



Carles Puigdemont sækir ekki um hæli í Belgíu. NORDICPHOTOS/AFP

> Ég er ekki hér til að krefjast pólitísks hælis. Ég er hér staddur af því að Brussel er höfuðborg Evrópu.
>
> Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu

Spennan í Katalóníu heldur áfram að aukast en spænska lögreglan gerði í gær áhlaup á skrifstofur katalónsku lögreglunnar. Greindu fjölmiðlar í héraðinu frá því að leitað hefði verið að skjölum sem tengdust kosningunum. Katalónska lögreglan hefur verið sökuð um að hjálpa ekki þeirri spænsku við að hafa stjórn á mótmælum aðskilnaðarsinna í aðdraganda kosninganna.

thorgnyr@frettabladid.is

# Segir málið snúast um Demókrata

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, segir að stærstu fréttir undanfarinna daga séu ekki þær að áhrifamenn úr framboði hans hafi verið ákærðir. Merkilegra sé að Tony Podesta, áhrifamaður innan Demókrataflokksins, sé að hætta hjá þrýstifyrirtæki sínu vegna rannsóknar Roberts Mueller, sérstaks saksóknara sem rannsakar afskipti Rússa af forsetakosningunum og meintum tengslum Trump-liða við Rússa.

Greint var frá því á mánudag að Paul Manafort, fyrrverandi kosningastjóri Trumps, og viðskiptafélagi hans, Robert Gates, yrðu ákærðir meðal annars fyrir samsæri gegn Bandaríkjunum. Þá var George Papadopoulos, ráðgjafi framboðsins, ákærður fyrir að hafa sagt alríkislögreglunni ósatt.

> Fáir þekktu þennan unga, lágt setta sjálfboðaliða sem kallast George.
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



Trump-liðar voru snöggir að sverja Papadopoulos af sér. „Fáir þekktu þennan unga, lágt setta sjálfboðaliða sem kallast George. Það hefur nú þegar komið í ljós að hann er lygari. Skoðið DEMÓKRATA,“ tísti forsetinn til að mynda.

Sarah Huckabee Sanders, fjölmiðlafulltrúi forseta, sagði á mánudag að Papadopoulos hefði ekki verið neitt meira en sjálfboðaliði.

CNN greinir frá því að sjálfboðaliðastaða hans sé ekki óvenjuleg og að margir áhrifamenn innan framboðsins hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu sína. Þá skipti það engu máli fyrir rannsókn Muellers.

Rannsóknin á Rússatengslunum og afskiptunum er umfangsmikil. Fulltrúar Facebook koma senn fyrir upplýsingamálanefnd öldungadeildar þingsins til að ræða notkun Rússa á Facebook í aðdraganda kosninganna. Í gögnum sem samfélagsmiðillinn birti í gær sést að 126 milljónir Bandaríkjamanna hafi séð færslur rússneskra málafylgjumanna á tímalínum sínum. – þea

TUDOR RAFGEYMAR
Er jeppinn tilbúinn í ferðalagið?
TUDOR High Tech rafgeymar.
95 Ah, 800 Amper, öruggt start.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.
Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

FJÁRÖFLUN
fyrir félög og hópa
Frábært úrval pakka sem innihalda jólapappír og skraut
Margir möguleikar - hafið samband
Heildsöludreifing
DANCO
www.danco.is

norðanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!
Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!
www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is




# Vinkvennakvöld Garðheima

*...forleikur að jólunum*

Miðvikudaginn 1. nóvember verður vinkvennakvennakvöld Garðheima haldið hátíðlegt. Þá fara Garðheimar í sinn sparilegasta búning og fagna aðdraganda jólanna með öllum vinkonum sínum. Notaleg og skemmtileg stemning verður allsráðandi um kvöldið. Villi tekur við veislustjórninni kl 19 og leiðir okkur í gegnum kvöldið með sínum einstaka sjarma og húmor. Þá fáum við að fylgjast með stílistum, hönnuðum og blómaskreytum gefa okkur fjölda skemmtilegra hugmynda til að fegra heimilið. Dagskrá lýkur klukkan 21 en verslunin er opin til klukkan 22.

## MIÐVIKUDAGINN 1. NÓVEMBER FRÁ 19:00 TIL 21:00

- Glæsileg tískusýning á Volcano og KristaDesign frá **Systur og makar**
- **Hafliði Ragnars** kynnir sitt himneska súkkulaði.
- Íslenskir hönnuðir kynna nýjungar í sínum línum: **Sveinbjörg, Ihanna, Hekla, Reykjavík Letterpress og Fabia**
- Sælkera-matvörukynning frá **Stonewall Kitchen** og krydd frá **Nicolas Vahe**
- Ava aldinvatn, Sommersby og Baileys frá **Ölgerðinni**
- Kynning á hátíðarvínum frá **Mekka**
- **Lindor** kúlur, **Nóa Siríus** súkkulaði og hnetunammi frá **This is nuts**
- Sýnikennsla í gerð aðventuskreytinga, hurðakransa, ljósaskreytinga, mosabolta og ýmislegt fleira spennandi.



KYNNIR KVÖLDSINS - VILLI



HAFLIÐI RAGNARS - SÚKKULAÐIMEISTARI

## BJÓÐDU VINKONU ÞINNI MEÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ OKKUR!

spíran.

**Tilboð - 2 fyrir 1**
af sérstökum vinkvennamatseðli á Spírunni
Val um: Kjúklingasalat, salat með confit önd, eða vegansalat með baunabollum. Súpa, brauð og hummus fylgir með.

## LUKKUPOTTURINN

Glæsilegir vinningar dregnir út allt kvöldið - svo sem:

- Gisting fyrir tvo á **Grand Hotel**
- Jólabrunch fyrir tvo á **Grand Hotel**
- Brunch hlaðborð fyrir tvo á **Spírunni**
- Gjafir frá **íslenskum hönnuðum**
- Glaðningar frá **Garðheimum**

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Á götunni



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Flestir Íslendingar telja að okkur beri sameiginleg og siðferðileg skylda til þess að gæta hver annars. Sinna heilbrigði borgaranna og félagslegri velferð þannig að hver og einn megi lifa mannsæmandi lífi. Við erum kannski ekki öll á sama máli um það hvað telst vera mannsæmandi líf og hversu mikla ábyrgð einstaklingarnir eiga að bera á sínu lífi. En það breytir því ekki að við hljótum að geta sammælst um að það á enginn að þurfa að vera á götunni á Íslandi. Að við eigum öll að geta átt okkur athvarf þar sem við getum hallað höfði í skjóli fyrir veðri og vindum, fengið næringu, þrifið af okkur larfana, notið samvista við aðrar manneskjur og notið einhvers konar lágmarks heilbrigðisþjónustu.

Þrátt fyrir þetta stöndum við frammi fyrir því að fjöldi samborgara okkar er á götunni. Á mánudaginn birti velferðarsvið Reykjavíkurborgar skýrslu þar sem kemur fram að heimilislausum og þeim sem eru utangarðs í samfélaginu hefur fjölgað um 95% í borginni frá árinu 2012. Flestir þessara einstaklinga eru í áfengis- og vímuefnaneyslu en um 40% lifa við geðrænan vanda. Allt þarf þetta fólk á okkur hinum að halda til þess að eiga kost á mannsæmandi lífi.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, sagði í viðtali við RÚV að þessi mikla fjölgun á einstaklingum sem eru í svo alvarlegum vanda komi ekki á óvart. Það eitt og sér er áfellisdómur yfir okkur sem samfélagi og sem ábyrgir einstaklingar hljótum við öll að vilja að þetta verði fært hið fyrsta til betri vegar. Engum er sómi að því að benda annað og fara undan í flæmingi því geðheilbrigðis-, áfengis- og vímuefnavandamál eru heilbrigðisvandamál en húsnæðismálin á vegum sveitarfélaganna. Hér er því á ferðinni sameiginlegur vandi tveggja kerfa, eins og Anna Gunnhildur bendir á, en það forðar engum frá ábyrgð.

Þessi ábyrgð er ríkisins og allra sveitarfélaganna en ekki einvörðungu Reykjavíkur vegna þess að einstaklingarnir koma víða að. Það er ekki þannig að aðeins fólk sem er borið og barnfætt í Reykjavík lendi í þessum aðstæðum og það er ekki þannig að sveitarfélög geti verið stikkfrí við þessar aðstæður. Félagsleg velferð markast ekki af götumerkingum eða gömlum bæjarlækjum heldur er hún á vegum þjóðarinnar og þar með hvers einasta sveitarfélags.

Ríkisvaldið og sveitarfélögin á landinu hljóta því að koma að þessum brýna vanda og það strax. Það er reyndar umhugsunarefni hvort það geti verið að fordómar samfélagsins í garð þeirra sem glíma við geðræn vandamál sem og áfengis- og vímuefnaneyslu ráði því hversu seinlega gengur að grípa til sameiginlegra aðgerða. Erum við raunverulega svo skammt á veg komin í geðheilbrigðismálum, meðferðarúrræðum og félagslegum aðgerðum að við lítum á umrædda einstaklinga sem afgangsstærð? Að við lítum á þessa sjúkdóma sem val þeirra sem fyrir þeim verða? Þannig er það nefnilega ekki svo það sé sagt. Og hjá ríkri þjóð sem telur sig búa við velferð á enginn að þurfa að búa á götunni. Aldrei og án undantekninga.

**Félagsleg velferð markast ekki af götumerkingum eða gömlum bæjarlækjum heldur er hún á vegum þjóðarinnar og þar með hvers einasta sveitarfélags.**

## Halldór




Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum




Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.

Dreifing:
Ýmus ehf. - Sími 5331700
Dalbrekku 2, 200 Kópavogur
ymus@ymus.is - www.ymus.is

## Frá degi til dags

**Tjaldað við kjarnorkuver**
**Óttarr Proppé og Benedikt Jóhannesson gengu bjartsýnir til ríkisstjórnarsamstarfs við Bjarna Ben í október í fyrra. Tólf mánuðum síðar eru báðir horfnir af þingi og stjórnmálaflokksformenn. Annar fékk sem fjármálaráðherra ríflega tvö hundruð atkvæði samtals í Norðausturkjördæmi og hinn horfði á flokk sinn fá 1,2% fylgi á landsvísu. Allt þetta fær mann til að hugsa um stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn í öðru ljósi en fyrr. Það rifjast upp ummæli Róberts Marshall sem sagði að stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum væri eins og að tjalda við hliðina á kjarnorkuveri.**

**Reynsla Samfylkingarinnar**
**Samfylkingin hefur reyndar reynslu af því að græða þingmenn eftir samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Flokkurinn hóf ríkisstjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn eftir alþingiskosningar 2007 með 18 þingmenn. Á þeirri vakt varð efnahagshrun og eftir það var kosið að nýju vorið 2009. Í þeim kosningum vann Samfylkingin kosningasigur, bætti við sig tveimur þingmönnum og fékk 20 þingmenn kjörna. Í kosningum eftir fjögurra ára stjórnarsamstarf með VG fékk Samfylkingin síðan kjörna níu þingmenn og hefur ekki náð fyrri siglingu eftir það.** jonhakon@frettabladid.is

# Kærar þakkir



Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Nýliðin kosningabarátta var stutt og snörp sem var að mörgu leyti mjög gott. Baráttan var gefandi og skemmtileg allt fram á síðustu stundu. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir þann stuðning og traust sem kjósendur hafa sýnt okkar öflugu frambjóðendum. Á bak við slíkan sigur liggur ómæld og óeigingjörn vinna frá sterku baklandi sem vann nótt sem dag að því að styrkja og treysta kjarnann. Á brattann var að sækja allt fram á síðustu stundu en ómetanleg er sú mikla samstaða sem varð til meðal okkar, alls staðar á landinu. Það er ekki sjálfgefið að slík samvinna og samkennd verði til á svona skömmum tíma.

**Uppbygging er hafin**
Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu fram óeigingjarna vinnu og settu svip sinn á kosningabaráttuna, en hún var fyrsta skrefið í þeirri uppbyggingu sem fram undan er hjá flokknum. Hvort sem verkefnin voru að hringja og tala við fólk, skipuleggja og taka þátt í viðburðum, taka á móti fólki á kosningaskrifstofunni eða baka kökur, þá er hvert og eitt þeirra mikilvægt og styrkir liðsheildina.

Þá vil ég þakka fyrir góðar móttökur frá öllum þeim sem tóku á móti okkar frambjóðendum og sýndu málefnum okkar áhuga.

Það var einkar ánægjulegt að sjá hve mikið af nýju og kraftmiklu fólki bættist við í okkar góða hóp, sérstaklega ungt fólk. Því vil ég þakka skýrri málefnalegri sýn.

Ganga þarf rösklega til verks. Leysa þarf húsnæðismálin fyrir unga jafnt sem aldna, efla heilbrigðismálin, menntamálin og samgöngur vítt og breitt um landið. Við munum fylgja málefnum okkar eftir af miklum krafti og leggja okkar af mörkum til stöðugs stjórnarfars og bættra lífskjara um allt land.

Samhliða málefnalegum áherslum þá er krafa kjósenda okkar um að stjórnmálamenn axli meiri ábyrgð. Menn þurfa að þora að treysta, finna leiðir í erfiðum málum og vinna saman af heiðarleika. Hlutverk okkar stjórnmálamanna er jafnframt að hlusta, skilja og virða. Þannig öðlumst við traust. Getum við ekki öll verið sammála um það?

**Menn þurfa að þora að treysta, finna leiðir í erfiðum málum og vinna saman af heiðarleika.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Dagsgamalt barn á flótta – Neyðarsöfnun Rauða krossins



**Atli Viðar Thorstensen**
sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs Rauða krossins á Íslandi

Í flóttamannabúðum í Bangladess eru átta sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi að hjálpa flóttafólki frá Mjanmar. Þeir eru hluti af miklu stærri hópi starfsmanna og sjálfboðaliða Rauða krossins sem með samhentu átaki og aðgerðum hjúkrar og hjálpar þúsundum barna, kvenna og karla á hverjum einasta degi.

Á skömmum tíma hafa yfir 600 þúsund manns orðið að flýja heimaland sitt Mjanmar yfir til nágrannaríkisins Bangladess, eins fátækasta ríkis heims. Meðal þeirra var Naimullah og fjölskylda hans. Saga þeirra er átakanleg en því miður ekki einstök. Á Íslandi fæðast að jafnaði tólf börn á dag en sama dag og Naimullah varð að flýja með fjölskyldu sína fæddi kona hans, Johora, sitt fimmta barn. Örfáum klukkustundum síðar voru þau lögð á flótta. Litla barnið, flóttabarnið, sem strax fékk nafnið Nursahera var borið í faðmi foreldra sinna sem gengu í heila tíu daga áður en þau náðu í örugga höfn í Bangladess. Og reyndar er um helmingur flóttafólksins börn, næstum jafn mikill fjöldi og byggir Ísland allt!

Rauðakrosshreyfingin hefur lagt nótt við nýtan dag við að aðstoða flóttafólkið á ýmsan hátt og meðal annars með því að veita lífsbjargandi heilbrigðisaðstoð. Hjálparstarf Rauða krossins hefur aukist með auknum fjölda flóttafólks og hefur Rauði krossinn á Íslandi verið virkur þátttakandi í því nánast frá upphafi. Framlag okkar á Íslandi skiptir máli líkt og störf sendifulltrúa okkar bera svo glöggt merki. Það er fyrir tilstilli Mannvina og annarra stuðningsaðila sem það var hægt.

En nú, þegar umfangið er orðið svona mikið, þarf að gera meira og þess vegna hefur Rauði krossinn hafið neyðarsöfnun til að veita áfram lífsbjargandi hjálp. Þú getur hjálpað með því að senda sms í númerið 1900 og veita þannig 1900 krónur til hjálparstarfa Rauða krossins.

Gefum Lilju Óskarsdóttur sendifulltrúa orðið þar sem hún lýsti aðstæðum nærri landamærum Mjanmar og Bangladess sem lýsir raunum flóttafólks á borð við Nursahera litlu og foreldra hennar: „Konur báru yngstu börnin. Flestir gengu berfættir. Ég táraðist þegar ég horfði á röðina líða rólega hjá, fólk sem ekkert á og hvergi á heima. Í hvíldarbúðunum var hlúð að fólkinu, sumir voru skinnlausir á fótunum með flakandi sár eftir langa göngu. Allir þjáðir af hungri og vökvaskorti. Tveir litlir drengir vonuðust til að finna ömmu sína. Bróðir þeirra og foreldrar höfðu verið drepin.“

Með þínum stuðningi áformar Rauði krossinn stuðning við um 200 þúsund manns. Og hvert framlag skiptir máli.

# Góðar fréttir



**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Í upphafi þessa árs lagði Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi utanríkisráðherra, til við Norrænu ráðherranefndina að fylgja eftir tilvísunum í taugakerfið í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna áranna 2015-2030 og láta greina og samkeyra gagnabanka á norrænu taugavísindasviði með gervigreind. Markmiðið væri að leita að sameiginlegu mynstri í innihaldi bankanna sem hjálpað gæti læknavísindunum að skilja betur hvernig taugakerfið starfar og komast með því nær lækningu.

Tillögu Lilju var vel tekið hjá ráðherranefndinni og leitaði nefndin eftir áliti NordForsk sem fjármagnar og liðkar fyrir norrænu samstarfi á sviði rannsókna og rannsóknarinnviða. Álit framkvæmdastjóra NordForsk barst fyrir skömmu og þar kemur fram að stofnunin telji mjög mikilvægt að efla norrænt samstarf á sviði taugaskaða og sjúkdóma og með pólitísku átaki á því sviði ætti að vera hægt að hrinda umræddri tillögu tiltölulega fljótt í framkvæmd. Nú ríður á að íslenskir embættismenn, þingmenn og ráðherrar haldi málinu á lofti á norrænum vettvangi.

Ástæða þess að Lilja lagði fram tillöguna var að Ísland náði ofangreindri tilvísun í taugakerfið inn í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna árið 2015 eftir mikla vinnu margra Íslendinga. Með því var hún að freista þess að afla stuðnings Norðurlandaþjóðanna við taugakerfið og festa það þar með í sessi hjá Sameinuðu þjóðunum sem eitt af þeim málum sem heimurinn þarf að taka á.

Eins og fólk veit gengur erfiðlega að finna lækningu við skemmdum í taugakerfinu þrátt fyrir að mikið sé rannsakað. Heimurinn er fullur af gömlum og nýjum rannsóknum sem þarf að skoða í stóra samhenginu. Þess vegna þarf að nálgast taugakerfið á breiðari grundvelli en verið hefur og nýta til þess hina nýju gervigreind. Vonandi bera Norðurlönd gæfu til að ríða á vaðið og styðja þar með að stórstígum framförum á taugavísindasviði.





MIÐNÆTUROPNUN
SKUGGALEGA GÓÐ TILBOÐ OG STEMNING
OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD

# SMÁRALIND

**Joe & The Juice**
30%
afsláttur af Combo
(samloka + djús)

**SIX**
3 FYRIR 2
af öllum vörum

**The Body Shop**
25%
afsláttur af verði
allra vörutegunda

**Optical Studio**
25%
afsláttur af öllum vörum
Gildir ekki af tilboðsvörum

**MODUS hár og snyrtistofa**
25%
afsláttur af öllum
vörum í verslun
30%
afsláttur Nioxin og Hairburst

**Smáratívolí**
25%
afsláttur af 1 klst.
tímakortum

**CINTAMANI**
25%
afsláttur af öllum vörum

**Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**XL Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**Epli**
25%
afsláttur af öllum
Scullcandy vörum

**LEGO Legóbúðin**
25%
afsláttur af Air Race Jet Technic
og Nexo Night línunni

**iglo+indi**
1 flík 20% afsláttur
2 flíkur 25% afsláttur
3+ flíkur 30% afsláttur

**MOA**
20%
afsláttur ef keyptir eru 2 hlutir
30%
afsláttur ef keyptir eru 3 hlutir

**Penninn Eymundsson**
20%
vildarafsláttur af öllum vörum

**Jens**
20%
afsláttur silfur og stál
skartgripum ásamt fleiri
góðum tilboðum

**A4**
20%
afsláttur af af öllum vörum
Gildir ekki af öðrum tilboðum

**Panduro Hobby**
20%
afsláttur af af öllum vörum
Gildir ekki af öðrum tilboðum

**Levi's**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Jón & Óskar**
20%
afsláttur af öllum vörum
nema 10% afsláttur
af trúlofunarhringum

**ÚTILÍF**
20%
afsláttur af öllum vörum
og fleiri spennandi tilboð

**Drangey**
20%
afsláttur af öllum vörum

**LINDEX**
20%
afsláttur af öllum vörum

**ESPRIT**
20%
afsláttur af öllum vörum

**DÚKA**
20%
afsláttur af öllum vörum

**herra GARÐURINN –klæðir þig vel**
20%
afsláttur af öllum vörum

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| comma, 20% afsláttur af öllum vörum | galleri sautján 20% afsláttur af öllum vörum | KARAKTER KONUR 20% afsláttur af öllum vörum | gs skór 20% afsláttur af öllum vörum | SPRINGFIELD 20% afsláttur af öllum vörum |
| local 20% afsláttur af öllu | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN 20% afsláttur af öllum vörum | SKECHERS 20% afsláttur af öllum vörum | Kaupfélagið 20% afsláttur af öllum vörum | AIR 20% afsláttur af öllum vörum |
| vodafone 20% afsláttur af öllum símahulstrum og PopSocket 15% afsláttur af öllum heyrnatólum | XO FUN · FAST · FUSION 20% afsláttur af öllum flatbökum | World Class ICELAND 20% afsláttur af Laugar Spa Face Serum | LYFJA 20% afsláttur af ilmum, snyrtivörum, húðvörum og sokkabuxum | DÝRABÆR 20% afsláttur af flestum vörum |
| BOSSANOVA 15% afsláttur af öllum skóm | Líf&List SMÁRALIND LÍF OG LIST 15 ÁRA 15% afsláttur af öllum vörum og ótal frábær tilboð | Superdry. 10% afsláttur af öllum vörum | CAFÉADESSO 1.890 KR. Mexico kjúklingasalat | serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX 1.399 KR. BBQ Burrito eða BBQ Quesadilla og Kristall |
| Síminn 5.000-50.000 kr. afsláttur af iPad Pro, Iphone 7, Google Pixel og Soundboks | HAGKAUP Skemmtilegast að versla TAX FREE af allri snyrtivöru 20% afsláttur öllum F&F vörum og útivistarfatnaði | MAC TAX FREE af öllum vörum nema Viva Glam | Hlölla bátar 990 KR. 9" bátur að eigin vali og gos 1.290 KR. 12" bátur að eigin vali og gos | 66° NORTH AFSLÁTTUR af völdum vörum |

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# SMÁRALIND

CORTEFIEL
20%
afsláttur af öllum vörum

women'secret
PRETTY COMFORTABLE & SEXY
20%
afsláttur af öllum vörum

meba
20%
afsláttur af öllum vörum

PANDORA
20%
afsláttur af öllum vörum

TE & KAFFI
20%
afsláttur af öllum vetrardrykkjum

skórnir þínir
20%
afsláttur af öllum skóm

Blekhylki.is
20%
afsláttur af öllum símaveskjum

BJARKARBLÓM
20%–50%
afsláttur af blómum og gjafavöru

MAKE UP STORE
20%
afsláttur af öllum vörum

CORNER
20%
afsláttur af öllum vörum

name it
15%
afsláttur af öllum vörum nema jólavöru

VERO MODA
15%
afsláttur af öllum vörum

JACK & JONES
15%
afsláttur af öllum vörum

VILA CLOTHES
15%
afsláttur af öllum vörum

SELECTED FEMME / HOMME
15%
afsláttur af öllum vörum

## FRÁBÆR DAGSKRÁ FRÁ KL. 16

**Líf og fjör** fyrir alla fjölskylduna. **Piparkökumálun** í boði Kötlu á milli kl. 16 og 19. **Andlitsmálning** fyrir börnin og **blöðrulistamenn** gefa blöðrur á milli kl. 17 og 19.

**Ballettinn Þyrnirós kl. 17,** dansatriði frá Klassíska listdansskólanum. Taktu þátt í leik og þú gætir átt möguleika á að vinna tvo miða á Þyrnirós í Hörpu.

**Regína Ósk og Eyþór Ingi** stíga á svið **kl. 21** og **Stebbi Jak og Andri Ívars** taka föstudagslögin.

**Sirkus Íslands** verður á ferðinni, **sælkerasmakk** um allt hús og skuggalega flottar **kynningar**.



OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Sjálfbærni og fjölskyldan



**Sveinn Margeirsson**
forstjóri Matís



**Rakel Halldórsdóttir**
annar stofnenda Frú Laugu bændamarkaðar, stjórnarmaður SLOW FOOD Reykjavík og ráðgjafi hjá Matís



**Páll Gunnar Pálsson**
sérfræðingur hjá Matís

Sjálfbærni er hugtak sem er mikið í umræðunni um þessar mundir. Hugtakið sjálfbærni og sú hugsun sem það felur í sér er fremur nýtt af nálinni sem meðvituð skilgreining og markmið, þó samfélög hafi í raun framan af og ef til vill allt til iðnvæðingar fylgt þeirri hugsun sem eðlilegum, náttúrulegum og sjálfsögðum grunni samfélags.

Bændur í gegnum aldirnar hafa til að mynda yrkt jörðina með því sjónarmiði að taka beri tillit til náttúrunnar og ekki megi ganga svo á hana að möguleikar til áframhaldandi yrkju verði skertir, enda myndi það setja lífsviðurværi og möguleika þeirra sjálfra til afkomu í hættu.

Sjálfbærni vísar einmitt til þessa, þess að auðlindir jarðar sem samfélagið nýtir sér til næringar og framdráttar, og eru meðal annars grunnur efnahagslegs öryggis og möguleika til framþróunar, séu meðhöndlaðar á þann hátt að framtíð þeirra og möguleikar til áframhaldandi tilurðar og uppsprettu sé tryggt.

Í dag er það almennt viðhorf að ágangur manna á auðlindir jarðar sé of mikill og takmarki þar með og hafi neikvæð áhrif á bæði framtíð jarðar og mannkyns. Þessi ágangur hefur fyrst og fremst orðið til við iðnvæðingu og vegna þeirra gróðasjónarmiða sem eru ríkjandi í nýtingu auðlinda, fremur en sjálfbærnisjónarmið, virðing og vernd. Í dag er talið augljóst að afar brýnt sé að bregðast við þessari þróun og snúa henni til betri vegar og meiri sjálfbærni, með framtíð jarðar, auðlinda og lífs, þar á meðal mannkyns, í huga.

**Sjálfbærnimarkmið/ heimsmarkið SÞ**

Sjálfbærnimarkmið eða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, SÞ, voru sett árið 2015 til næstu 15 ára á eftir og eru 17 talsins. Þau eiga að enda fátækt, vernda jörðina og tryggja velferð og framtíð fyrir alla:

Nánari útskýringu á markmiðunum má finna á www.un.is, en 6 fyrstu markmiðin eru útskýrð á eftirfarandi hátt:

1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar
2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði
3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla á öllum aldri
4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að símenntun fyrir alla
5. Tryggja jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt allra kvenna og stúlkna
6. Tryggja aðgengi, og sjálfbæra nýtingu, allra að hreinu vatni og salernisaðstöðu

Parísarsamkomulagið frá 12. desember 2015, innan Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem tekur á aðgerðum sem hafa það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun og fjármögnun, frá árinu 2020, fellur að Sjálfbærni-/ heimsmarkmiðunum.

**Grunneining samfélagsins, fjölskyldan, getur til að mynda lifað samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum með ýmsum leiðum, svo sem með flokkun úrgangs, með vistvænum samgöngum, og ekki síst með meðvitaðri neyslu sem byggir á hugsun um sjálfbærni, endurnýtingu og vistvænar aðferðir.**

**Þáttur fjölskyldunnar**

Í dag er talið mikilvægt að allar einingar samfélagsins, stórar sem smáar, lifi samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum. Grunneining samfélagsins, fjölskyldan, getur til að mynda lifað samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum með ýmsum leiðum, svo sem með flokkun úrgangs, með vistvænum samgöngum, og ekki síst með meðvitaðri neyslu sem byggir á hugsun um sjálfbærni, endurnýtingu og vistvænar aðferðir.

Með því að velja staðbundna framleiðslu, þar sem vistvænar aðferðir og sjálfbær hugsun er viðhöfð leggur fjölskyldan sitt af mörkum til sjálfbærari jarðar, með því að styðja við sjálfbært samfélag og minnka um leið kolefnissporið, eða þá mengun sem langur flutningur neysluvörunnar veldur. Aðrar stofnanir samfélagsins, bæði á einka- og opinbera sviðinu, gegna allar mikilvægu hlutverki í aukinni virkni samfélags í átt að sjálfbærni. Við val á matvælum, neyslu og lifnaðarháttum getur þó grunneining samfélagsins, fjölskyldan, haft gífurleg samlegðaráhrif í átt að sjálfbæru samfélagi og sjálfbærri jörð. Sjálfbær jörð byrjar í raun á neytandanum, á fjölskyldunni.

*Greinin er fyrsti hluti greinaraðarinnar Sjálfbært Ísland – sjálfbær jörð.*

#farasparabara
440 4000
Peysa eða reisa?
@islandsbanki
Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.
**íslandsbanki.is/farasparabara**
íslandsbanki.is

# Kostnaðarsamur og hættulegur gjaldmiðill



**Baldur Pétursson**
fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu

Þann 21. október var fyrirsögn leiðara Fréttablaðsins – „Ryk í augu kjósenda“. Þar segir ritstjóri Fréttablaðsins Kristín Þorsteinsdóttir: „Ástæða fyrir háum vöxtum hér á landi er krónan, og sú staðreynd að viðskipti í krónum fela í sér meiri áhættu og þar af leiðandi hærri verðmiða en viðskipti með myntir flestra landa sem við erum samferða í veröldinni.“... „Þjóðmálaumræða hér á landi, og að því er virðist sérstaklega fyrir þessar kosningar, einkennist því miður of oft af innihaldslausum klisjum án þess að hugsað sé á nokkurn hátt um útfærsluna.“

Sé þetta raunveruleg staða umræðna um stærsta hagsmunamál landsins, gjaldmiðilinn, er kostnaður og áhætta krónunnar mjög vanmetin, sem mun leiða til nýrra áfalla.

**Krónan allt of lítill gjaldmiðill**

Helsti lærdómurinn frá hruninu 2008, er að krónan er allt of kostnaðarsöm og hættuleg, vegna smæðar sinnar og hagkerfisins, þar sem einungis margfalt stærri gjaldmiðlar standast gríðarstóra fjármagnsflutninga, álag og hættur óvæntra atburða, sem örgjaldmiðlar eins og krónan eiga enga möguleika á að standast. Þess vegna hrundi krónan 2008, þar sem gjaldeyrisforðinn þurrkaðist upp á afar skömmum tíma vegna utanaðkomandi og innri áfalla.

Rudi Dornbusch, hagfræðiprófessor hjá MIT, hafði m.a. varað við slíkum aðstæðum eftir Asíukreppuna og sagði að fjármagnsflótti gæti þurrkað upp gjaldeyrisforða og valdið hruni gjaldmiðilsins á augabragði, en þar var hann að fjalla um stór lönd. Slík áhætta er því margföld hjá örgjaldmiðli, eins og sannaðist í hruni krónunnar 2008. Undirritaður tók einnig þátt í 7 skýrslum, á Íslandi á árunum 2004-2006, þar sem m.a. var varað við miklum kostnaði og áhættu krónunnar fyrir fasteignamarkaðinn, fjármálamarkaðinn, atvinnulífið og heimilin. Ég kom einnig að mörgum verkefnum og björgun banka og landa í starfi innan EBRD, systurstofnunar Alþjóðabankans, fyrir og eftir fjármálahrunið 2008, en þar var litlum löndum (mun stærri en Ísland) ráðlagt að færa sig í stærri og öruggari gjaldmiðla eins og evruna eins fljótt og hægt væri, en þeim sem enn höfðu litla gjaldmiðla var veitt aðstoð.

**Kostnaður og áhætta krónunnar mikil**

1. Vegna a.m.k. 3% hærri raunvaxta krónunnar en innan evrunnar, kostar hún árlega aukalega heimilin 60 milljarða, atvinnulífið 75 ma. ríkið um 35 ma. og sveitarfélög um 8 ma. Þá er ótalinn margvíslegur annar kostnaður krónunnar. Slíkur kostnaður gjaldmiðils er einsdæmi á Vesturlöndum og dregur lífskjör verulega niður.
2. Kostnaður krónunnar veldur kerfisbundinni aukinni stéttaskiptingu, þar sem tugir milljarða eru millifærðir í formi hærri vaxta, frá lántakendum og lágtekjufólki til lánveitenda og hátekjufólks umfram það sem er innan evrunnar.

**Helsti lærdómurinn frá hruninu 2008, er að krónan er allt of kostnaðarsöm og hættuleg, vegna smæðar sinnar og hagkerfisins, þar sem einungis margfalt stærri gjaldmiðlar standast gríðarstóra fjármagnsflutninga, álag og hættur óvæntra atburða, sem örgjaldmiðlar eins og krónan eiga enga möguleika á að standast.**

3. Að meðaltali borgar einstaklingur a.m.k. eina til tvær íbúðir á Íslandi umfram aðila innan evrunnar vegna hærri vaxta. Kosti íbúðin 30 milljónir, borgar aðili á Íslandi 30-60 milljónum meira en aðili innan evrunnar, sem er jafngildir 6-12 ára vinnu.
4. Hrun krónunnar 2008 olli tjóni á efnahag fyrirtækja og einstaklinga, sem engin fordæmi eru fyrir á Vesturlöndum. 65% fyrirtækja landsins urðu gjaldþrota, skuldir tugþúsunda heimila stökkbreyttust og eignir þurrkuðust út, tjón opinberra aðila var verulegt og lífeyrissjóðir töpuðu tugum milljarða. Sumir misstu allt og munu aldrei ná sér aftur. Þetta getur gerst aftur á meðan krónan er til staðar.
5. Krónan átti stærstan þátt í hruninu á Íslandi 2008, sem sjá má af samanburði á Írlandi og Íslandi þar sem bankamenn í báðum löndum gerðu mikil mistök, en engin stökkbreyting lána varð á Írlandi eins og á Íslandi og áður er lýst sem var aðalástæða hrunsins á Íslandi.
6. Ferðaþjónusta, stærsta atvinnugrein landsins, er afar viðkvæm fyrir, öllum innri sem ytri áföllum og mun því auka áhættu krónunnar og þjóðarinnar.
7. Bankakerfið er nær allt komið í fang ríkisins (þjóðarinnar) sem gerir eigendaáhættu mikla.
8. Síðan 1950 hefur orðið reglulega mikið gengisfall á 5-10 ára fresti, sú þróun heldur áfram.

**Stærri gjaldmiðill, minni kostnaður og aukið sjálfstæði**

Stærsta áhætta krónunnar frá 2008, er smæðin, sem er enn til staðar og ekki er hægt að lækna nema taka upp stærri gjaldmiðil, auk þess sem aðrir áhættuþættir hafa aukist, sem eykur líkur á nýju hruni. Að komast hjá nýju hruni er einungis mögulegt með því að klára samninga við ESB sem byrjað var á 2009, og fá aðild að ERM II (myntráði) og síðar upptöku evru, sem myndi lækka vaxtakostnað og áhættu gjaldmiðilsins verulega. Þar sem Ísland er nú 100% innan ESB á innri markaðnum innan EES, hefur landið í raun verið aðili að ESB í 23 ár eða síðan 1994, sem allir eru sáttir við, sem á sama tíma hefur verið ein meginforsenda hagvaxtar og bættra lífskjara. Með aðild myndi Íslandi auk þess fá aukin áhrif á stjórnkerfi ESB og þá lagasetningu sem landið tekur upp hvort sem er, sem auka myndi áhrif og sjálfstæði landsins.

Mikilvægt er að upplýsa fólk um þessi mál og ná samstöðu, vegna mikils kostnaðar og áhættu sem stafar af krónunni sem örgjaldmiðli og til að tryggja þjóðinni öryggi, hagsæld, samkeppnishæf lífskjör og velferð til framtíðar.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. nóvember 2017 — 40. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







## Ekki valkostur að breytast ekki

Tekjur af viðskiptabankastarfsemi banka gætu dregist saman um allt að fjórðung vegna nýrrar reglugerðar um greiðsluþjónustu og örrar þróunar stafrænnar tækni. Bankarnir verða að bregðast við ætli þeir sér ekki að verða undir í samkeppni við ört vaxandi tæknifyrirtæki. »6-7





»3

### Félag varaformanns stjórnar selur allt í Kviku

Fjárfestingafélagið Varða Capital hefur selt 7,7 prósenta hlut í fjárfestingabankanum. Jónas Hagan, einn eigenda félagsins, tók við sem varaformaður stjórnar í mars.

»4

### Setja um 2,2 milljarða í rafmyntarnámu

Eigendur námu þar sem grafið er eftir Bitcoin og Ether juku fyrr í mánuðinum hlutafé íslensks einkahlutafélags um 2,2 milljarða. Starfsemin á Fitjum í Reykjanesbæ hefur vaxið hratt síðustu ár.

»10

### Hversu mikið eiga lífeyrissjóðirnir af innlendum hlutabréfum?

„Innlend hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna mun lækka um 50 milljarða þegar bréf Össurar verða afskráð af íslenska markaðnum, og ef Marel færi sömu leið myndu 85 milljarðar í viðbót flokkast sem erlend hlutabréfaeign," segir í grein Jóhanns Gísla Jóhannessonar, sjóðsstjóra hlutabréfa GAMMA.




## Helgi hagnast um 337 milljónir

Afkoma þriggja félaga Helga Magnússonar fjárfestis versnaði nokkuð í fyrra og nam samanlagður hagnaður þeirra 337 milljónum króna. Til samanburðar högnuðust félög hans samanlagt um 838 milljónir króna árið 2015.

Helgi á tvö félög, Hofgarða og Varðberg, að öllu leyti en eignarhlutur hans í Eignarhaldsfélagi Hörpu nemur um 56 prósentum.

Félögin fjárfesta aðallega í skráðum hlutabréfum, en í gegnum þau er Helgi stór hluthafi í til dæmis N1, Nýherja, Marel og Bláa lóninu.

Heildareignir félaganna þriggja námu liðlega 2,7 milljörðum króna í lok síðasta árs en skuldir voru um 750 milljónir. Bókfært eigið fé var því jákvætt um rúmlega 1,9 milljarða króna.
– kij

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



ÖFLUGT FLUTNINGANET
UM LAND ALLT
EIMSKIP

# Með 400 milljónir í fasteignaverkefni

**Fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar á 400 milljóna króna hlut í móðurfélagi Ásbrúar ehf. sem á fjölda íbúða og eigna á gamla varnarliðssvæðinu á Reykjanesi. Ásbrú ehf. keypti eignir af Kadeco fyrir fimm milljarða í lok síðasta árs.**


**Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, hefur lokið við að selja næstum allar eignir sem félagið fékk til umsýslu á Ásbrú árið 2006.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ursus, fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar, á 400 milljóna króna hlut í móðurfélagi Ásbrúar ehf. sem selur nú íbúðir á gamla varnarliðssvæðinu á Reykjanesi. Ásbrú ehf. keypti 462 íbúðir sem og atvinnuhúsnæði, alls tæpa 80 þúsund fermetra, af Kadeco, Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, fyrir fimm milljarða króna í desember á síðasta ári.

Fram kemur í ársreikningi Ursus fyrir síðasta ár að félagið eigi hlut í einkahlutafélaginu P190 að virði 400 milljónir króna, en samkvæmt upplýsingum Markaðarins keypti Ursus sig inn í félagið fyrr á þessu ári.

P190 á 90 prósenta hlut í Ásbrú ehf., en fyrrnefnda félagið lánaði því síðarnefnda um 2,3 milljarða króna til þess að fjármagna að hluta til kaupin á eignum Kadeco í lok síðasta árs.

Í ársreikningi P190 fyrir síðasta ár, stofnár félagsins, kemur fram að fjárfestar hafi lagt félaginu til um 2,7 milljarða króna í formi láns. Lauk fjármögnuninni 20. desember 2016, sama dag og tilkynnt var um kaup dótturfélagsins, Ásbrúar ehf., á eignum Kadeco. Lánið var greitt upp í janúar á þessu ári og því breytt í hlutafé í félaginu.

Íbúðirnar sem Ásbrú ehf. keypti af Kadeco í lok síðasta árs voru áður í eigu bandaríska hersins. Þær féllu hins vegar íslenska ríkinu í skaut þegar herinn fór af landi brott um miðjan síðasta áratug. Var sérstakt félag, Kadeco, þá stofnað um eignirnar en undanfarin ár hefur félagið unnið markvisst að því að selja þær. Í lok síðasta árs hafði félagið alls selt um 93 prósent þess húsnæðis sem það fékk til umsýslu árið 2006.


**Heiðar Guðjónsson fjárfestir.**

Árni Geir Magnússon er stjórnarformaður P190, en hann hefur komið að ýmsum fjárfestingum með Björgólfi Thor Björgólfssyni og samstarfsmönnum hans, svo sem Andra Sveinssyni og Birgi Má Ragnarssyni, en þeir standa meðal annars að uppbyggingu nýs hugmyndahúss í Vatnsmýrinni.

Félagið Íslenskar fasteignir á auk þess innan við tíu prósenta hlut í Ásbrú ehf., en eigendur þess eru meðal annars viðskiptafélagarnir Arnar Þórisson og Þórir Kjartansson, Gunnar Thoroddsen, fyrrv. bankastjóri Landsbankans í Lúxemborg, og Sveinn Björnsson, fyrrv. framkvæmdastjóri hjá Novator. – **kij**

Sérfræðiþekking á fjölbreyttum þörfum fyrirtækja

Landsbankinn býður fyrirtækjum alhliða lausnir fyrir fjármál þeirra. Hjá okkur starfa tugir sérfræðinga um land allt sem sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki í öllum helstu greinum atvinnulífsins.



# Félag varaformanns selur allt í Kviku

**Fjárfestingafélagið Varða Capital hefur selt 7,7 prósenta hlut sinn í fjárfestingabankanum. Jónas Hagan, einn eigenda félagsins, tók við sem varaformaður stjórnar í mars. Á meðal kaupenda voru Einar Sveinsson og eigendur heildverslunarinnar Johan Rönning.**

Fjárfestingafélagið Varða Capital, sem er að stærstum hluta í eigu viðskiptafélaganna Jónasar Hagans Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, hefur selt allan hlut sinn í Kviku en félagið var fimmti stærsti hluthafi fjárfestingabankans með 7,7 prósenta eignarhlut. Sala á öllum bréfum félagsins kláraðist í byrjun þessarar viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, en Jónas Hagan hafði tekið við sem varaformaður stjórnar Kviku banka fyrir aðeins sjö mánuðum.

Kaupendur að hlut Vörðu Capital voru meðal annars hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, sem eiga Johan Rönning, í gegnum félagið Sindrandi ehf. sem á núna 2,05 prósenta hlut í Kviku. Þá bætti Einar Sveinsson fjárfestir við sig rúmlega eins prósents hlut í bankanum og á hann núna 2,3 prósent í gegnum eignarhaldsfélagið P126.

Jónas Hagan staðfestir í samtali við Markaðinn að fjárfestingafélagið sé búið að losa um allan hlut sinn í Kviku. Aðspurður segir hann að þeir hafi talið þetta rétta tímann til að selja eftir að hafa náð „frábærri ávöxtun“ á fjárfestingu sína í bankanum. „Við göngum því sáttir frá borði,“ segir Jónas. Varða Capital, sem er auk þeirra Gríms og Jónasar í eigu Bandaríkjamannsins Edwards Schmidt, var í hópi fjárfesta sem keypti 65 prósenta hlut í Straumi fjárfestingabanka sumarið 2014 en ári síðar sameinaðist bankinn MP banka undir nafni Kviku. Fjárfestingafélag þeirra, sem kom meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu, hagnaðist um rúmlega 220 milljónir króna í fyrra.

**700**

**milljónir má áætla að Varða Capital hafi fengið fyrir 7,7% hlut í Kviku miðað við á hvaða gengi bréf hafa verið að ganga kaupum og sölum.**

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bréf í Kviku verið að ganga kaupum og sölum að undanförnu á genginu 6 til 6,3 krónur á hlut. Varða Capital átti tæplega 112 milljónir hluta að nafnverði í bankanum og því má áætla að félagið hafi fengið samtals í kringum 700 milljónir króna fyrir 7,7 prósenta hlut sinn í Kviku.

Miklar breytingar hafa orðið á hlutahafahópi Kviku á undanförnum mánuðum og misserum. Þannig greindi Markaðurinn frá því í byrjun síðasta mánaðar að fjárfestingafélagið Sigla, sem er í eigu Tómasar Kristjánssonar og hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, hefði selt allan hlut sinn í fjárfestingabankanum. Félagið var fyrir söluna einn stærsti hluthafi bankans með tæplega 7,3 prósenta hlut. Á meðal kaupenda að bréfum Siglu var Lífsverk lífeyrissjóður og Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar.

Þá bætti félag sem er í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis við sig tæplega þriggja prósenta hlut í bankanum í júní síðastliðnum með kaupum á hlut Tryggingamiðstöðvarinnar og var eftir kaupin næststærsti hluthafi bankans með 9,93 prósenta hlut. Nokkrum vikum síðar eignaðist Hjörleifur Jakobsson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, ríflega 3,3 prósenta hlut í Kviku. Seljandi bréfanna var eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem var fyrir viðskiptin næststærsti hluthafi bankans með 8,3 prósent.



**Varða Capital átti tæplega 112 milljónir hluta að nafnverði í Kviku og má áætla að félagið hafi fengið í kringum 700 milljónir króna fyrir 7,7 prósenta hlut sinn í fjárfestingabankanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Jónas Hagan Guðmundsson, varaformaður stjórnar Kviku.**


**Grímur Garðarsson, einn eigenda Vörðu.**

Kvika festi sem kunnugt er kaup á öllu hlutafé í Virðingu fyrr á árinu en gert er ráð fyrir að samruni félaganna gangi formlega í gegn fyrir áramót. Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið hafa bæði samþykkt kaup bankans á Virðingu. Í lok september var greint frá því að stjórn Kviku hefði samþykkt að stefna skuli að skráningu hlutabréfa bankans á First North markaðinn í Kauphöllinni fyrir árslok. Hagnaður bankans á fyrstu sex mánuðum þessa árs nam 946 milljónum króna. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 26,2 prósent en eigið fé Kviku var um 8.200 milljónir króna um mitt þetta ár.

Stærstu hluthafar Kviku í dag eru tryggingafélagið VÍS með rúmlega fjórðungshlut, félag í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, sem á 9,93 prósenta hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna með 9,55 prósenta hlut og fjárfestingafélag í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, fjárfestis og stjórnarformanns VÍS, með liðlega átta prósenta hlut.

hordur@frettabladid.is




Í öllum fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta gengið að fjölbreyttum lausnum sem styðja við reksturinn. Við leggjum mikið upp úr persónulegum tengslum og vandaðri þjónustu.

**Vönduð fyrirtækjaþjónusta**

Hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans leggjum við okkur fram við að koma til móts við þarfir fyrirtækja. Við horfum fram á veginn þegar kemur að viðskiptasamböndum og störfum með fyrirtækjum á ólíkum vaxtarskeiðum.

**Öflugar netlausnir**

Netbanki fyrirtækja er upplýsingaveita sem eykur yfirsýn og auðveldar stjórnendum ákvarðanatöku. Við bjóðum upp á greinargóðar innheimtuskýrslur, beintengingu við bókhaldskerfi og kortalausnir sem einfalda innkaup.

**Fjármögnun og eignastýring**

Við bjóðum ýmsar gerðir rekstrarlána, fjármögnum tækjakost, veitum fjárfestingalán og aðstoðum við fjármögnun á verðbréfamarkaði. Við ávöxtum fé og bjóðum virka eignastýringu fyrir eignir fyrirtækisins.

Pantaðu viðtal hjá sérfræðingum okkar í síma 410 5000 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið fyrirtaeki@landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 5000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Setja um 2,2 milljarða í rafmyntanámu

**Eigendur námu þar sem grafið er eftir Bitcoin og Ether juku fyrr í mánuðinum hlutafé íslensks einkahlutafélags, Genesis Mining um, 2,2 milljarða króna. Starfsemin á Fitjum í Reykjanesbæ hefur vaxið hratt síðustu ár og var nýverið seld félagi skráðu í kanadískri kauphöll.**

Hlutafé íslensks einkahlutafélags sem heldur utan um rekstur rafmyntanámu Genesis Mining á Fitjum í Reykjanesbæ var um miðjan október aukið um rúma 2,2 milljarða króna. Þar er grafið eftir gjaldmiðlum á borð við Bitcoin og Ether. Starfsemin á sér einungis um þriggja ára sögu hér á landi og var nýverið seld til samstarfsfyrirtækis Genesis sem er skráð í kanadískri kauphöll.




Starfsemi Genesis Mining, sem Hive Blockchain Technologies hefur keypt, er rekin í gagnaveri Advania á Fitjum í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Byrjuðu 2013

Forsvarsmenn Genesis Mining, sem eins og einn viðmælandi Markaðarins orðaði það, eru Þjóðverjar og frumkvöðlar frá öðrum Evrópulöndum sem byrjuðu á réttum stað og tíma, hófu að grafa eftir Bitcoin hér á landi árið 2014. Fyrirtækið var stofnað ári áður og rekur að þeirra sögn starfsemi í öllum heimsálfum og hefur stækkað mjög hratt. Marco Streng, forstjóri móðurfélagsins Genesis Group, hefur í viðtölum við erlenda fjölmiðla lýst aðdáun sinni á Íslandi og bent á að hér sé ofgnótt vistvænnar raforku. Forstjórinn hefur fullyrt að fyrirtækið kaupi raforku fyrir um eina milljón evra á mánuði, eða jafnvirði 123 milljóna króna, og að hann hafi áhuga á að kaupa jarðvarmaorkuver hér á landi.

Genesis Mining flutti síðar rekstur sinn úr íslenska gagnaverinu Borealis Data Center til Advania Data Centers á Fitjum í Reykjanesbæ. Gagnaverið þar heitir Mjölnir og þegar fyrsti áfangi þess var byggður, á einungis einum og hálfum mánuði vorið 2014, lýsti framkvæmdastjóri hjá Advania í samtali við Markaðinn miklum áhuga erlendra fjárfesta á að hefja þar Bitcoin-námastarfsemi. Þar hefur Genesis grafið eftir rafmyntum og boðið einstaklingum og fjárfestum að kaupa samninga um námugröft (e. mining contracts). Þannig geta viðskiptavinir fyrirtækisins notað tækjabúnað Genesis til að grafa eftir rafmyntum og þurfa ekki að kaupa sinn eigin. Streng hefur í viðtölum ekki viljað gefa upp hversu mikið magn gjaldmiðla náman á Suðurnesjum nær að fanga. Þangað til í síðustu viku hafði ekki birst viðtal við forsvarsmann frá fyrirtækinu sem sýndi nákvæma staðsetningu hennar. Fullyrt hefur verið að viðskiptavinir fyrirtækisins sé vel yfir 700 þúsund talsins.

## Stærst í Ether

Útgáfa rafmynta á borð við Bitcoin og Ether byggir á hinni svokölluðu kubbakeðjutækni (e. blockchain technology). Um er að ræða eins konar dreifða skrá þar sem hægt er að sannreyna að allar upplýsingar innan hennar séu sannar og réttar. Þeim sem útvega nauðsynlegan tækjabúnað, eða eins og í tilfelli Genesis mörg þúsundir skjákorta og annan tölvubúnað, með mikla reiknigetu til að leysa flóknar stærðfræðiformúlur, er launað með nýjum rafmyntum fyrir aðstoð við útgáfu nýrra skráa. Gjaldmiðlarnir eru því helsti drifkrafturinn í þróun tækninnar sem einn viðmælandi Markaðarins fullyrðir að muni gjörbreyta heiminum.

Fyrirtækið er samkvæmt upplýsingum Markaðarins leiðandi í þróun og námugreftri Ether, gjaldmiðils Ethereum-tækninnar. Um byltingarkennda og nýja kynslóð rafmyntar er að ræða sem rússneski forritarinn Vitalik Buterin kynnti fyrst árið 2013. Ether er þó ekki einungis hefðbundin rafmynt eins og Bitcoin sem byggir á kubbakeðjutækninni heldur einnig á kerfinu Ethereum sem býður upp á fleiri forritunarmöguleika. Með því er til að mynda hægt að halda utan um svokallaða snjallsamninga (e. smart contracts) og ýmsa viðskiptagjörninga á netinu.

Samkvæmt vefsíðu Genesis rekur fyrirtækið stærstu Ethereum námu heims hér á landi. Þar er að auki hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá starfsstöðinni á Fitjum. Einnig er hægt að kaupa þar rafmyntirnar Zcash og Dash en sérstaklega er tekið fram að samningar um Bitcoin séu uppseldir.



Þjóðverjinn Marco Streng er forstjóri Genesis Group. SKJÁSKOT/YOUTUBE

## Selt kanadísku félagi

Hlutafé Genesis Mining Iceland ehf. var þann 19. október aukið úr 500 þúsunda króna lágmarkinu í 2.229 milljónir króna að nafnvirði. Þetta kemur fram í skráningu félagsins hjá fyrirtækjaskrá RSK.

Aftur á móti virðist sem Genesis hafi í september síðastliðnum selt starfsemi sína hér á landi til samstarfsfyrirtækis síns HIVE Blockchain Technologies Ltd. Hlutabréf HIVE voru um svipað leyti tekin til viðskipta í kanadísku kauphöllinni TSX Venture Exchange í kjölfar hlutafjárútboðs sem tilkynnt var um í júní síðastliðnum. Í tilkynningu kanadíska félagsins til kauphallarinnar þann 10. október segir að HIVE sé nú eigandi tækjabúnaðarins í Reykjanesbæ og að Genesis sé stærsti hluthafi félagsins með um 30 prósenta hlut. Þá muni Genesis sjá áfram um rekstur námunnar í Reykjanesbæ, og fjögurra annarra sem HIVE ætli sér að reka í framtíðinni. Þannig verði stuðlað að áframhaldandi þróun Ethereum sem muni brúa bilið á milli kubbakeðjunnar og hefðbundinna fjármagnsmarkaða.

Samkvæmt tilkynningum HIVE til TSX Venture Exchange á félagið einnig kauprétt á öðrum starfsstöðvum Genesis á Íslandi og í Svíþjóð. Markaðurinn hefur ekki upplýsingar um að Genesis reki fleiri starfsstöðvar hér á landi en að öllum líkindum er um að ræða fyrirliggjandi samninga um byggingu fleiri slíkra. Helmut Rauth, nýráðinn framkvæmdastjóri Genesis Mining, sagðist ekki geta veitt blaðinu viðtal sökum anna en hann er nú staddur hér á landi. Í síðustu viku var svo tilkynnt að HIVE hefði samið við Genesis um byggingu nýs gagnavers í Svíþjóð. Framleiðslugeta kanadíska félagsins muni þannig aukast um 175 prósent. Marco Streng og nokkrir aðrir forsvarsmenn Genesis eru samkvæmt vefsíðu HIVE í sérstökum ráðgjafahópi félagsins.

Genesis Mining Iceland var stofnað í árslok 2016. Samkvæmt nýjasta ársreikningi félagsins var tölvubúnaður þess metinn á um 100 milljónir króna í lok tímabilsins. Þar er þó ekki getið um hverjir raunverulegir eigendur félagsins eru.

## Rjúka upp

Fjallað var um starfsemi Genesis hér á landi í Quest Means Business, sjónvarpsþætti Richard Quest á CNN, í síðustu viku. Þáttarstjórnandinn heimsótti gagnaverið á Fitjum en fjallaði eingöngu um þann hluta rekstursins sem snýr að námuvinnslu Bitcoin. Eftir að hafa kvartað undan hinum mikla hávaða sem í húsnæðinu er, sem rekja má til öflugra vifta sem sjá um að kæla tækjabúnaðinn, benti Quest á að markaðsvirði rafmyntarinnar hefur aukist gríðarlega frá byrjun þessa árs.

Eitt Bitcoin kostaði við lokun markaða í gær 6.390 Bandaríkjadali. Í ársbyrjun var verðið rétt yfir 1.000 dollurum og hefur rafmyntin því rúmlega sexfaldast í virði á einungis tíu mánuðum. Bitcoin rauf 5.000 dollara múrinn í byrjun september.

Ether hefur hlutfallslega hækkað umtalsvert meira á sama tímabili. Í ársbyrjun 2017 nam markaðsvirði eins Ethers um átta dollurum. Myntin selst nú á 310 dali en fór hæst upp í tæplega 378 um miðjan júní. Það er því ekki að furða, eins og einn viðmælandi Markaðarins orðaði það, að erlendir fjárfestar komi hér upp námum með margfalt meiri reiknigetu en ofurtölvan sem Veðurstofa Íslands hýsir og er langöflugasta tölva landsins.

haraldur@frettabladid.is






# PRIMA RAFMAGNSBORÐ

FRÁ TVILUM



VINSÆLASTA VARAN

Prima rafmagnsborðin eru fáanleg í allt að átta litum.

Hirzlan er með þrjár vörulínur af rafmagnsborðum

Prima línan er þar vinsælust.

VERÐ FRÁ:

**56.000,-**

NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# TOPSTAR STÓLAR

ÞÝSK GÆÐI · FRÁBÆR VERÐ

Hinir sívinsælu stólar frá Topstar hafa verið til sölu hjá Hirzlunni í áratugi.

Topstar

-25%



SITNESS 6
TILBOÐSVERÐ
**39.900 kr.**

-30%



SITNESS 15
TILBOÐSVERÐ
**28.900 kr.**

-30%



X PANDER
TILBOÐSVERÐ
**68.900 kr.**

MYNDFORM GRAFÍK




Með tilkomu nýrra fjártæknilausna mun bankastarfsemi gerbreytast á næstu árum. Markaðurinn mun opnast upp á gátt og búast sérfræðingar við því að fjöldi tæknifyrirtækja reyni að hasla sér þar völl. Bankar þurfa ljóslega að bregðast sem fyrst við breyttu umhverfi. Sitji þeir með hendur í skauti gætu tekjur þeirra af viðskiptabankastarfsemi dregist verulega saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tekjurnar gætu lækkað um fjórðung

**Tekjur af viðskiptabankastarfsemi evrópskra banka gætu dregist saman um allt að fjórðung vegna nýrrar Evrópureglugerðar um greiðsluþjónustu. Lektor í hagfræði segir ríkið ekki vel til þess fallið að leiða bankana í gegnum þær breytingar sem fram undan eru.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Ný reglugerð Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu, sem tekur gildi hér á landi á næsta ári, gæti leitt til þess að tekjur af viðskiptabankastarfsemi evrópskra banka dragist saman um 20 til 25 prósent á næstu árum, að því er fram kemur í greiningu hugbúnaðarframleiðandans Sopra Banking. Greinendur Sopra telja þó ekki ósennilegt að einhverjum bönkum takist að milda höggið með vel ígrunduðum varnaraðgerðum.

Innleiðing reglugerðarinnar í íslenskan rétt samhliða örri þróun stafrænnar tækni (e. fintech) mun gerbreyta umhverfi íslensks fjármálamarkaðar og leiða til byltingar í fjármálaþjónustu áður en langt um líður. Íslensku viðskiptabankarnir standa frammi fyrir mikilli áskorun enda eru tekjur af viðskiptabankastarfsemi um 90 prósent af heildartekjum þeirra.

„Það er ljóst að bankar þurfa að bregðast við þeim breytingum sem stafræn tækni er að hafa á fjármálamarkaði. Þær eru mikil ógn við þá banka sem munu sitja með hendur í skauti,“ segir Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna.

„Ég held það sé ekki valkostur fyrir bankana að vera óbreyttir,“ segir Björgvin Ingi Ólafsson, sem stýrir stefnumótun og markaðsmálum hjá Íslandsbanka. „Ef bankarnir bregðast ekki við munu þeir tapa sambandinu við viðskiptavininn og verða í besta falli heildsalar þjónustunnar sem ég held að fáir bankar hafi sérstakan áhuga á.“

Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að ríkið, sem á Íslandsbanka og Landsbankann að fullu og auk þess 13 prósenta hlut í Arion banka, sé ekki vel til þess fallið að leiða bankana í gegnum þær grundvallarbreytingar sem eru fram undan á bankamarkaði. „Mjög varhugavert“ sé að binda fjármuni skattgreiðenda sem eigin fé í bankarekstri. „Sumir viðast halda að bankaþjónusta sé svo ábatasöm að ríkið eigi endilega að eiga sem flesta banka. Það er einfaldlega rangt.“

Tvær reglugerðir Evrópusambandsins, önnur um greiðsluþjónustu og hin um persónuvernd, verða innleiddar í íslenskan rétt á næsta ári. Fyrri reglugerðin, sem nefnist PSD2, skyldar banka til þess að veita öðrum fyrirtækjum aðgang að greiðslukerfum sínum. Hin reglugerðin, GDPR, gerir viðskiptavinum kleift að taka á móti eigin fjárhagsupplýsingum og miðla þeim áfram.

Áhrifa þessara reglugerða mun gæta verulega á evrópskum bankamarkaði á næstunni. Þannig tók leiðarahöfundur viðskiptatímaritsins The Economist svo til orða fyrr á árinu að breytingarnar myndu valda skjálfta í bankaheiminum.

„Á næstu árum mun fjármálaþjónusta hér á landi, þá sérstaklega starfsemi viðskiptabanka, breytast mikið með tilkomu nýrra fjártæknilausna, viðskiptamódela og samevrópskra laga um fjármálaþjónustu,“ segir Friðrik Þór.

Í raun sé verið að opna markaðinn á svipaðan hátt og evrópski fjarskiptamarkaðurinn opnaðist á tíunda áratug síðustu aldar. Þá hafi markaðshlutdeild gömlu ríkisreknu símafélaganna víðast hvar dregist saman um helming og verð stórlækkað.

Ekki megi búast við slíkum straumhvörfum við opnun fjármálamarkaðarins, en þó geri sérfræðingar ráð fyrir því að breytingin verði mikil.

Friðrik Þór nefnir sem dæmi að leikendum í greiðslumiðlun eigi eftir að fjölga. Þeir muni byggja viðskiptamódel sín á allt öðrum tekjugrunni en bankar og kortafyrirtæki gera í dag. „Í stað þess að treysta á tekjur af færslugjöldum, árgjöldum, kortalánum og yfirdráttarvöxtum munu hinir nýju leikendur sennilega byggja viðskiptamódel sín á vinnslu og notkun gagna. Því má gera ráð fyrir því að færslu- og þóknanagjöld banka verði undir þrýstingi á komandi árum og hafa sérfræðingar spáð því að þau geti lækkað frá 40 til 80 prósent, en þessar tekjur eru um 20 til 25 prósent af tekjum viðskiptabanka innan Evrópu. Hlutfallið er aðeins lægra hér á landi, þannig að áhrifin hér verða minni, en þau verða samt talsverð,“ segir Friðrik Þór.

### Starfsfólki snarfækkar

„Það er að verða mikil breyting á bankaþjónustu,“ segir Ásgeir. „Bankar hafa löngum starfað með þeim hætti að bjóða fram pakka með ótal þjónustuþáttum sem eru afhentir ókeypis en fyrir aðra er rukkað. Á sumum sviðum hafa þeir haft ákveðna einokun, líkt og hvað varðar greiðsluþjónustu, sem hefur gefið þeim yfirburði bæði við öflun upplýsinga og boð á þjónustulausnum. Margir hafa haldið því fram að nýju fjártæknifyrirtækin muni stuðla að því að þessar pakkalausnir muni rakna í sundur.

Bent er á að nú sé hægt að sundurgreina hvern þjónustuþátt og nýir aðilar geti nú boðið upp á ýmislegt sem áður var aðeins á færi banka. Það leiði til þess að bankarnir eigi á hættu að missa frá sér ýmsa þjónustu sem skilaði tekjum og sitja þess í stað uppi með þjónustu sem er ekki tekjuskapandi. Einnig hefur verið bent á að bankar séu undir ströngum reglugerðum á meðan fjártæknifyrirtækin eru flokkuð af stjórnvöldum sem tæknifyrirtæki og hafi því rúmt svigrúm til athafna.”

Hins vegar hafi aðrir haldið því fram að þessar tækninýjungar muni aðeins styrkja þjónustuframboð bankanna. Bankarnir geti þá boðið upp á enn fjölbreyttari pakka sem henta viðskiptavinum þeirra enn betur. Margir bankar hafi auk þess farið þá leið að kaupa fjártæknifyrirtæki.

Ásgeir segir alveg ljóst að bankar

## Bankarnir þurfa að hugsa hlutina upp á nýtt

„Við þurfum að átta okkur á að tæknin hefur um langa hríð breytt því hvernig bankar starfa. Það er þó ekki bara tæknin sem er að breytast heldur líka væntingar fólks til þess sem það vill fá frá bönkum. Á þeirri vegferð megum við ekki gleyma því að þessar breytingar eru ákall um umbreytingu frekar en þróun á því sem fyrir er,“ segir Björgvin Ingi. Það þýði að bankar þurfa að breyta því hvernig þeir haga sér. Ekki sé nóg að gera bara betur það sem þeir hafa alltaf gert, heldur þurfi þeir að hugsa það sem gert er upp á nýtt.

Hann bendir á að nýja reglugerðin, PSD2, valdi mögulega nokkrum skjálfta meðal banka. „Reglugerðin mun hafa mikil áhrif á næstu árum. Það er mjög mismunandi hvernig bankar í Evrópu ætla að bregðast við. Sumir hafa þegar varið miklum fjármunum í að búa sig undir breytingarnar með því að opna aðgengi að bankanum umfram grunnkröfur á meðan aðrir, til dæmis sænski bankinn Handelsbanken, hafa ekki hug á því að breyta miklu og einfaldlega gera það sem reglugerðin gerir kröfu um og lítið annað. Fyrrnefndu bankarnir geta vissulega þurft að þola verri arðsemi á meðan á fjárfestingunum stendur en eru að mínu mati betur búnir undir framtíðina.“

Björgvin Ingi segir banka geta gripið til margvíslegra aðgerða til þess að sækja fram og bregðast við þeim breytingum sem felast í tækniþróun og nýjum reglum. Hann vísar í skýrslu McKinsey þar sem kom fram að þeir bankar sem bregðist hratt og vel við geti aukið tekjur sínar af viðskiptabankastarfsemi vegna þessara breytinga um allt að 48 prósent. Hins vegar geti þeir bankar sem geri ekki neitt tapað allt að 35 prósentum af viðskiptabankatekjum sínum á næstu árum, samkvæmt sömu skýrslu.

Miklu skiptir því að bankar hafi skýra sýn og bretti upp ermar ætli þeir sér ekki að verða undir í samkeppninni. „Maður hefur það á tilfinningunni að gjáin á milli þeirra sem leysa vel úr þessum breytingum og þeirra sem gera það ekki fari hratt stækkandi,“ segir Björgvin Ingi.

> **Það gefur augaleið að þeir bankar sem laga sig ekki að kröfum og breyttri hegðun nýrra kynslóða munu sitja eftir.**
>
> Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra Arion banka



# Fólk

## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 1. NÓVEMBER 2017



„Það er alveg nóg af boðum og bönnum í þessum heimi, en þegar kemur að jólum og jólaskrauti er bara að njóta," segir Soffía Dögg Garðarsdóttir, blómaskreytir og eigandi heimilisbloggsins Skreytum hús. →6



Glæsilegt matarstell frá Royal Copenhagen sem fæst í Kúnígúnd. MYNDIR/ANTON BRINK

# Kúnígúnd blómstrar í Kringlunni

Verslunin Kúnígúnd hefur fært sig um set í Kringlunni. Er núna á fyrstu hæð á móti Hraðlestinni. Með flutningnum hefur verslunin stækkað mikið og vöruúrval aukist til muna. Mörg þekktustu vörumerki í gjafavörum er að finna í Kúnígúnd. →2



MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365.is 365

Framhald af forsíðu

Nýtt og ferskt útlit einkennir verslunina Kúnígúnd í Kringlunni. Mikil lofthæð gerir rýmið opið og fallegar uppstillingar sýna vel það mikla úrval af matarstellum og öðrum vörum sem boðið er upp á. Allar vörur verslunarinnar njóta sín í björtu og fallegu umhverfi.

Í Kúnígúnd fást fjölmörg heimsþekkt vörumerki í gjafavöru og hönnun, má þar nefna Georg Jensen, Georg Jensen Damask, Royal Copenhagen, Villeroy & Boch, Kay Bojesen, Kosta Boda, Holmegaard, Rosendahl og Stelton svo nokkur séu nefnd. Það verður því úr miklu úrvali gjafavöru að velja þegar líður að jólagjafainnkaupum. Á næstunni mun vöruúrvalið aukast enn meira.

## Falleg jólavara

Að sögn Jórunnar Þóru Sigurðardóttur, verslunarstjóra í Kúnígúnd, var verslunin búin að sprengja utan af sér húsnæðið í Kringlunni og því er stækkunin kærkomin. „Nýja rýmið býður upp á mikla möguleika. Nú getum við boðið Georg Jensen Damask í Kringlunni en áður var sú vara einungis seld á Laugaveginum. Við eigum von á miklu úrvali af gjafavöru á næstu dögum og erum klár í jólin,“ segir hún. „Sömuleiðis bjóðum við mikið úrval af jólavöru, til dæmis hina vinsælu Georg Jensen jólaóróa. Einnig afar fallega jólavöru frá Villeroy & Boch, Royal Copenhagen og Holmegaard,“ segir hún.

## Brúðargjafalistar

Jórunn Þóra bendir á að brúðargjafalistar hafi alla tíð verið mjög vinsælir í búðinni. Verðandi brúðhjón koma í búðina og skoða vöruúrval en geta síðan sett upp óskalista á heimasíðu verslunarinnar. „Þetta þykir mörgum mjög þægilegt og margir nýta sér þessa þjónustu,“ segir hún.

## Matarstell með langa sögu

„Við leggjum mikla áherslu á vandaðar og eigulegar vörur. Matarstellin eru sívinsæl en þau eru meðal annars frá Royal Copenhagen, Georg Jensen og Villeroy & Boch. Mörg þeirra eiga sér langa sögu eins og Blue Fluted Plain sem er eitt vinsælasta matarstellið frá Royal Copenhagen og hefur verið í framleiðslu frá árinu 1775.

Margir eru að safna þessu stelli og við eigum það alltaf til auk allra annarra stella frá Royal Copenhagen. Það er frábært að gefa þeim sem eru að safna stellunum einhverja fylgihluti úr því í tækifæris- eða jólagjafir. Þá er mikið úrval af fallegri gjafavöru í Kúnígúnd og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Verðflokkar eru margir í kertastjökum, glösum, vösum, styttum, lömpum eða hverju öðru sem hugurinn girnist,“ segir Jórunn Þóra og bætir við að margir kaupi t.d. fallegt Georg Jensen Damask viskastykki til að taka með sér í matarboð handa gestgjafanum. „Það er gjöf sem fólk notar og endist lengi,“ segir hún.

## Borðdúkar, pottar og barnavörur

Glæsilegir borðdúkar eru sömuleiðis til frá Georg Jensen Damask sem hafa verið vinsælir á jólaborðið. „Dúkarnir eru afar vandaðir úr egypskri bómull,“ segir Jórunn Þóra og það er hægt að skoða þá á netinu. „Georg Jensen Damask var stofnað 1756 og framleiðir vandaða og góða vefnaðarvöru. Fyrirtækið er sérstaklega þekkt fyrir borðdúka og sængurföt,“ segir hún enn fremur. Þá má minnast á búsáhöld, potta og pönnur frá LeCreuset, WMF, Wusthof ásamt hinum geysivinsælu heimilistækjum frá KitchenAid. Loks má minna á mikið úrval af fallegri barnavöru, bæði matarsett, hnífapör og glös sem henta til sængur-, skírnar- eða afmælisgjafa.

## Rótgróin verslun

Kúnígúnd er rótgróin verslun sem flestir þekkja. Hún var stofnuð í Hafnarstræti árið 1982 en hefur sífellt verið að færa út kvíarnar og auka vöruúrvalið. Í dag er Kúnígúnd á Laugavegi 53b, í Kringlunni og á Akureyri. Þá er öflug netsíða kunigund.is þar sem hægt er að skoða vörur og kaupa.

Nýja verslunin í Kringlunni var opnuð um miðjan október síðastliðinn og hefur fengið mjög góðar viðtökur frá viðskiptavinum sem hafa lýst mikilli ánægju með flutninginn á versluninni. Starfsmenn hafa ávallt lagt áherslu á góða og persónulega þjónustu og gjafavörum er pakkað fallega inn fyrir viðskiptavini.

Nánar um vörur, þjónustu og opnunartíma Kúnígúnd á heimasíðunni www.kunigund.is eða í síma 551-3469.




Kúnígúnd hefur opnað nýja og glæsilega verslun á neðri hæðinni í Kringlunni á móti Hraðlestinni. MYND/ANTON BRINK



Jólagjafir, afmælisgjafir, brúðargjafir, skírnargjafir eða aðrar tækifærisgjafir. Þær fást allar í Kúnígúnd.



Jórunn Þóra Sigurðardóttir verslunarstjóri. MYND/ANTON BRINK



Það er hægt að velja um mörg falleg stell í Kúnígúnd, mörg með langa sögu.



Glæsilegar jólavörur eru komnar í Kúnígúnd.



Annað fallegt matarstell í Kúnígúnd.



Í Kúnígúnd er mikið úrval fallegra gjafavara.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

bauhaus.is

# BAUHAUS®

NÝTT Í BAUHAUS

## Er líða fer að jólum... ótrúlegt úrval af nýjum jólavörum.

Jól í BAUHAUS

Úrvalið hefur aldrei verið meira

### Ljóskastari með jólamynstri

Ljóskastari með jólamynstri, lýsir í grænu og rauðu. Fjarstýring fylgir. IP44 vottaður til notkunar utanhúss.



**10.495.-**





**4.995.-**



**34.995.-**



**5.995.-**

### Ljóskastari

Ljóskastari með 9 mismunandi mynstrum. Lýsir í grænu og rauðu. Með 6 klst. tímastilli. IP44 vottaður til notkunar utanhúss.

### Ljóskastari með tónlist

Ljóskastari sem spilar tónlist og er með nokkrum mynstrum. Kastarinn lýsir 4,5 x 4,5 m, miðað við að hann sé í 9 m. fjarlægð. IP44 vottaður til notkunar utanhúss.

### Garden LED ljóskastari

LED ljóskastari með 3 mynstrum. 14 x 13,5 cm + 1 metra snúra. Með 8 klst. tímastilli. IP44 vottaður til notkunar utanhúss.

# Milt haust gott fyrir gróður

Grasa- og garðyrkjufræðingurinn Vilmundur Hansen segir að það sé engin ástæða til að hafa áhyggjur af gróðri þegar þessu milda hausti lýkur og að það sé nóg að gera yfir veturinn.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is





Það er óþarfi að hafa áhyggjur af gróðrinum þetta haust. MYND/STEFÁN KARLSSON

Vilmundur Hansen, grasa- og garðyrkjufræðingur, hefur engar áhyggjur af gróðri þrátt fyrir vonda veðurspá næstu daga. Vilmundur er stofnandi Facebook-hópsins „Ræktaðu garðinn þinn“, sem er upplýsingasíða fyrir áhugafólk um garðyrkju, en meðlimir hópsins eru rúmlega 30 þúsund.

### Meiri tími til undirbúnings

„Í sjálfu sér er þetta bara kostur,“ segir Vilmundur um haustið milda og góða. „Það sem gerist er að plönturnar hafa meiri tíma til að fara í það sem við köllum vetrarástand. Þær hafa tíma til að kæla sig niður og fella blöðin.“

„Það sem gerist með grænar plöntur þegar haustið kemur er að plönturnar taka inn í sig efni úr grænu kornunum í blöðunum og geyma í rótunum,“ útskýrir Vilmundur. „Efnið er dýrt fyrir plöntuna að framleiða og því geymir hún það. Við þetta koma haustlitirnir. Allir þessir litir eru alltaf til staðar í plöntunum en á sumrin er græni liturinn bara mest áberandi.“

„Blómvísar í brumum trjáplantna sem blómstra snemma á vorin myndast svo að hausti,“ segir Vilmundur. „Þannig að í sjálfu sér er svona hægfara kólnun mjög góð. En ef það kemur skyndilega hörkufrostakafli getur það náttúrulega valdið kali.“

### Ráð til að verja það viðkvæmasta

Vilmundur hefur litlar áhyggjur af slæmu veðurspánni. „Kannski gætu allra viðkvæmustu tegundirnar hugsanlega farið í fýlu,“ segir hann. „En ég hef engar áhyggjur af þessu fyrir 90 prósent af öllum gróðri.“

Vilmundur hefur ráð fyrir þá sem vilja verja viðkvæmustu plönturnar. „Það er allt í lagi að breiða yfir þær striga, flísdúk, gamla flíspeysu eða lopapeysu eða eitthvað sem getur rignt í gegnum en skýlir þeim fyrir mesta vindinum. Svo er líka upplagt fyrir þá sem hafa kalt gróðurhús að flytja plöntur í pottum inn í þau,“

> Plönturnar hafa meiri tíma til að fara í það sem við köllum vetrarástand. Þær hafa tíma til að kæla sig niður og fella blöðin.

segir hann. „Gott skjól á sérstaklega við um smávaxnar sígrænar plöntur. Yfirleitt fer kuldinn ekki að skemma plöntur fyrr en svona í febrúar til mars þegar þessir köldu frostvindar koma. En það fer hver að verða síðastur að feykja grasi eða laufblöðum yfir viðkvæmar fjölærar plöntur.“

Vilmundur mælir ekki með því að bjarga pottaplöntum sem hafa verið úti inn í hús. „Það á bara að líta á þessar allra viðkvæmustu plöntur sem einær sumarblóm,“ segir hann. „Það er hægt að taka kryddplöntur inn og klippa þær niður og þurrka, en það er engin tegund sem þolir það að vera tekin úr garði og sett inn í stofu. Því fylgja bara of miklar hitabreytingar.“

### Nóg að gera yfir veturinn

Garðyrkjumenn og áhugafólk um garðyrkju hafa nóg fyrir stafni þótt veturinn sé handan við hornið. „Allir eiga að taka sér frí einhvern tímann. En menn eru enn að tyrfa, helluleggja, hlaða og jafnvel að smíða palla,“ segir Vilmundur. „Svo er mjög gott að planta trjám úti að hausti og síðan má klippa margar tegundir í janúar og fram á vorið. Þetta heldur alltaf áfram.“

### Enn hægt að setja niður hvítlauk

„Ef fólk er ekki búið að setja niður haustlaukana er um að gera að drífa í því í einum grænum,“ segir Vilmundur. „Svo er alveg upplagt að setja niður hvítlauk. Það er orðið svolítil tíska núna. Þá setur maður hvítlauksrif niður að hausti á dýpt sem er svona um það bil þrisvar til fjórum sinnum hæðin á rifinu. Það þarf þokkalegan stað eða jafnvel pott. Ég var með hvítlauk úti á svölum hjá mér í fyrra og var að klippa af honum blöðin, sem eru fín líka, allan veturinn. Svo er bara að lesa garðyrkjubæklinga og láta sig dreyma þangað til vorið kemur aftur.“



Vilmundur segir að svona milt og gott haust sé gott fyrir gróðurinn. MYND/ERNIR

VEISLUÞJÓNUSTUR OG SALIR

Sérblað sem fjallar eingöngu um veisluþjónustur og sali kemur út 4. nóvember.

Í þessu blaði er hægt að kaupa hefðbundna auglýsingu og auglýsingu í viðtalsformi.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Tölvupóstur: serblod@365.is
Símanúmer: 512 5402



# Sardínu fiskikökur

Sardínur, sem innihalda mjög hátt hlutfall af Omega-3 fitusýrum, próteini og kalki, er hægt að matreiða á ýmsa vegu. Hér er einn nýstárlegur réttur sem er gaman að prófa.

Fyrir 2-3 manns

**2 dósir af sardínum í olíu**
**3 meðalstórar kartöflur**
**1 egg**
**2 skalottlaukar**
**1 rautt chili**
**Lúka af ferskum kóríander**
**½ tsk. chili duft (smekksatriði)**
**1 tsk. salt og ögn af pipar**
**1 msk. olía, til steikingar**
**1 límóna, borin fram með réttinum**

Skerið kartöflur niður í litla tenginga og sjóðið í 10-15 mín. eða þar til mjúkir. Á meðan er skalottulaukurinn, chili og kóríander skorið smátt niður. Opnið sardínudósir, hellið vökvanum af og setjið í stóra skál. Maukið vel þar til enginn stór biti er eftir eða sýnileg bein. Maukið kartöflurnar með gaffli í annarri skál og bætið út í hina. Hrærið vel saman. Bætið egginu út í ásamt lauknum, chili, kóríander, chilidufti og salti og pipar. Mótið lófastórar kökur með höndum og ekki hafa þær of þykkar. Ef blandan er of blaut má þykkja hana með brauðraspi. Setið olíuna á pönnu og hitið við meðalhita. Steikið í nokkrar mínútur og snúið þeim varlega við. Borið fram með t.d. fersku salati og límónu.






Auglýsing fyrir kvikmyndina Whisky Galore frá 1949. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Bíó fyrir fólk með elliglöp

Kvikmyndahús í Glasgow er byrjað að halda mánaðarlegar kvikmyndasýningar sem eru sérhannaðar fyrir fólk sem þjáist af elliglöpum. Sýningarnar kallast „Kvikmyndaminningar“ eða „Movie Memories“ og tilgangur þeirra er að gera kvikmyndahús aðgengilegri fyrir fólk í þessari stöðu og vinna gegn einangruninni sem getur fylgt sjúkdómnum.

Á síðasta ári var prófað að sýna kvikmyndina Singin' in the Rain frá 1952 og það gekk mjög vel, svo verkefnið hélt áfram í ár með sýningum á myndinni Whisky Galore frá árinu 1949. Sýningunum fylgir aukaefni sem hjálpar gestum að muna eftir myndunum og tímanum sem þær gerast á. Lýsingin er aukin svo það sé auðveldara að færa sig til í salnum og hljóðið er aðlagað til að hjálpa gestum sem eru heyrnarskertir.

„Greining á elliglöpum ætti ekki að valda útskúfun úr samfélaginu, þannig að við höfum samfélagslega skyldu til að sjá til þess að fólk geti enn tekið þátt,“ sagði Jodie Wilkinson, stjórnandi verkefnisins. „Þetta er fyrsta kvikmyndahúsið í Glasgow sem býður upp á svona dagskrá og við erum stolt af því að bjóða fólki með elliglöp, fjölskyldum þeirra og/eða umönnunaraðilum tækifæri til að koma í bíó.“

Gestir eru ánægðir með þetta framtak og eru spenntir fyrir sýningum á klassísku jólamyndinni White Christmas frá árinu 1954, sem verður sýnd í desember.

Sama kvikmyndahús hefur áður haldið sýningar fyrir fólk með einhverfu og fyrir smábörn.



## Heilsusamlegir heimilisvinir

Samkvæmt bandarísku flug- og geimvísindastofnuninni, NASA, ætti að skella minnst einni plöntu á hverja 9 fermetra í íbúðarhúsnæði eða á skrifstofunni til að viðhalda góðum loftgæðum. Gerð var ýtarleg rannsókn á hvers konar lofttegundir mismunandi plöntur hreinsuðu úr andrúmsloftinu og á Wikipedia er að finna lista yfir stofublóm sem hreinsa loftið.

Meðal þessara heilsusamlegu heimilisvina eru plöntur eins og Sansevieria trifasciata, sem gengur undir nokkrum nöfnum, oft kölluð indjánafjöður, snákaplanta eða tannhvöss tengdamóðir.

Hedera helix, eða english ivy, er planta sem sómir sér afar vel í hangandi potti eða staðsett á blábrúninni á hillu eða skáp þar sem hún hangir afar fallega niður.

Þá er drekatré öflugur lofthreinsir, einnig pálmi og friðarlilja. **www.wikipedia.org**

LYFJA
– Lifið heil

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

**Clinique dagar í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og Selfossi dagana 1. – 4. nóvember.**

Glæsilegur kaupauki fylgir með ef keyptar eru vörur fyrir 6.900 kr eða meira*




**Kaupaukinn inniheldur:**
Take The Day Off augnfarðahreinsi 30ml
Milda andlitssápu 15 ml
Clinique Smart rakakrem 7ml
Clinique Smart næturkrem 7ml
Clinique Smart serum 7 ml
High Impact maskara 3.5ml
Fallegan varalit
*Á meðan birgðir endast.

Nýtt frá Clinique! High impact Elevating maskari. Maskari sem nær augnhárunum þínum í nýjar hæðir, endist í allt að 12 tíma og inniheldur kjarnaolíur sem næra á þér augnhárin. Létt formúla sem smitast ekki né flagnar. Ofnæmisprófaður.

20% afsláttur af öllum Clinique vörum




lyfja.is

# Skreyttu eins og vindurinn!

**Loks kominn niðdimmur nóvember. 33 dagar í aðventu. Samt iða margir í skinninu að taka fram einstaka skraut og jólaljós í glugga. En má strax byrja að skreyta? Eða þurfum við enn að bíða?**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is





Soffía Dögg Garðarsdóttir blómaskreytir er aðeins farin að hita upp fyrir jólaskreytingar heimilisins með snjókornum, jólatrjám og ljósum. MYNDIR/ANTON

Það er alveg nóg af boðum og bönnum í þessum heimi, en þegar kemur að jólum og jólaskrauti er bara að njóta," segir Soffía Dögg Garðarsdóttir blómaskreytir og eigandi heimilisbloggsins Skreytum hús.

„Það yndislegasta við þetta allt saman er að það getur enginn bannað manni að byrja að skreyta, nema hugsanlega heimilisfólkið. Svo ef skreytivilji er fyrir hendi, þá segi ég bara: Skreyttu eins og vindurinn!"

Soffía er aðeins farin að hita upp fyrir jólaskreytingarnar heima fyrir og finnst það einkar kósí.

„Um leið og dimma tekur fer mann að langa að gera meira kósí í kringum sig. Haustinu fylgja stærri teppi, jafnvel fleiri púðar og kerti, en þegar vetur gengur í garð fer að kvikna á hvítum seríum og einstaka hreindýr rekur inn nefið – enda tekur tíma að koma allri hjörðinni í hús. Og könglar, því það eru könglar í náttúrunni allt árið, sko," segir Soffía sem gerir greinarmun á jóla- og vetrarskrauti.

„Allt sem er áfram úti í náttúrunni á veturna er líka fullkomlega leyfilegt inni hjá mér. Eins og sígrænar greinar, fura og greni, könglar, hreindýr og bambar, stjörnur, börkur og allt svona náttúrulegt. Það sem getur svo skemmt þetta er ef viðkomandi hlutur er hlaðinn glimmeri, eða hreindýrin eru með rautt nef!"

## Skrambi ertu seint að þessu!

Soffía gefur lítið fyrir hæversku og feimni þegar kemur að því að vera með þeim fyrstu til að setja jólalegan brag á heimilið.

„Ég sé enga ástæðu til að vera feimin við að gera það sem mann langar til heima hjá sér, og finnst það eiginlega stinga í stúf við það að heimilið er griðastaður. Það hlýtur að fela í sér að maður eigi að láta sér líða sem best og gera það sem maður vill." Og við mögulegum pirringi og neikvæðum athugasemdum nágranna, sem helst vilja skreyta á Þorláksmessu, mundi Soffía segja: „Skrambi ertu seint að þessu!" Og: „Ég lofa að koma ekki og skreyta heima hjá þér." En í alvöru hef ég aldrei heyrt neinn nágranna kvarta; það er helst að maður verði var við kvartanir í netheimum."

Eitt sinn skreytti Soffía heimilið í byrjun nóvember fyrir myndatöku en það var alltof snemmt.

„Að vera með jólatré uppi í tvo mánuði er ekki góð skemmtun. Þess vegna er gaman að byrja bara rólega og njóta þess að setja þetta upp. Færa heimilið smám saman í hátíðabúning og gera það svolítið ævintýralegt."

Að morgni aðfangadags er heimili Soffíu orðið alskreytt; þá er búið að leggja á borð og allt komið á sinn stað.

„Mest snýst þetta um að njóta. Fyrir nokkrum árum tókum við upp á að setja löng og mjög mjó gervitré inn til krakkanna. Þau hafa haft mjög gaman af því og eru trén skreytt mismunandi eftir árum. Ein jólin var perl eftir krakkana til skrauts og önnur jól voru það ofurhetjur frá litla gaurnum, bangsar og stundum gerviblóm. Bara eftir því sem okkur dettur í hug," segir Soffía, en hjartfólgnasta jólaskrautið í hennar fórum er lítil kirkja sem er spiladós og móðursystir hennar og nafna gaf henni á bernskuárunum.



Náttúran fær á sig ævintýralegan vetrarblæ, eins og sést undir glerkúpli Soffíu.



Margt minnir á jólin í glugga Soffíu.

> **„Það getur enginn bannað manni að byrja að skreyta, ef skreytivilji er fyrir hendi.**
>
> Soffía Dögg Garðarsdóttir

Soffía segist vera með breyti- og skreytiáráttu. Hún skreyti því sjaldnast eins.

„Þó eru sumir hlutir sem halda alltaf sínum sessi. Visst skraut sem þarf alltaf að fara upp og maður tengist tilfinningaböndum. Ég prófaði ein jólin að setja það markmið að ekkert mætti fara þar sem það hafði áður verið, og það var alveg furðu erfitt – en það er alltaf gaman að ýta sjálfum sér út fyrir þægindakassann."

## 50.000 sýna sig og sjá aðra

Heimilisblogg Soffíu, Skreytum-Hús.is, er nú sjö ára og eitt það elsta sinnar tegundar á Íslandi. Facebook-hóp með sama nafni stofnaði Soffía 2014.

„Því var trúr og dyggur lesendahópur sem fylgdi með, en orðið var fljótt að berast og hópurinn stækkaði með ógnarhraða. Fólk hefur almennan áhuga á að sjá hvað „allir hinir" eru að gera. Ég hugsa að margir vilji fylgjast þöglir með, á meðan aðrir hafa gaman af því að sýna sitt og sjá hjá öðrum," segir Soffía og telur heimilið vera Íslendingum mikilvægt sökum þess hversu miklum tíma þeir verja heima.

„Við búum í köldu landi og byggjum okkur skjól og hreiður sem heldur utan um okkur. Styrkur hópsins er fólginn í því að þar eru 50 þúsund manns og allar líkur á að fólk finni eitthvað við sitt hæfi, en ef ekki getur það alltaf látið ljós sitt skína og sýnt eitthvað alveg nýtt."

NÝ SENDING AF
SVÖRTUM DRÖGTUM
SÍÐUM PILSUM - ODDFELLOW KLÆÐNAÐI



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**FLOTTUR JEPPI !**
BMW X5 25D 06/2014 ek 43 þ.km sjálfsk. Leður ofl umboðsbíll, verð 7.8 mil ! Skipti möguleg !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
NISSAN E-NV200. Árgerð 2014, ekinn 13 Þ.KM, Rafmagn, Sjálfskiptur. Verð 2.350.000. Rnr.150070.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 2.0L Disel Elegance. Árgerð 2014, ekinn 79 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.136460.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Disel 4x4. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, beinsk. Verð 3.190.000. Rnr.136463.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Station. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, bensín, beinsk. Verð 1.980.000. Rnr.136165.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**




SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



SKODA Octavia 4x4. Árgerð 2015, ekinn 99 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 2.550.000.Ásett verð 3.190.000 Rnr.212677.



KIA Rio. Árgerð 2015, ekinn 76 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.116060.



LAND ROVER Discovery 3 s. Árgerð 2008, ekinn 202 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 2.390.000.Ásett verð 2.990.000 Rnr.212671.



TOYOTA Land cruiser 100 35" dekk . Árgerð 2006, ekinn 215 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 5.490.000. Mjög fallegur og vel farinn Rnr.116051.



CHEVROLET Silverado z71 ltz 3500. Árgerð 2018, Nýr dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.048.000. Rnr.212680. Eigum líka á lager Ford F350 og Dodge Ram 3500 Nýja

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Renault Trafic 12.2005 ek. 195 þkm beinskiptur 6 gíra disel bíll í góðu lagi ný dekk þakbogar. Verð 890.000 Uppl í s. 8204640

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir




## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 165.900.- Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com






## Fasteignir


TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

### Eskihlíð 12a – 105 Reykjavík
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00**




Björt og falleg 56,1 fm. tveggja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt geymslu í kjallara. Sameiginlegt þvottahús, hjóla- og vagnageymsla. Húsið hefur fengið gott viðhald og var sprunguviðgert og málað í sumar. **Verð: 33,9 millj**

### Glaðheimar 24 – 104 Reykjavík
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00**




Falleg og björt 108,3 fm. 3ja herbergja íbúð við rólega götu í botnlanga. Vel staðsett eign þar sem stutt er í alla þjónustu, verslanir, útivist, íþróttir, sund, skóla og leikskóla. **Verð: 47,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**


## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær - Austurgata 36

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 03.10.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Austurgötu 36 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Jafnframt verður tillagan grenndarkynnt. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær.**

Niðurrif núverandi húss hefur verið heimilað. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðarmörk við götu verða færð til þannig að þau verði samsíða götulínu, lóðarstærð minnkar því lítilsháttar. Jafnframt er byggingarreitur stækkaður og lagðar byggingarlínur fyrir nýtt hús á lóðinni. Mænishæð húss hækkar og nýtingarhlutfall lóðarinnar einnig.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 01.11. til 13.12. 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á **www.hafnarfjordur.is**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13.12. 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Alþingisreitur
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 19. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að skilmálum verður breytt í samræmi við vinningstillögu í hönnunarsamkeppni um nýbyggingu Alþingis, varðandi hæðir og lögun nýbygginga. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Frakkastígur – Skúlagata
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 19. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis. Í breytingunni felst tæplega 1 hektara svæði sem nær yfir óbyggða lóð á horni Skúlagötu og Frakkastígs og óbyggt borgarland milli Skúlagötu og Sæbrautar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 1. nóvember 2017 til og með 13. desember 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 13. desember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 1. nóvember 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

verði áfram til en að starfsemi þeirra muni taka verulegum breytingum. „Flestir bankar erlendis hafa verið að segja upp mörgu starfsfólki í kjölfar þess að tæknibreytingar hafa verið innleiddar.“

Sem dæmi bárust fregnir af því í síðustu viku að stjórnendur norræna bankans Nordea hefðu í hyggju að fækka störfum um sex þúsund, sem er um 13 prósent af starfmannafjölda bankans, til þess að bregðast við breyttu umhverfi. „Við erum að búa til banka framtíðarinnar og þessar uppsagnir eru liður í því,“ sagði Casper von Koskull, bankastjóri Nordea.

„Það sama gerðist raunar hérlendis þegar tölvur og heimabankar komu fram á sjónarsviðið að einhverju ráði upp úr 1990,“ segir Ásgeir. „Í kjölfarið hefur starfsmönnum í útibúum og afgreiðslu til dæmis fækkað verulega. Þær breytingar sem nú eru í vændum ná hins vegar mun dýpra inn í starfsemi bankanna þar sem ný tækni leysir af hendi störf sem hingað til hafa ekki verið talin afgreiðslustörf og hefur verið sinnt af menntuðu fólki. Raunar hefur fólki í fjármálageiranum fækkað verulega á síðustu árum. Árið 2007 unnu tæplega 5.000 manns hjá bönkum og sparisjóðum hérlendis en nú er talan um 3.000. Þetta er um 40 prósenta fækkun.

Fjórða iðnbyltingin og gervigreindin hefur auk þess leitt til þess að ýmsar tegundir fjármálaþjónustu, sem fólk með háskólagráðu hefur jafnan sinnt, eru nú að einhverju leyti undirorpnar fjármálatæknilausnum. Til dæmis sjá tölvur nú í auknum mæli um að kaupa og selja verðbréf á markaði og algóriþmar útfæra fjárfestingaráætlanir fyrir okkur.

Á síðustu árum hafa vextir ytra lækkað nær að núlli og ávöxtun versnað samhliða. Í kjölfarið hefur skapast þrýstingur á lækkun þóknanagjalda vegna eignastýringar og miðlunar. Fólk hefur velt því fyrir sér hvernig það getur ávaxtað fjármuni sína með ódýrari hætti. Margir hafa brugðist við með því að kaupa í vísitölusjóðum eða öðrum sjóðum þar sem algóriþmar sjá um að stýra eignasafninu,“ nefnir Ásgeir.

Íslensku viðskiptabankarnir eru misvel í stakk búnir til þess að takast á við þá umbyltingu í bankaþjónustu sem er yfirvofandi. Friðrik Þór nefnir að hérlendir bankar séu að sumu leyti ekki eins vel búnir undir komandi breytingar og bankar í nágrannaríkjum okkar. „Til dæmis hafa bankar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sameinast um eina greiðslulausn til þess að styðja við farsímagreiðslur og út frá því geta þeir skapað ýmsar nýjungar. Í þeim efnum erum við eftirbátar. En tæknilega séð eru bankarnir hér á landi ágætlega undir breytingarnar búnir.“

Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra Arion banka, segir það ekki að ástæðulausu hve mikla áherslu bankinn hefur lagt á stafrænar lausnir. „Það gefur augaleið að þeir bankar sem laga sig ekki að kröfum og breyttri hegðun nýrra kynslóða munu sitja eftir. Miklar breytingar í fjármálaþjónustu eru í farvatninu, bæði vegna reglugerðabreytinga en ekki síður vegna tækniframfara, og verður áhugavert að sjá hve ólík viðbrögð fjármálafyrirtækja verða við þeim. Hvort og þá hvernig þau muni nýta sér slagkraftinn í breytingunum.

Breytingarnar munu hafa umtalsverð áhrif á þróun fjármálatengdrar þjónustu á næstu tveimur til þremur árum. Þær gefa ákveðinn möguleika á aukinni samkeppni við ýmsa þætti og að neytendur muni ekki fara varhluta af því. Þjónustur á borð við Netgíró, Aur, Kass, Konto, Aktiva og Síminn Pay og fleiri eru að feta sig inn á þessa braut og við munum sjá meira frá þeim og öðrum,“ nefnir Einar Gunnar.

Hann segir bankann vel í stakk búinn til þess að bregðast við yfirvofandi breytingum. „Í gegnum sérstaka deild, Stafræna framtíð, hefur bankinn kynnt til leiks tólf stafrænar lausnir á undanförnum átján mánuðum. Sem dæmi geta fyrirtæki nú stofnað til viðskipta við bankann á innan við fimm mínútum sem er bylting frá því sem áður var. Viðskiptavinir geta einnig, svo annað dæmi sé tekið, sjálfir skipt kreditkortareikningi, stýrt yfirdráttarheimild, fengið rafrænt greiðslumat, tekið íbúðalán og fryst og opnað kreditkort með mjög einföldum hætti í netbanka eða appi, án þess að þurfa nokkurn tímann að hafa samband við bankann.

Það er ákveðinn og sístækkandi hópur neytenda sem upplifir það sem þægilegri bankaþjónustu að geta afgreitt sig sjálfir, hvenær sem er dags. Síðan er annar hópur sem kýs að eiga hina mannlegu snertingu, ef svo má segja, og vill afgreiða sín mál símleiðis eða í bankaútibúinu.

Við erum allavega að bjóða fólki að eiga þessa snertingu í sínu rúmi og tómi, hvenær sem er sólarhringsins.“

### Skila ekki endalausum hagnaði

Ásgeir bendir á að framfarir í tækni hafi leitt til þess að fyrirtæki hafa þurft að hagræða í rekstri, segja upp starfsmönnum og hugsa hlutina upp á nýtt. „Það kostar oft blóð, svita og tár. En þegar ríkið fer með völdin, og gerir ekki skýra arðsemiskröfu líkt og aðrir eigendur, er alltaf ákveðin freisting fyrir stjórnendur að slaka á klónni og vera ekki til leiðinda með því að segja upp fólki eða taka erfiðar ákvarðanir. Þess í stað mun ríkið sem eigandi bankanna hafa hvata til þess að reyna að vernda þá fyrir samkeppni og koma í veg fyrir að tæknibreytingar verði innleiddar sem koma þeim illa. Það er ekkert efamál að ríkiseignarhald á bönkum mun verða þjóðinni mjög dýrt til lengri tíma.

Það verða ávallt að vera sterk velferðarrök fyrir því af hverju ríkið eigi að taka að sér rekstur fyrirtækja. Ég sé engin slík rök fyrir því að ríkið eigi að eiga bankana, nema að því leyti að erfitt verður að koma þeim í verð og finna kaupendur að þeim.“

Ásgeir segir að í opnu umhverfi hljóti bankarnir að vera undir miklum samkeppnisþrýstingi frá erlendum bankastofnunum, fjártæknifyrirtækjum og skuggabankastarfsemi. „Það er dálítil skammsýni að álíta að íslensku bankarnir þrír geti haldið áfram að hagnast nær fyrirhafnarlaust og þeir séu örugg eign fyrir íslenska ríkið. Bankarnir eru ekki einhver peningavél sem getur skilað hagnaði eins og ekkert sé og ég áleit að hrunið 2008 hefði fært heim sanninn um það.“

## Áhrif PSD2 reglugerðarinnar á tekjur viðskiptabanka í Evrópu




Heimild: Sopra Banking

**Þegar ríkið fer með völdin, og gerir ekki skýra arðsemiskröfu líkt og aðrir eigendur, er alltaf ákveðin freisting fyrir stjórnendur að slaka á klónni.**



Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands



# Krefjandi umhverfi á erlendum mörkuðum



**Birgir Haraldsson**
rekur ráðgjafarfyrirtækið Nightberg í New York.

**Það er því útlit fyrir að á þessu fyrsta „frjálsa“ ári fyrir íslenska fjárfesta erlendis í langan tíma verði markaðsumhverfið nokkuð breytt frá því sem hefur verið.**

Í kjölfarið á því að sýna eina kröftugustu efnahagslegu frammistöðu þróaðra landa á heimsvísu undanfarin ár þá opnaðist Ísland á nýjan leik á þessu ári gagnvart erlendum fjármálamörkuðum með afnámi fjármagnshafta. Á sama tíma og sú langþráða kerfisbreyting átti sér stað þá var alþjóðahagkerfið sjálft sem og fjármálamarkaðir víðsvegar um heiminn að sýna eina allra bestu frammistöðu síðari ára. Heimshlutabréfavísitalan hefur hækkað um 18 prósent á þessu ári og situr nú í sögulegum hæðum og hafa nýmarkaðsríki leitt þá þróun og hækkað um 30 prósent. Kröftugur heimshagvöxtur og viðráðanleg verðbólga hefur hjálpað til ásamt veikingu bandaríska dalsins, en fjármálamarkaðir nýmarkaðsríkja eru einkum viðkvæmir fyrir sveiflum þess mikilvæga gjaldmiðils.

Nú þegar fyrsta (heila) „frjálsa“ árið er fram undan hjá íslenskum fjárfestum þegar kemur að erlendum fjármálamörkuðum í langan tíma, þá er vert að spyrja hvert sé útlitið fyrir komandi ár.

Til að byrja með, þá þarf að hafa í huga að samhliða þessum hækkunum erlendra fjármálamarkaða þá hefur þátttaka fjárfesta aukist mikið þar sem fjármagnsflæði inn í bæði hlutabréf sem og skuldabréf fyrirtækja hefur verið mjög kröftugt síðustu 18 mánuði. Þetta sést með því að skoða vikulegar tölur um fjármagnsflæði ásamt niðurstöðum skoðanakannana á lausafjárstöðu fjárfesta, en margar slíkar kannanir sýna hana nú í sögulegu lágmarki. Með öðrum orðum, það er rýrt framboð á fúsum kaupendum þegar við nálgumst nýtt ár þar sem lítið er um lausafé innan alþjóðlegra eignasafna. Heimshagkerfið hefur að sönnu verið kraftmikið þetta árið en sú saga er að fullu verðlögð og hefur víða náð eyrum fjárfesta sem hafa stóraukið fjárfestingar sínar.

Með þetta í huga, þá er vert að meðtaka tvo þætti sem gætu hið minnsta skapað mótvind fyrir erlenda markaði, þá sérstaklega innan nýmarkaðsríkja, og jafnvel talsverðan óróleika á komandi ári.

Fyrir það fyrsta, þá er líklegt að verðbólga vaxi þó nokkuð í Bandaríkjunum á komandi ári og valdi brattari vaxtahækkunum en nú þegar er gert ráð fyrir og styrki þar með gengi bandaríska dalsins. Í ljósi þess hversu litla stöðu fjárfestar hafa í bandaríska gjaldmiðlinum í dag þá þarf ekki mikla breytingar á horfum um vexti og verðbólguvæntingar til að drífa áfram kröftuga styrkingu á dalnum eins og hefur byrjað að eiga sér stað síðustu vikur. Ef þetta reynist rétt þá eru fjármálamarkaðir nýmarkaðsríkja viðkvæmir fyrir komandi ári, bæði þar sem sterkari Bandaríkjadalur skapar sjálfkrafa pressu og í ljósi þeirra öflugu fjármagnsflutninga sem hafa átt sér stað til nýmarkaðsríkja þetta árið og aukið næmi þeirra fyrir slíkum gjaldeyrissveiflum.

Ofan á þetta bætast við nýlegar hreyfingar á rauntíma hagvísum fyrir alþjóðahagkerfið sem eru farnir að gefa til kynna að hámark hagsveiflunnar sé ekki langt undan og gæti jafnvel fallið til á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Þessi þróun, sem sennilega má rekja til kínverska hagkerfisins, er enn á upphafsstigum, en þegar fjármálamarkaðir eru margir hverjir í hæstu hæðum á sama tíma og lausafé alþjóðafjárfesta er lítið þá þarf ekki miklar breytingar til hins verra á hagvaxtarvæntingum til að stöðva verðhækkanir og jafnvel drífa áfram verðlækkanir. Aftur eru það nýmarkaðsríkin sem eru viðkvæm fyrir þessum breytingum sem gætu átt sér stað á næsta ári þar sem næmi þeirra til alþjóðahagvaxtar er talsvert.

Það er því útlit fyrir að á þessu fyrsta „frjálsa“ ári fyrir íslenska fjárfesta erlendis í langan tíma verði markaðsumhverfið nokkuð breytt frá því sem hefur verið þetta árið og enn meira krefjandi. Svigrúmið fyrir neikvæða hagþróun er ekki mikið í ljósi lítils lausafjár innan alþjóðlegra eignasafna og mun hitinn í kringum nýmarkaðsríkin á þessu ári líklegast kólna þó nokkuð: að reiða sig á sterka frammistöðu þessara markaða í dag sem leiðarvísi fyrir næsta ár gæti verið varasöm stefna.



**Það er útlit fyrir að á þessu fyrsta „frjálsa“ ári fyrir íslenska fjárfesta erlendis í langan tíma, verði markaðsumhverfið nokkuð breytt frá því sem hefur verið þetta árið og enn meira krefjandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki bara gera eitthvað



**Guðmundur Tómas Axelsson**
framkvæmdastjóri WebMo Design.

**Það þarf að svara skilaboðum og vera virkur en „dauðar“ samfélagsmiðlasíður eru verri en engin síða.**

Stafræn markaðssetning er orðin sjálfsagður hluti af markaðsstarfi fyrirtækja. Áhersla fyrirtækja beinist þar sérstaklega að samfélagsmiðlum enda nýta nánast allir eigendur snjalltækja sér þá á einn eða annan hátt. Fyrirtæki eru hins vegar komin mislangt í markaðssetningu á samfélagsmiðlum. Sum eru mjög langt komin og eru með starfsfólk, jafnvel deildir, sem sérhæfa sig eingöngu í stafrænum miðlum. Önnur eru jafnvel nánast týnd og vita ekki alveg í hvorn fótinn þau eiga að stíga þegar kemur að samfélagsmiðlum.

Fyrirtækin vita að þau þurfa að vera þarna en vita ekki alveg hvernig þau eiga að bera sig að né á hvaða miðlum þau eiga að vera. Er til dæmis Facebook málið? Instagram? Eða jafnvel LinkedIn? Einhver annar miðill eða allir? Eins vita fyrirtæki oft ekki hvað þau eiga að segja, hvaða skilaboðum á að koma á framfæri fyrir utan að hafa takmarkaða kunnáttu á miðlunum sjálfum. Fyrir vikið enda samfélagsmiðlar sem hálfgerð kvöð á fyrirtækjum og oft á tíðum er verið að reyna að finna eitthvert efni til að setja á þessa miðla með misgóðum árangri. Er þá hvatinn oft sá að fyrirtækið telur sig þurfa að setja eitthvað inn þar sem það er orðið svo langt síðan síðasta færsla var sett inn.




**Stafræn markaðssetning er nú orðin sjálfsagður hluti af markaðsstarfi flestra fyrirtækja.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Það sama virkar ekki á öllum miðlum**

Það getur verið gott að hafa í huga að gera ekki bara eitthvað og alls ekki mikla þetta fyrir sér. Markaðssetning á samfélagsmiðlum þarf ekki að vera svo mikið mál. Byrjaðu einfalt og lærðu inn á þetta. Mótaðu stefnu er varðar samfélagsmiðla. Spurðu einfaldra spurning eins og hvaða miðlar henta fyrirtækinu best? Hvaða skilaboðum og efni á að koma til skila? Til hvaða markhópa á að ná? Hvað er fyrirtækið til í mikla skuldbindingu til þess að gera þetta vel? Margir átta sig ekki á að því fylgir skuldbinding að fara á samfélagsmiðla. Það þarf að svara skilaboðum og vera virkur en „dauðar“ samfélagsmiðlasíður eru verri en engin síða.

Gott er að byrja á að velja einn miðil og bæta svo við þegar reynsla er komin. Facebook hentar til dæmis einstaklega vel hér á Íslandi en það fer að sjálfsögðu eftir því hver tilgangurinn er.

Settu upp plan til 2-4 vikna í senn. Þar ákveður þú hvaða myndefni þú vilt hafa, hvaða skilaboðum þú vilt ná fram, hvernig textinn á að vera, hvenær á að birta og hversu lengi, hvaða markhópa á að ná til, hvort um sé að ræða færslu eða skuggafærslu og hvað þú ætlar að eyða miklum pening í hverja færslu og/eða auglýsingu. Vertu faglegur með því að skrifa góðan texta, hafa myndir í réttri stærð, linka ef við á og skilgreina tilgang miðað við markmið. Tjákn (emojis) geta lífgað upp á færslur ef þau eru rétt notuð. Gott er að hafa í huga að samfélagsmiðlar eru hluti af heildar markaðsstarfi og birtingum fyrirtækisins og þurfa að tóna við það. Það er samt ekki víst að það sé hægt að nota nákvæmlega sömu rödd á samfélagsmiðlum og á öðrum miðlum. Það virkar hreinlega ekki alltaf það sama á þessum miðlum og í til dæmis sjónvarpi og blöðum.

**Skoðaðu árangurinn**

Mundu að skoða árangurinn en á samfélagsmiðlum geturðu brugðist strax við. Þú ert í raun alltaf með puttann á púlsinum. Samfélagsmiðlar eru líka kjörinn vettvangur til þess að gera tilraunir og sjá hvaða hlutir virka og virka ekki.



# Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.**

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

fyrirspurn@heild.is

www.heild.is

HEILD
fasteignafélag

# Skotsilfur

## Til Eimskips



**Sigurður Orri Jónsson**, sem setið hefur í framkvæmdastjórn Skeljungs frá júlímánuði 2015, síðast sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, hefur hafið störf hjá Eimskip. Hefur hann verið ráðinn forstöðumaður hjá skipafélaginu en þar mun hann meðal annars sinna sölumálum. Sigurður er ekki ókunnugur nýjum starfsvettvangi en áður en hann var ráðinn til Skeljungs gegndi hann meðal annars stöðu framkvæmdastjóra Eimskips í Danmörku. Hann hefur þó ekki formlega látið af störfum hjá olíufélaginu, en í tilkynningu félagsins kom fram að hann myndi sinna störfum framkvæmdastjóra þar til eftirmaður hans hefur verið fundinn.

## Lætur til sín taka



Færeyingurinn **Hendrik Egholm** var ekki lengi að láta til sín taka eftir að hann tók við starfi forstjóra olíufélagsins Skeljungs í byrjun október. Alls var 29 starfsmönnum félagsins sagt upp störfum í síðustu viku en samhliða uppsögnunum var skipulagi Skeljungs gjörbreytt, svið sameinuð og stjórnunarstöðum fækkað. Standa vonir Færeyingsins til þess að rekstrarkostnaður félagsins geti lækkað um 160 milljónir króna á ári. Það munar um minna á tímum sem þessum þegar launakostnaður fer ört hækkandi og samkeppnin – eftir tilkomu Costco – hefur aldrei verið harðari.

## Versla minna



Afkoma N1 á þriðja ársfjórðungi var með ágætum en þó kom dræm sala mörgum á óvart. Þannig dróst eldsneytissala saman um 0,6 prósent í krónum talið, en greinendur höfðu reiknað með töluverðri aukningu. Forstjórinn, **Eggert Þór Kristófersson**, hefur nefnt að merki séu um að ferðamenn fari styttri ferðir út á land en áður. Greinendur Landsbankans taka skýrar til orða og segja einfaldlega að svo virðist sem ferðamaðurinn hafi dregið úr viðskiptum sínum við félagið.

# Afkoma HSBC vel yfir væntingum



Hagnaður stórbankans HSBC fyrir skatta jókst um 448 prósent og nam 843 milljónum dala á þriðja fjórðungi ársins. Var afkoman vel yfir væntingum greinenda. Stuart Gulliver, bankastjóri HSBC, sagði á afkomufundi að aðhaldssamar kostnaðaraðgerðir og gott gengi bankans í Asíu hafi átt stóran þátt í bættri afkomu. Stjórnendur bankans hafa undanfarið sagt upp fjölda starfsmanna og selt eignir til þess að koma rekstrinum á réttan kjöl. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Innlend hlutabréfaeign ofmetin



**Jóhann Gísli Jóhannesson**
sjóðsstjóri hlutabréfasjóða GAMMA

Íslenska lífeyrissjóðskerfið er með því stærsta sem gerist í alþjóðlegum samanburði sem hlutfall af landsframleiðslu. Heildareignir íslenskra lífeyrissjóða nema rúmlega 3.500 milljörðum króna eða tæplega einni og hálfri landsframleiðslu. Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarið um eignasamsetningu lífeyrissjóðanna og þá sérstaklega um hlutfall erlendra eigna. Eins og aðrir hér á landi voru lífeyrissjóðirnir fastir með fjármagn sitt innan gjaldeyrishafta í mörg ár og þannig dró úr hlutfalli erlendra eigna en samhliða jukust innlendar eignir og þá sérstaklega innlend hlutabréf. Það verður þó að hafa það í huga að í kjölfar bankahrunsins árið 2008 þurrkuðust yfir 90% af markaðsvirði innlendra hlutabréfa út og því var hlutfall þess í eignasafni lífeyrissjóða mjög lítið fyrst um sinn.

Af umræðunni að dæma virðist það vera trú margra að eign íslenskra lífeyrissjóða í innlendum hlutabréfum sé mjög mikil en raunveruleikinn er annar. Heildarmarkaðsvirði skráðra fyrirtækja er tæplega 1.000 milljarðar og eiga lífeyrissjóðirnir samtals tæplega 400 milljarða af því. Tvö fyrirtæki bera höfuð og herðar yfir önnur hvað stærð varðar en það eru Marel og Össur með markaðsvirði upp á 250 og 200 milljarða hvort um sig. Þessi tvö fyrirtæki eru því meira en 45% af stærð innlenda hlutabréfamarkaðarins og eru lífeyrissjóðir stórir hluthafar í þeim. Af markaðsvirði Marels eiga lífeyrissjóðir um 85 milljarða en í tilfelli Össurar er eign þeirra um 50 milljarðar.

Marel og Össur eru stór alþjóðleg fyrirtæki, bæði leiðandi í sinni atvinnugrein, tekjur þeirra beggja eru nær allar erlendar og starfsemi þeirra að sama skapi að miklu leyti erlendis. Þau eru bæði í samkeppni við önnur alþjóðleg fyrirtæki og rekstrarhorfur sveiflast mun meira með hagsveiflum erlendis en hér á landi. Að þessu sögðu er eðlilegt að skoða hvernig eign lífeyrissjóðanna liti út ef félögin væru flokkuð sem erlend eign. Þess ber að geta að Össur hefur þegar tilkynnt að hlutabréf fyrirtækisins muni verða afskráð af íslenska markaðnum fyrir lok árs. Þau munu því einungis verða skráð í Danmörku og ættu því sjálfkrafa að flokkast sem erlend eign í bókum lífeyrissjóðanna við þá breytingu.

Eins og sést á myndinni mun innlend hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna lækka um 50 milljarða þegar bréf Össurar verða afskráð af íslenska markaðnum, og ef Marel færi sömu leið myndu 85 milljarðar í viðbót flokkast sem erlend hlutabréfaeign lífeyrissjóða. Samtals myndi innlend hlutabréfaeign þeirra því lækka um tæplega 40 prósent.

**Eign lífeyrissjóða í einstökum félögum**
% af heildareignum




Ekki er vitað til þess að Marel íhugi erlenda skráningu en engu að síður er ekki óeðlilegt að horft sé á eignarhlut í Marel sem erlenda eign þar sem fyrirtækið á meira sameiginlegt með erlendum fyrirtækjum en innlendum. Auk þess er alls ekki ólíklegt að bréf Marels verði skráð í erlenda kauphöll í framtíðinni enda fram undan mikill vöxtur hjá fyrirtækinu sem mögulega væri auðveldara að fjármagna ef félagið væri skráð erlendis.

Athyglisvert er að skoða hvaða áhrif þessi sviðsmynd hefur á samsetningu heildareigna lífeyrissjóða. Af heildareignum lífeyrissjóðanna eru í dag um 11% fjárfest beint í innlendum hlutabréfum. Við afskráningu Össurar fer hlutfallið í 9,6% en væri Marel flokkað sem erlend eign, lækkar hlutfallið í einungis 7,3%. Að sama skapi mun hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða hækka úr um 22% í 23,4% við afskráningu Össurar og í 25,7% væri Marel flokkað sem erlend eign. Í því samhengi má benda á að af erlendum eignum lífeyrissjóðanna er yfirgnæfandi meirihluti þeirra í hlutabréfum, með því hæsta sem gerist í OECD-löndunum.

Við fyrstu sýn lítur út fyrir að lífeyrissjóðirnir eigi mikið undir í íslenskum hlutabréfum en við nánari athugun kemur annað í ljós. Ljóst er að Össur mun verða afskráð úr íslensku kauphöllinni fyrir árslok og þá má færa góð rök fyrir því að líta ætti á Marel sem erlenda eign. Sé þessi mynd teiknuð upp kemur í ljós að hlutfall innlendra hlutabréfa af heildareignum lífeyrissjóðanna er rúmlega 7%. Því er engin ástæða til þess lífeyrissjóðirnir haldi ekki áfram fjárfestingum í innlendum hlutabréfum samhliða auknum erlendum fjárfestingum

# Gæði, þægindi, kostnaður og aðgengi



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka.

Ég starfaði á vídeóleigu þegar kvikmyndir voru fyrst gefnar út á DVD-diskum. Eigandinn hafði takmarkaða trú á þessari nýju tækni fyrst um sinn en það skipti litlu þegar upp var staðið, viðskiptavinirnir vildu DVD og fengu þá að lokum. Hver spóla eða diskur kostaði leigurnar umtalsverðar fjárhæðir, enda þurfti að texta þær á íslensku og merkja þar sem óheimilt var að leigja út erlendar vörur. Einhverjir keyptu sér spólur erlendis og einstaka krakki fjölfaldaði myndir og þætti til sölu á Irc-inu en umfangið var óverulegt. Að teknu tilliti til gæða, þæginda, kostnaðar og aðgengis var best að versla við vídeóleigurnar.

Á svipuðum tíma og Íslendingar voru að venjast DVD-diskum hóf lítið fyrirtæki, Netflix, að bjóða upp á áskriftarþjónustu vestanhafs þar sem diskar voru sendir heim með pósti og skilað sömu leið. Forsvarsmenn fyrirtækisins stungu upp á samstarfi við helsta samkeppnisaðilann, myndbandaleigurisann Blockbuster. Netflix myndi dreifa myndum í pósti í nafni Blockbuster og hinir síðarnefndu auglýstu og kynntu Netflix fyrir viðskiptavinum sínum. Ekkert varð úr samstarfinu en um áratug síðar varð Blockbuster gjaldþrota og Netflix farið að bjóða upp á streymi sjónvarpsefnis og kvikmynda á vefnum. Í dag eru vídeóleigur ekki til og tekjur Netflix helmingi hærri en þær voru mestar hjá Blockbuster. Þegar neytendur meta gæði, þægindi, kostnað og fyrirhöfn hefur Netflix haft vinninginn, rétt eins og Spotify á tónlistarsviðinu og Steam á tölvuleikjamarkaðnum. Raunar var því haldið fram í skýrslu bresku hugverkastofunnar að sterk tengsl væru á milli uppgangs streymisþjónusta og mikils samdráttar í ólöglegu niðurhali. Svo virðist sem neytendur hafi ekki viljað nálgast efni með ólöglegum hætti, án alls kostnaðar, heldur hafi vantað þjónustu sem bauð upp á rétta blöndu gæða, þæginda, kostnaðar og aðgengis.

Hinn mjög svo misgóði leikari Edward Norton kom með áhugaverðan punkt í nýlegu viðtali við bankann Goldman Sachs. Hann sagði ástæðu þess að hugbúnaðarfyrirtæki hafi tekið yfir dreifingu tónlistar þá að tónlistargeirinn reyndi að berjast á móti niðurhalsforritum á borð við Napster í stað þess að tileinka sér tæknina. Sú þróun hafi vissulega komið nokkuð á óvart en Hollywood hafi í áratug séð í hvað stefndi. Netflix væri ekki til í dag hefðu kvikmyndaframleiðendur tileinkað sér og sótt fram í nýrri tækni í stað þess að leggja áherslu á að verja hefðbundna dreifingu í formi DVD-diska.

Það er ekki hægt að stöðva tæknilega framþróun. Við getum haft okkar skoðun á því hvort okkur þyki þróunin góð eða slæm en hún þeysist áfram hvort sem er. Netflix, Amazon og fleiri dreifingaraðilar hafa komið sér í yfirburðastöðu og bera ábyrgð á að halda gæðunum í lagi. Við ættum því öll að hafa áhyggjur af 8 mynda samningi Netflix við Adam Sandler en hver veit nema Billy Madison 2 sé í vinnslu, þá sleppur þetta.



LEXUS OG EGILS APPELSÍN
kynna með stolti
Örfáir miðar eftir!
Jól með
Sissel
ELDBORG HÖRPU
20. DESEMBER KL. 18 OG 20.30
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ BÆTA
VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM
MIÐASALA Á HARPA.IS/SISSEL OG Í SÍMA 528 5050.
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/SISSEL

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. nóvember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

# Sigurhjörtur hættur sem forstjóri Mannvits

Sigurhjörtur Sigfússon hætti í liðinni viku störfum sem forstjóri verkfræðistofunnar Mannvits. Hann hafði gegnt starfinu frá byrjun árs 2015. Jón Már Halldórsson, sem gegnt hefur stjórnarformennsku í verkfræðistofunni undanfarin fimm ár, hefur tekið tímabundið við forstjórastarfinu á meðan eftirmanns Sigurhjartar er leitað.

Fleiri breytingar hafa orðið á framkvæmdastjórn Mannvits undanfarið en fyrr í haust lét Sigríður Indriðadóttir af störfum sem mannauðsstjóri.



Sigurhjörtur Sigfússon

Áður en Sigurhjörtur tók við forstjórastarfinu var hann fjármálastjóri Mannvits frá árinu 2012. Hann hefur auk þess starfað sem sérfræðingur hjá Straumi-Burðarási og forstöðumaður áætlana og greininga hjá Skiptum, forvera Símans.

Mannvit, sem er ein stærsta verkfræðistofa landsins, skilaði 319 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 87 milljóna króna hagnað árið áður. – kij

27.10.2017

> Við erum nú þegar mjög sköttuð á nær alla kanta. Það er erfitt að sjá fyrir sér að hægt sé að sækja mikið meira fjármagn með hærri skattbyrði.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Íhald og einangrun

**Ekki urðu** nýafstaðnar kosningar til þess að einfalda stöðuna í íslenskum stjórnmálum. Þvert á móti. Á þingi eru nú átta flokkar og engin hefðbundin tveggja flokka stjórn möguleg.

**Ljóst er** að nú reynir á færni stjórnmálamannanna í mannlegum samskiptum ef ekki á að ganga til kosninga aftur snemma á nýju ári. Getur ekki verið að kjósendur séu hreinlega að kalla á hófsama, íhaldssama stjórn sem tekur tillit til allra sjónarmiða?

**Annað sem lesa má** úr kosningunum er að ekki virðist mikið ákall meðal kjósenda um frjálslyndi og alþjóðahyggju.

**Hvernig er** annars hægt að lesa annað út úr kosningum sem virðast hafa leitt þrjá Framsóknarflokka inn á þing í formi Miðflokksins og Flokks fólksins til viðbótar við gömlu góðu Framsókn. Fólk vill greinilega óbreytta stöðu í gjaldmiðilsmálum. Evrópusambandið er langt frá því að vera á dagskrá.

**Hið góða** við þessa snúnu stöðu er þó sú staðreynd að ríkisstjórnir sem samanstanda af mörgum flokkum eru líklegar til að draga öfgarnar úr flokkunum. Þannig mun Katrín Jakobsdóttir blessunarlega aldrei halda ein á tékkheftinu, og Sjálfstæðisflokkurinn getur á móti ekki fyllt stjórnarráðið eingöngu af körlum komnum af léttasta skeiði.

**Sigmundur Davíð**, komist hann í stjórn, getur svo lagt áherslu á sitt eina stefnumál og leyft samstarfsflokkunum að ráða rest.

**En að öllu gamni slepptu** þá virðist sem íhaldssöm og þjóðleg stjórn komi upp úr krafsinu sama hvernig fer.

**Þeirra sem** aðhyllast alþjóðleg og frjálsleg sjónarmið í flestum málum bíður svo það verkefni að láta í sér heyra á komandi kjörtímabili og mynda mótvægi við ríkisstjórnina.

**Taki hver til sín sem vill**, en nú hlýtur að vera dauðafæri til að byggja upp fjöldastuðning við slíka hreyfingu.

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi
Barnaheill Save the Children á Íslandi




# Hluthafafundur Skeljungs hf.

## 2. nóvember 2017

Hluthafafundur verður haldinn hjá Skeljungi hf. kl. 16:00, fimmtudaginn 2. nóvember 2017, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, í fundarsal I.

### Dagskrá fundar

1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins.
2. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins er viðkemur kaupum félagsins á eigin hlutum.
3. Önnur mál löglega upp borin.

**Réttindi hluthafa**
Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá, samkvæmt hlutaskrárkerfi félagsins þegar fundurinn fer fram, geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hlutaskrá miðar við skráningu hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð við lokun Kauphallar þann 31. október 2017. Eigi hluthafar viðskipti eftir þann tíma geta þeir komið með kvittun fyrir þeim viðskiptum á fundinn og fengið hlutaskrána leiðrétta. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja fund og taka þar til máls.
Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund á fjarfestar@skeljungur.is eða á fundinum sjálfum. Hluthafa er heimilt að sækja fundinn ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð. Umboðseyðublað er að finna á heimasíðu félagsins. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á fundinum eða það sent á tölvupóstfangið fjarfestar@skeljungur.is. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að fundur hefst.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardag.

Öll fundargögn, þ.m.t. umboðs- og framboðseyðublöð, sem og nánari upplýsingar um réttindi hluthafa má finna á heimasíðu félagsins.

**Reykjavík, 1. nóvember 2017,**
**Stjórn Skeljungs hf.**

Skeljungur


TJARNARBÍÓ
SÓLEY RÓS
RÆSTITÆKNIR
R.E. Pressan.is
S.J. Fréttablaðið
„Saga sem bætir heiminn.“
J.S.J. Kvennablaðið
„Sólveig túlkar sársauka Sóleyjar Rósar af sterkri innlifun sem lætur engan ósnortinn.“
S.B.H. MBL
„Bráðfyndið leikrit sem hittir beint í hjartastað, fullkomlega íslenskt en á sama tíma sammannlegt og líka skerandi sárt. ... Sterkur efniviður sem unnið er úr af virðingu, hnitmiðaður leiktexti, hárbeitt leikstjórn Maríu Reyndal og stjörnuleikur Sólveigar og Sveins Ólafs“.
D.S. Starfugl
GRÍMAN
ÍSLENSKU SVIÐSLISTAVERÐLAUNIN
Leikrit ársins 2017
Leikkona ársins í aðalhlutverki
Menningarverðlaun DV
Síðustu sýningar!
Sun. 28. okt. kl .20.30
Mið. 8. nóv. kl.20.30
Miðasala á tix.is

## Englandsmeistararnir teknir í kennslustund í Róm




**Stökk hæð sína í loft upp** Stephan El Sharaawy skoraði tvö mörk þegar Roma vann öruggan 3-0 sigur á Chelsea í C-riðli Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Fyrra mark hans kom eftir aðeins 38 sekúndur. Rómverjar voru mun sterkari aðilinn gegn daufum Chelsea-mönnum. Með sigrinum komst Roma á topp riðilsins. Liðið er með átta stig, einu stigi meira en Chelsea og fimm stigum á undan Atlético Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enginn Bale en Kane gæti spilað

**Stórleikur kvöldsins í Meistaradeildinni er á Wembley þar sem Tottenham tekur á móti Real Madrid. Góðar líkur eru á því að Harry Kane geti spilað með Spurs í kvöld. Gareth Bale er frá vegna meiðsla.**

**FÓTBOLTI** Það er mikið undir á Wembley í kvöld er Evrópumeistarar Real Madrid sækja Tottenham Hotspur heim. Liðin eru jöfn á toppi H-riðils með sjö stig eftir fyrri umferðina. Leikur liðanna í Madrid á dögunum var magnaður og Tottenham sótti þar gott stig. Þau hefðu hæglega getað verið fleiri.

Real Madrid er í krísu í fyrsta skipti síðan Zinedine Zidane byrjaði að þjálfa félagið. Tap fyrir nýliðum Girona á dögunum var þó stærsta áfallið og sýndi svo um munaði að ekki er allt með felldu í herbúðum félagsins þessa dagana.



Kane og Ronaldo eftir fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Wembley hefur ekki verið neinn happastaður fyrir Tottenham sem lengi vel gat ekki keypt sigur á vellinum. Það hefur þó aðeins verið að lagast eftir því sem liðið venst því að spila á þessum risastóra leikvangi.

Það eru mjög góð tíðindi fyrir Tottenham að maðurinn sem hefur borið liðið á á herðum sér í vetur, framherjinn Harry Kane, æfði í gær og mun því líklega spila í kvöld. Hann gat ekki spilað í tapleiknum gegn Man. Utd um síðustu helgi vegna meiðsla.

„Við munum ræða við læknana og leikmanninn áður en við tökum ákvörðun sem er best fyrir alla,“ sagði Mauricio Pochettino, stjóri Tottenham, er hann var spurður út í ástand framherjans.

„Ég hef samt góða tilfinningu fyrir því að hann spili. Það er samt ekki mín tilfinning sem skiptir máli heldur hvernig Harry Kane líður sjálfum.“

Þetta er örugglega leikurinn sem Gareth Bale er búinn að horfa til allt tímabilið. Hann var auðvitað seldur frá Tottenham til Real Madrid á sínum tíma og hlakkaði eflaust til þess að spila gegn sínu gamla félagi.

Bale gat ekki spilað fyrri leikinn gegn Spurs vegna meiðsla og hann hefur ekki náð sér góðum af þeim. Þar af leiðandi var hann ekki valinn í leikmannahóp félagsins fyrir leikinn. Svekkjandi fyrir hann sem og eflaust marga stuðningsmenn Tottenham sem vildu sjá hann spila á nýjan leik í London. **henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

### A-riðill

**Man. Utd. - Benfica 2-0**
1-0 Sjálfsmark (45.), 2-0 Daley Blind, víti (77.).

**Basel - CSKA Moskva 1-2**
1-0 Luca Zuffi (32.), 1-1 Alan Dzagoev (65.), 1-2 Pontus Wernbloom (80.).

### B-riðill

**Celtic - Bayern 1-2**
0-1 Kingsley Coman (23.), 1-1 Callum McGregor (74.), 1-2 Javi Martínez (77.).

**PSG - Anderlecht 5-0**
1-0 Marco Verratti (30.), 2-0 Neymar (45+4.), 3-0 Layvin Kurzawa (53.), 4-0 Kurzawa (72.), 5-0 Kurzawa (78.).

### C-riðill

**Roma - Chelsea 3-0**
1-0 Stephan El Shaarawy (1.), 2-0 El Shaarawy (36.), 3-0 Diego Perotti (63.).

**Atl. Madrid - Qarabag 1-1**
0-1 Michel (40.), 1-1 Thomas (56.).
**Rauð spjöld:** Pedro Henrique, Qarabag (59.), Stefan Savic, Atl. Madrid (88.).

### D-riðill

**Olympiakos - Barcelona 0-0**

**Sporting - Juventus 1-1**
1-0 Bruno César (20.), 1-1 Gonzalo Higuaín (79.).

*Manchester United, Paris Saint-Germain og Bayern München eru komin áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar.*

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | Abu Dhabi Ladies | Golfst. |
| 16.55 | Besiktas - Monaco | Sport |
| 19.05 | Valur - Stjarnan | Sport 4 |
| 19.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 19.40 | Liverpool - Maribor | Sport 2 |
| 19.40 | Spurs - Real Madrid | Sport 3 |
| 19.40 | Napoli - Man. City | Sport 5 |
| 21.45 | Meistarad.mörkin | Sport |

**Olís-deild karla í handbolta:**
19.30 FH - Fjölnir

**Domino's-deild kv. í körfubolta:**
19.15 Valur - Stjarnan
19.15 Skallagrímur - Haukar
19.15 Breiðablik - Snæfell
19.15 Keflavík - Njarðvík









# HELLINGUR AF GÓÐU **STÖFFI**

## MARAÞON NOW OG 11GB Á **3.990 KR.***




Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now. Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi. Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.

*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB

365.is | 365

## Merkisatburðir

**1512** Sixtínska kapellan opnuð almenningi.

**1710** Kirkjuklukkan á Hólum rifnar af er hringt er til messu.

**1845** Samfelldar veðurathuganir hefjast í Stykkishólmi.

**1947** Síld finnst í Hvalfirði.

**1961** Vilhjálmur Einarsson stekkur 175 cm í hástökki án atrennu innanhúss, sentimetra hærra en gildandi heimsmet.

**1967** Almannagjá friðuð fyrir bílaumferð.

**1980** Skúli Óskarsson setur heimsmet í réttstöðulyftu.

**1988** Fyrsta fjórburafæðing á Íslandi.

**1991** Hvíti víkingurinn eftir Hrafn Gunnlaugsson frumsýnd.

**1993** Maastricht-samningurinn tekur gildi.

**2004** Eldgos hefst í Grímsvötnum.

# Eygló kveður mjög sátt

**Eygló Harðardóttir hættir nú á þingi eftir níu ára starf. Hún segist ætla að fara að gera eitthvað skemmtilegt og er afar ánægð með nýjan oddvita Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi. Þá segir hún kynjahlutfall nýkjörins þings miður og að úrbóta sé þar þörf.**

Ég kveð mjög sátt og þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna fyrir þjóðina á Alþingi. Ég er líka mjög sátt við að fara að huga núna að nýjum verkefnum," segir Eygló Harðardóttir, fráfarandi þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra. Hún kom inn á þing í lok árs 2008 og hefur því starfað á þinginu í um níu ár.

Eygló hyggur ekki á endurkomu í stjórnmálin. Hvorki á Alþingi né í sveitarstjórnarmálin. „Maður á svo sem aldrei að segja aldrei en þetta er ekki í kortunum í dag."

Ráðherrann fyrrverandi segir margt standa upp úr á stjórnmálaferlinum. Allt frá því að hafa fengið að koma að efnahagslegri endurreisn Íslands og til þess að hafa fengið bæði að sitja í ríkisstjórn og vera í stjórnarandstöðu. „Ég er sérstaklega stolt af nýja almenna íbúðakerfinu og leiguheimilunum og svo breytingum á almannatryggingum," segir Eygló og bætir því við að það standi einnig upp úr að hafa gert sitt til að berjast gegn ofbeldi í samfélaginu.

En maður kemur í manns stað og í stað Eyglóar var Willum Þór Þórsson í oddvitasæti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi í nýafstöðnum kosningum. Eygló líst afar vel á arftakann. „Willum er frábær, það var frábært að vinna með honum þegar við vorum saman á þingi. Þarna er að koma afturinn mjög öflugur og góður fulltrúi fyrir kjördæmið og fyrir landið allt."

Raunar líst Eygló vel á þingflokkinn allan. Segist hún sérstaklega stolt af því að þetta sé annað kjörtímabilið í röð þar sem flokkurinn er með konur í meirihluta. Lögð hafi verið mikil áhersla á að hafa sem jafnasta stöðu kynjanna.



Eygló Harðardóttir er hætt á þingi og hyggur ekki á endurkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég er búin að vera að gera eitthvað skemmtilegt og nú ætla ég að fara að gera eitthvað annað skemmtilegt.**
>
> Eygló Harðardóttir, fráfarandi þingmaður

Víkur nú máli Eyglóar að hinu mjög svo umdeilda kynjahlutfalli nýs þings, en konum fækkaði á milli kosninga. „Það er miður. Maður var að vonast til þess að hlutfallið yrði jafnt. Það er eitthvað sem við eigum að vera að stefna að," segir hún og bætir við að hver og einn flokkur þurfi að huga að því hvað sé hægt að gera til að bæta úr stöðunni. Augljósast sé að konur þurfi að vera í efstu sætum lista. „Þetta er ekkert flókið."

Lífið heldur áfram eftir þingið og segist Eygló einfaldlega stefna að því nú að gera eitthvað skemmtilegt. „Ég er búin að vera að gera eitthvað skemmtilegt og nú ætla ég að fara að gera eitthvað annað skemmtilegt."

Eygló segir mikilvægt að viðhorfið sé þannig að fólk geti farið inn á þing en líka aftur út af þingi. „Ég held það sé ekki síður mikilvægt ef menn ætla að fara kjósa árlega að viðhorfið sé þannig að fólk geri ekki ráð fyrir því að þetta sé starf sem þú ert í alla ævina."

thorgnyr@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 1. NÓVEMBER 1974

## Fjölmennasti miðilsfundur Íslandssögunnar á Hótel Loftleiðum

„Í gærkvöld var haldinn sérstæður miðilsfundur í Víkingasal Hótel Loftleiða í Reykjavík. Um tvö hundruð manns sóttu fundinn," segir í inngangi fréttar á forsíðu Tímans þann 2. nóvember árið 1974. Um var að ræða fjölmennasta miðilsfund landsins til þessa og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fjölmennasta miðilsfund í sögu þjóðarinnar.

Tíminn greinir frá því að Ólafur Jensson, verkfræðingur og þáverandi varaforseti Sálarrannsóknafélags Íslands, hafi opnað fundinn með erindi og talað um miðilssamband Hafsteins Björnssonar. Fundurinn var haldinn í tilefni af sextíu ára afmæli Hafsteins.

„Síðan hófst fundur, þar sem hinir svokölluðu sitjarar (aðstoðarmenn) sátu hið næsta miðlinum, en gestir í salnum fjær," heldur Tíminn áfram. Eftir miðilsfundinn var að sjálfsögðu boðið upp á kaffi og hélt Guðmundur Einarsson, forseti félagsins, ræðu og afhenti Hafsteini afmælisgjöf frá félaginu.

„Þetta er í fyrsta skipti í sögu spíritismans á Íslandi, sem slíkur fundur er haldinn. Venjulega sitja aðeins örfáar manneskjur transfundi, oftast þetta fjórar til sex. Hér, aftur á móti, var fullur salur áhorfenda, sem allir fylgdust nákvæmlega með því sem fram fór."

– þea


**Í tilefni af 60 ára afmæli Hafsteins Björnssonar miðils,**
heldur Sálarrannsóknarfélag Íslands hátíðarfund í Víkingasal Hótel Loftleiða í dag föstudaginn 1. nóvember kl. 20,30.
Dagskrá:
Erindi.
Miðilsfundur.
Kaffiveitingar.
Aðgöngumiðar seldir í skrifstofu félagsins, Garðastræti 8 milli kl. 5—7 í dag.

**Fundurinn var auglýstur í blöðum.** MYND/SKJÁSKOT

---



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Steinsdóttur**
(Dúru á Múla)
Áshamri 45, Vestmannaeyjum.

**Jóhann Ólafsson**
**Þorgerður Jóhannsdóttir** — **Magnús Kr. Sigurðsson**
**Guðmundur Jóhannsson** — **Margrét Kjartansdóttir**
**Ómar Jóhannsson** — **Elín Lárusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Guðmundssonar**

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Seljahlíðar fyrir einstaka umönnun.

**Einar Már Guðmundsson** — **Þórunn Jónsdóttir**
**Guðmundur Hrafn Guðmundsson**
**Auður Hrönn Guðmundsdóttir** — **Eberhard Jungmann**
**Skúli Ragnar Guðmundsson** — **Sigríður Gústafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Steinunn Kristín Gísladóttir**
áður til heimilis á Njálsgötu 102,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík 25. október. Útförin fer fram í Laugarneskirkju föstudaginn 3. nóvember kl. 11.00.

**Björgvin Sigurðsson** — **Lilja Leifsdóttir**
**Alda Sigurðardóttir** — **Ómar Kaldal Ágústsson**
**Sigríður Rúna Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kapitola Snjólaug Jóhannsdóttir**
Mýrargötu 18, Neskaupstað,
áður Hamragerði 7, Egilsstöðum,

lést á Sjúkrahúsinu í Neskaupstað 25. október. Útför fer fram frá Norðfjarðarkirkju fimmtudaginn 2. nóvember kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Austfjarða og Hollvinasamtök FSN í Neskaupstað.

**Sveinn Árnason**
**Jóhann S. Hákonarson** — **Sigríður Kristinsdóttir**
**Aðalsteinn Hákonarson** — **Elínborg Valsdóttir**
**Inga Birna Hákonardóttir**
**Þorveig Hákonardóttir** — **Guðmundur Ólafsson**
**Elín Hildur Sveinsdóttir** — **Ragnar Guðmundsson**
**Stefanía Anna Hoskins** — **Chris Hoskins**
**Eva Steinunn Sveinsdóttir** — **Þorvarður Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Hörður Sigtryggsson**
skipasmiður,
Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 24. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. nóvember kl. 11.00

**Soffía Ó. Melsteð** — **Jóngeir Hjörvar Hlinason**
**Björk Ólafsdóttir** — **Ketill Guðmundsson**
**Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Eygló Ólafsdóttir**
**Ægir Ólafsson** — **Hlíf Sævarsdóttir**
**Sigtryggur Ólafsson** — **Kristín Þyri Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Okkar elskaði

**Magnús Andri Hjaltason**
Staðarhrauni 21, Grindavík,

lést mánudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 3. nóvember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Hjörtfríður Jónsdóttir**
**Erna Rún Magnúsdóttir** — **Óðinn Árnason**
**Berglind Anna Magnúsd.** — **Þráinn Kolbeinsson**
**Hjalti Magnússon** — **Hrafnhildur Erla Guðmundsd.**
**Hjalti Már Hjaltason** — **Hjördís Jóna Sigvaldadóttir**
**Stefanía Björg Einarsd.** — **Ólafur Þór Þorgeirsson**
**og afabörnin, Hjörtfríður og Árni Jakob Óðinsbörn.**

# HÁGÆÐA GRÆJUR

## TEAC
## PLÖTUSPILARI
TACTN-300-B
Vandaður plötuspilari með USB tengingu
Stöðugur platti úr áli
Reimdrifinn með 2 hröðum: 33 1/3, 45

**Verð kr.: 55.900,-**



## Pioneer
## MAGNARI
Heimabíómagnari VSX-832-B
5x130w, Dolby Atmos, Bluetooth

**Verð kr.: 69.900,-**



## Pioneer
## HLJÓMTÆKI
PIX-EM26-B
20W (10W + 10W RMS) (8Ω) / 7,6cm Full Range hátalarar. / Innbyggt Bluetooth 4.0 m. A2DP 1.2, AVRCP 1.4 stuðningi. / Hljómstillir með 5 stillingum / CD Geislaspilari með MP3 stuðningi. / USB afspilun með MP3 stuðningi. / FM Útvarp m. 20 stöðva minni og RDS stuðningi. / Auto Power Off, Klukka, Sleep Timer, 0,5A USB hleðsla. Tengi: USB, Audio-in, Loftnet

**Verð kr.: 25.900,-**



## Pioneer
## HLJÓMTÆKI
PIX-SMC02-W
Geislaspilari sem spilar MP3 og WMA / 20W (10W + 10W RMS) / FM Útvarp m. 30 stöðva minni / Klukka með Timer og Sleep stillingum / Spilar og hleður í gegnum USB / Innbyggt Bluetooth / Bluetooth Wakeup T Tengi: USB, Audio In, Loftnet / Veggfesting / Stærð: 45,1 x 21,5 x 13,2cm (BxHxD) T Fjarstýring fylgir (svört)

**Verð kr.: 26.900,-**



## SAMSUNG
## SJÓNVARP




TILBOÐ

55” Samsung MU6175
Beint / 1300PQ / 4K / UHD: **Kr. 129.900,-**
Áður 149 900,

## Pioneer
## HLJÓMTÆKI
PIX-HM26BT-S
Class D Amplifier (Digital Amplifier) / Power Output: 15 W + 15 W (1 kHz, 10 % THD, 8 ohms) / DAB/DAB+ Tuner (10 Presets) /FM (RDS) Tuner (30 Presets) / Sound Control (Bass/Treble) / Sound Preset Equaliser / Bass Enhancer (P.BASS) / CD-Audio, CD-R/-RW (MP3) / USB Device (MP3)

**Verð kr.: 44.900,-**



## Pioneer
## BÍLTÆKI
með BlueTooth

**Verð frá kr.: 19.900,-**



## muse
## ÚTVARPSVEKJARI
M-189P

Útvarpsklukka með tveimur vekjaraklukkum. Vörpun á klukku upp í loft.

**Verð kr.: 7.490,-**



## SANGEAN
## ÚTVARP
SGWR-15BT BROWN LEAT
FM/AM útvarp / Retro og stílhrein hönnun. / Innbyggt Bluetooth V.2.1 Class II / NFC tenging við snjalltæki með NFC tækni / Mjúk og nákvæm stilling á bylgjulengd / Deep Bass tækni sem gefur dýpri hljóm / 3” 10W Full-Range hátalari / Aux-in og heyrnartólatengi.



**Tilboð: 19.900,-**
LISTAVERÐ: 26.900,-

TILBOÐ

## SANGEAN
## ÚTVARP
SGWR-11
FM/AM útvarp / Faánlegt í viðarlit, Silfur eða svart / Innbyggt loftnet - hægt að tengja aukaloftnet við / Hátalari 3”: 7W RMS / Aux inngangur Tengi fyrir heyrnartól



**Verð kr.: 17.900,-**
LISTAVERÐ: 22.900,-

TILBOÐ

## Pioneer
## HEYRNARTÓL



25% afsláttur

## muse
## CD SPILARI OG ÚTVARP
M-22BT
Ferðatæki með CD, útvarpi og Bluetooth. / Spilar CD / CD-R / CD-RW / geisladiska. Aux in.



**Verð kr.: 9.900,-**

---

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Minnkandi norðanátt og léttir til, en mjög hvasst undir Vatnajökli fram yfir hádegi. Hiti víða 0 til 7 stig, mildast syðst. Hægt vaxandi sunnanátt og þykknar upp í kvöld, fyrst vestast. Hlýnar í veðri.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 4° |
| ↗12 | ↗15 | →10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 6° | 1° |
| ↗7 | ↗5 | ↗10 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 0° |
| ↑2 | ↙13 | ↗5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -3° |
| ↗4 | →2 | ↓5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fjármunir
6. tveir eins
8. svipuð
9. raus
11. hljóta
12. kærleiks
14. gistihús
16. samtök
17. kk nafn
18. dvelja
20. sprikl
21. fugl

**LÓÐRÉTT**
1. útmá
3. fæddi
4. freðmýri
5. skjön
7. fuglategund
10. hlóðir
13. óhreinka
15. skipta
16. for
19. ólæti




**LÁRÉTT:** 2. góss, 6. ff, 8. lík, 9. mas, 11. fá, 12. ástar, 14. hótel, 16. aa, 17. ari, 18. una, 20. ið, 21. rita.
**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. ól, 4. sífreri, 5. ská, 7. fashani, 10. stó, 13. ata, 15. liða, 16. aur, 19. at.

## Skák Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2.508) átti leik gegn Luis Neves Da Silva (2.355), Portúgal, á EM landsliða í gær.

**Svartur á leik**

**29. ... d3! 30. Bb1** (30. Bxd3 Rxd3+ 31. Dxd3 Db4+ 32. Db3 Dd2+ og vinnur). **30. ... Dg8! 31. Hh3 Dg6** og svartur vann skömmu síðar. Góður 3-1 vannst á Portúgal. Auk Hannesar unnu Hjörvar Steinn Grétarsson og Guðmundur Kjartansson sínar skákir.

**www.skak.is:** Slóvenía í dag.




#farasparabara

Drykk eða dekk?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.

íslandsbanki.is/farasparabara


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MIÐNÆTUROPNUN
Í ÚTILÍF SMÁRALIND
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
30% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM NIKE SKÓM
SÉRFRÆÐINGAR FRÁ NIKE
VERÐA Á STAÐNUM
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Svifið hátt á vængjum sorgarinnar

**LEIKHÚS**

**Íó**

★★★☆☆

**Ragnheiður Harpa Leifsdóttir**

**Leikstjórn:** Aude Busson
**Leikkonur:** Aldís Davíðsdóttir, Gríma Kristjánsdóttir og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir
**Leikmynda-, búninga- og brúðuhönnun:** Sigríður Sunna Reynisdóttir
**Tónlist:** Ásta Fanney Sigurðardóttir
**Ljósahönnun:** Arnar Ingvarsson
**Textílhönnun og búningagerð:** Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir



Barnasýningin Íó býður upp á eitthvað nýtt og lifandi í íslensku barnaleikhúsi, segir í gagnrýni. MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR

Hafrún getur ekki sofnað. Hún er lítill sveimhugi sem er nýbúin að missa ömmu sína og veit ekki hvernig takast skal á við sorgina, þetta tóm sem umlykur hvarf ástvinar. Eitt kvöld birtist hvítur hrafn, sem hún gefur nafnið Íó, inni í herberginu hennar og þau halda af stað í ferðalag um undraheima sálarinnar. Áhorfendur geta slegist í för með þeim í Tjarnarbíói um þessar mundir en þessi blíða brúðuleiksýning var frumsýnd við Tjörnina síðastliðinn sunnudag.

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir skrifar handritið og sér um listræna stjórnun en Aude Busson leikstýrir. Söguþráðurinn er fallegur og geymir hugljúf skilboð um sorgarferlið en er á tíðum aðeins of hnykkjóttur. Stórar opinberanir virðast koma eins og þrumur úr heiðskíru lofti frekar en að vefjast saman við framvinduna. Handritið virkar best þegar lítið er sagt og krákukórinn er einkar smellinn sem uppbrot og öðruvísi sögumenn.

Aude hefur starfað mikið við leikhús fyrir okkar yngstu leikhúsáhorfendur. Hún byggir þennan heim upp hægt, leyfir atriðum að lifa með afslöppuðum skiptingum og tekst vel upp í heildina. Sýningin er nýstárleg blanda af brúðuleikhúsi, dansi og skuggaleik í leiðsögn Grímu Kristjánsdóttur sem leikur Hafrúnu. Yfirhöfuð leikur hún af natni en á til að láta einfaldleikann yfirtaka túlkun sína á þessari ungu stelpu sem er að reyna að fá botn í spurningu sem á sér ekki skýrt svar.

Brúðuhönnunin, og reyndar öll hönnun sýningarinnar, gleður augað og þá sérstaklega Íó sjálfur sem er lipurlega stjórnað af Aldísi Davíðsdóttur sem einnig sér um brúðugerðina. Skuggamyndirnar eru sérlega vel heppnaðar og Íó birtist áhorfendum ljóslifandi. Henni til halds og trausts er Sigríður Sunna Reynisdóttir sem sér nánast um allt annað. Leikmyndin er hugvitsamlega gerð, þó að stundum fari of mikill tími í að koma henni saman, en það eru búningarnir hennar Sigríðar Sunnu sem glansa hér. Glitrandi kjólar, dansandi sandöldur og hafdjúpið bláa eru ævintýraleg, marglaga og koma sífellt á óvart. Textílhönnun og búningagerð Tönju Huldar Leví Guðmundsdóttur lyftir hönnuninni á enn hærra plan.

Tónlist Ástu Fanneyjar Sigurðardóttur leikur einnig stórt hlutverk með ljúfsárum hljóðgervlatónum og einföldum melódíum sem henta sýningunni vel en hefði mátt vera fjölbreyttari. Þess væri óskandi að ljósahönnun Arnars Ingvarssonar hefði verið jafn ævintýragjörn og lifandi á borð við búningahönnunina því á tímum var hún alltof dimm.

Barnasýningin Íó býður upp á eitthvað nýtt og lifandi í íslensku barnaleikhúsi með gífurlega fallegri hönnun og dansskotinni framvindu en handritið hefði mátt slípa aðeins betur til. Hér er tekist á við stórar hugmyndir um lífið eftir dauðann og dauðann í lífinu, eitthvað sem öllum börnum er hollt að læra.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Metnaður listrænna aðstandenda skilar þeim Hafrúnu og Íó næstum því alla leið.







# Vel fléttuð fantasía full af hasar, ógnum og góðum boðskap

**BÆKUR**

**Galdra-Dísa**

★★★☆☆

**Gunnar Theodór Eggertsson**

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**Prentun:** Bookwell Digital Oy, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 328
**Kápuhönnun:** Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson




**Í ÖLLUM HASARNUM HEFUR SJÁLF PERSÓNUSKÖPUNIN ORÐIÐ ÖRLÍTIÐ ÚTUNDAN OG PERSÓNURNAR VERÐA FYRIR VIKIÐ HELDUR FLATAR.**

Galdra-Dísa er framhald verðlaunabókarinnar Drauga-Dísu og fjallar, eins og titillinn gefur til kynna, um sömu aðalpersónu, unglingsstúlkuna Dísu, sem mátti reyna sitthvað í fyrri bókinni en ekkert í líkingu við það sem hún nú stendur frammi fyrir. Í fyrstu köflunum eru lesendur leiddir inn í forsöguna; hvernig á því stendur að Dísa kunni að galdra, hvers vegna svo margir líta hana hornauga og ástæðu þess að á heimili hennar býr táningspilturinn Björn sem á ættir að rekja út á land og lengst aftur til fortíðar. Sagan er því vel skiljanleg þeim sem ekki hafa lesið Drauga-Dísu en að kynningu lokinni langar eflaust flesta til þess.

Ég hef alls ekki tölu á öllum þeim kynjakvikindum sem koma við sögu í Galdra-Dísu en get fullyrt að aldrei nokkurn tíma hef ég lesið um sprelllifandi og illskeyttar risaeðlur í unglingafantasíu – en þær hef ég þó lesið í gámavís. Risaeðlurnar, skuggarnir, árarnir og fjárarnir sem spretta fram á síðunum eru til marks um óþrjótandi ímyndunarafl Gunnars Theodórs og þess hvers ímyndunaraflið getur verið megnugt. Sköpunarkraftur höfundar afmarkast þó ekki við ótrúleg kvikindi heldur er söguþráðurinn marglaga og flókinn. Dísa stendur í ströngu og fyrir utan að eiga við Björn frá fortíðinni, þarf hún að takast á við erfiða hljómsveitarmeðlimi, skólafélaga sína og foreldra. Ofan á þetta bætist stúlka, Kíana að nafni, sem er flóttamaður á Íslandi en á rætur að rekja til landsins Gambíelu þar sem allt logar í átökum. Dísa fyllist löngun til að hjálpa stúlkunni og landinu sjálfu og inn í þetta blandast töfrar, bæði góðir og skelfilega slæmir. Dísa flækist á milli landa og tímaskeiða, allt til að bjarga vinkonu sinni, Gambíelu og Birni en þetta er hrottalega hættulegt ferðalag. Stærsta áskorunin er þó án efa sú að Dísa þarf að horfast í augu við sjálfa sig, eigin gjörðir og mistök og sætta sig við að taka afleiðingum þeirra. Og það þurfa fleiri en hún að gera.

Galdra-Dísa er vel skrifuð og spennandi bók enda Gunnar Theodór mikill fléttusmiður. Lesandinn hefur vart undan að lesa, svo mikið er á seyði. Í öllum hasarnum hefur sjálf persónusköpunin orðið örlítið útundan og persónurnar verða fyrir vikið heldur flatar. Ofan á bætist margítrekaður boðskapur bókarinnar, sem felst meðal annars í því að líta í eigin barm og hugsa ekki aðeins um sjálfan sig en það er auðvitað nokkuð sem hvert og eitt mannsbarn hefur gott af að vera minnt á oft á lífsleiðinni.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel fléttaður og ansi ógnvekjandi hasar fyrir fantasíuaðdáendur á öllum aldri.

markhönnun ehf

**nettó**

# Þú færðu nýju bók Arnaldar **Myrkrið veit** í næstu verslun Nettó.




**4.892 KR STK**

**Tilboðið gildir 1. - 5. nóvember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

LAUGARÁSBÍÓ – bara lúxus – midi.is Miðasala og nánari upplýsingar 5%
JACKIE CHAN BROSNAN THE FOREIGNER SÝND KL. 8, 10.25
HAPPY DEATH DAY FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM! SÝND KL. 8, 10.10
Hneturánið 2 SÝND KL. 3.50, 5.50
THE SNOWMAN SÝND KL. 10
MY LITTLE PONY SÝND KL. 3.50, 5.50
UNDIR TRÉNU SÝND KL. 3.50, 5.50, 8

SAMBÍÓIN SAMbio.is KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
THOR RAGNAROK

| ÁLFABAKKA | | | EGILSHÖLL | | | KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 | 12 | THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 6 - 8 - 9 - 10:45 | 12 | THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 | GEOSTORM | KL. 6:30 | 12 | THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP | BLADE RUNNER 2049 | KL. 8 | 16 | GEOSTORM | KL. 6:50 - 9:20 | 12 |
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 | HOME AGAIN | KL. 6 | 6 | LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 4:45 | L |
| THE SNOWMAN | KL. 8 - 10:30 | 16 | AKUREYRI | | | KEFLAVÍK | | |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 | THOR:RAGNAROK 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 | THOR:RAGNAROK 3D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L | GEOSTORM | KL. 8 - 10:30 | 12 | THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:30 | 12 |
| IT | KL. 10:10 | 16 | LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L | GEOSTORM | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L | | | | | | |

Frá þeim sömu og færðu okkur independence Day. Hörkuspennandi hamfaramynd. SOME THINGS WERE NEVER MEANT TO BE CONTROLLED. GEOSTORM
REESE WITHERSPOON Home Again. Besta rómantíska gamanmynd ársins!
Byggð á metsölubók Jo Nesbø THE SNOWMAN
LEGO NINJAGO MOVIE Sýnd með íslensku tali
IT 84% BLADE RUNNER 2049

# Góða skemmtun í bíó

Flísabúðin kynnir hágæða ítalska HELIOSA rafmagnshitara
HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Hitna strax, vindur hefur ekki áhrif, vatnsheldir og menga ekki. Margar gerðir til á lager.
WATERPROOF
Finndu okkur á facebook
Flísabúðin Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

12 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN
4 DAGA OFURTILBOÐ
FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2018!
ROYAL CORINNA Stærð 153x200 sm Fullt verð 124.620 kr. OFURTILBOÐ 87.234 kr. EÐA ADEINS 7.929 kr. Á MÁNUÐI*
30% AFSLÁTTUR!
rekkjan HEILSURÚM
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
ARGH!!! 311017

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
THE PARTY
Island Songs ........ 18:00
690 Vopnafjörður ENG SUB ........ 18:00
The Party ........ 20:00, 22:00
Thelma ........ 20:00
Sumarbörn ........ 20:00
Personal Shopper ........ 22:15
Borg - McEnroe ........ 22:00
690 Vopnafjörður

# Hvað? Hvenær? Hvar?

Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** HÁSTAFIR
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Quest Saloon, Laugavegi 178
Hipp-hopp súpergrúppan HÁSTAFIR vill býður þér í veislu á Quest Saloon. HÁSTAFIR spilaði á hátt í 10 off-venue tónleikum á Airwaves í fyrra en nú ætlar bandið að láta þessa einu tónleika duga.

**Hvað?** Cornelis 80 ára
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Fyrir skemmstu voru liðin 80 ár frá fæðingu Cornelis Vreeswijk. Af því tilefni, honum og skáldskap hans til heiðurs, verða tónleikar í Norræna húsinu. Spottarnir ásamt gestum; Guðrúnu Gunnarsdóttur söngkonu og Björgvini Gíslasyni gítarleikara, flytja mörg af þekktustu og vinsælustu lögum og ljóðum Cornelisar. Sendiherra Svía flytur stutt ávarp í upphafi og eins mun Vera Illugadóttir útvarpsmaður segja frá kynnum sínum af verkum Cornelisar. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00. Aðgangseyrir: 2.500 kr.

**Hvað?** Kvartett Sigurðar Flosasonar: Sígrænir standardar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans mun kvartett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar koma fram. Kvartettinn flytur vel valda sígræna djassstandarda, ekki þá mest spiluðu en frábær og fjölbreytt lög. Ásamt Sigurði koma fram Kjartan Valdemarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á bassa og trommuleikarinn Einar Scheving.



JóiPé og Króli spila á Airwaves off-venue tónleikum á Bryggjunni Brugghúsi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Off-venue á Bryggjunni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Í dag spila Tilbury, Vök, Glowie og JóiPé og Króli.

**Hvað?** OFF VENUE í Petersen svítunni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Heidrik á Heygum, CeaseTone, KAJAK, Vio – Band og Daði Freyr.

**Hvað?** Dölli í Friðarhúsinu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Friðarhúsið, Njálsgötu
Dölli spilar lög af nýútkominni plötu, Upp upp mín sál – og mitt hjarta, milta, nýra, lungu og lifur með, ásamt eldra efni.

### Viðburðir

**Hvað?** Fræðslufundur um konur og strandmenningu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur, Grandagarði
Inga Fanney Egilsdóttir stýrimaður flytur erindið Konan í brúnni og Gunnhildur Hrólfsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, flytur erindið „Þær þráðinn spunnu“. Konur í Vestmannaeyjum og hlutverk þeirra í samfélagi karla. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** J.B.K. RANSU — Momentum 9 – Alienation
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið
„Momentum 9 – Alienation“ er heiti fyrirlesturs Jóns B.K. Ransu sem fer fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Ransu var einn af fimm sýningarstjórum Momentum tvíæringsins sem lauk nú í október í Moss í Noregi. Momentum er einhver stærsta sýning á samtímamyndlist á Norðurlöndunum.

**Hvað?** Píka – Opnun
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hverfisgata 16
Sýningin er gerð til að vekja athygli á píkunni og gera hana sýnilegri í samfélaginu. Sýna bæði fegurð, dulúð og þá töfra sem píkur búa yfir og um leið minna á að hvorki hún né heitið á henni sé tabú. Boðið verður upp á léttar veitingar og fyrstu 30 fá gjafapoka. Sýningin mun standa yfir til 6. nóv. og mun hluti ágóðans renna til UN Women.

**Hvað?** Vegan veisla
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Múltíkúltí, Barónsstíg
Samtök grænmetisæta og Vegan samtökin bjóða til Pálínuboðsveislu í tilefni af alþjóðlega vegandeginum 1. nóvember. Gestir mæta með einn vegan rétt eða drykk á veisluhlaðborð, hitta aðra veganista og borða góðan mat.

**Hvað?** Inklaw X Cintamani vol. 2
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Cintamani, Bankastræti
Partí í tilefni af nýrri línu Inklaw X Cintamani. Léttar veitingar og tryllt tónlist.



Inklaw og Cintamani setja nýja samstarfslínu í sölu og auðvitað verður partí til að fagna því í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Myndbandið við lagið Pussypics verður á Vimeo.

# Nýtt lag og myndband um píkur

Tónlistarkonan Anna Tara Andrésdóttir sendir frá sér nýtt lag með Reykjavíkurdætrum í dag sem heitir Pussypics. Spurð út í hvaðan hugmyndin að laginu komi segir Anna: „Það er mjög erfitt fyrir mig að segja hvaðan hugmyndin að laginu kemur, píkur eru í raun þema sem ég hef legið yfir í um eitt ár. Það er til svo mikið meira af typpamyndum í heiminum en píkumyndum. Svo er meirihluti þeirra píkumynda á forsendum karla eins og til dæmis úr klámi. Þannig að mér finnst í raun vanta vettvang fyrir píkumyndir á forsendum kvenna,“ útskýrir Anna.

Kynjajafnrétti er Önnu Töru hugleikið og það veitir henni innblástur í listsköpun. „Ætli það væri ekki einhvers konar mælikvarði á jafnrétti ef konum þætti eins sjálfsagt að taka myndir af píkunum sínum og senda á netinu eins og körlum. Þá væri jafnrétti kannski náð en við erum langt frá því.“

**ÞAÐ ER TIL SVO MIKLU MEIRA AF TYPPAMYNDUM Í HEIMINUM EN PÍKUMYNDUM.**

Spurð nánar út í lagið segir Anna Tara: „Lagið Pussypics byrjar á línunni: „I wish my pussy was my face to make the world a better place“. Ég samdi textann og rappa í laginu og Solveig Pálsdóttir sem er með mér í Reykjavíkurdætrum syngur í laginu með mér. Thorbjörn Einar Guðmundsson gerði svo taktinn og Bjarki Hallbergs hljóðblandaði en þeir eru betur þekktir undir nafninu BLKPRTY.“

Laginu fylgir svo myndband. „Ég var svo heppin að finna eitt hugrakkt módel sem vill að vísu vera nafnlaust. Myndbandið við lagið er ein píka nánast allan tímann. Maður veltir fyrir sér hvernig sé hægt að gera myndband úr einni píku en ég komst að því að það er vel hægt ef maður „zoomar“ inn nógu oft,“ segir hún og hlær. Þess má geta að myndbandið verður gefið út á vimeo.com. „Ég hugsa að það verði tekið út af YouTube. Og að lokum vil ég segja að öll gagnrýni þarf að beinast að mér, ekki hljómsveitinni í heild, ég er ein ábyrg fyrir þessu.“ – **gha**











ÍSSKÁPASTRÍÐ
KL. 19:55
Eva Laufey og Gummi Ben. fá til sín góða gesti í fjörugasta matreiðsluþátt landsins og eins og fyrri daginn eru það matreiðslusnillingarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall sem sjá um dómsgæsluna.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



GREY´S ANATOMY
KL. 20:35
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



TEN DAYS IN THE VALLEY
KL. 21:25
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.



WENTWORTH
KL. 22:10
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.



NASHVILLE
KL. 23:00
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



FLASH
KL. 21:00
Hörkuspennandi þættir um ævintýri vísindamannsins Barry Allen sem er í raun ofurhetja en kraftar hans felast í að geta ferðast um á ótrúlegum hraða.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Heiða**
**07.45 The Middle**
**08.10 The Goldbergs**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Undateable**
**10.35 My Dream Home**
**11.20 Bomban**
**12.10 Eldhúsið hans Eyþórs**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Á uppleið**
**13.25 Grantchester**
**14.15 The Night Shift**
**15.00 Major Crimes**
**15.45 Blokk 925**
**16.10 Nettir Kettir**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.50 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Jamie's 15 Minute Meals**
**19.55 Ísskápastríð** Önnur þáttaröð þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben. Í hverjum þætti fá þáttarstjórnendur til sín keppendur sem þeir skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þeir að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni sem þeir þurfa að vinna úr innan ákveðins tímaramma til að töfra fram girnilega rétti.
**20.30 Grey's Anatomy**
**21.15 Ten Days in the Valley**
**22.00 Wentworth**
**22.50 Nashville**
**23.35 Crashing** Hressilegir gamanþættir frá HBO sem gerast í New York og fjalla um hinn seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf og ná sér á strik eftir að eiginkonan yfirgefur hann. Með bjartsýni í farteskinu og misgáfuleg ráð vina sinna ákveður hann að reyna fyrir sér sem uppistandari.
**00.10 The Good Doctor**
**01.00 The Blacklist**
**01.45 The Mysteries of Laura**
**02.30 Married**
**02.55 Cell**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.20 Sporting - Juventus**
**09.00 Roma - Chelsea**
**10.40 Gary Neville's Soccerbox**
**11.10 Premier League World**
**11.40 Premier League Review**
**12.35 Þýsku mörkin**
**13.05 Olympiacos - Barcelona**
**14.45 Manch. United - Benfica.**
**16.25 Meistaradeildarmörkin**
**16.55 Besiktas - Monaco**
**19.15 Meistaradeildarmessan**
**21.45 Meistaradeildarmörkin**
**22.15 Tottenham - Real Madrid**
**00.05 Dominos deild kvk-Valur - Stjarnan**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Cardiff - Millwall**
**08.40 Football League Show**
**09.10 Crystal Palace - West Ham**
**11.05 Bournemouth - Chelsea**
**12.45 Messan**
**14.05 New England Patriots - LA Chargers**
**16.20 Washington Redskins - Dallas Cowboys**
**18.50 Evrópudeildarmörkin**
**19.40 Liverpool - Maribor**
**21.45 Napoli - Manchester City**
**23.35 Besiktas - Monaco**
**01.25 Meistaradeildarmörkin**

### STÖÐ 3

**17.50 The New Girl**
**18.15 The New Adventures of Old Christine**
**18.40 League**
**19.05 Modern Family**
**19.30 Seinfeld**
**19.55 Friends**
**20.20 Besta svarið**
**21.00 Flash**
**21.45 Supernatural**
**22.30 Cold Case**
**23.15 Gotham**
**00.00 Trumped**
**00.55 Seinfeld**
**01.20 Friends**
**01.45 Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Ævintýraferðin**
**08.37 Hvellur keppnisbíll**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 K3**
**09.13 Víkingurinn Viggó**
**09.27 Tindur**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.47 Stóri og litli**
**10.24 Mörgæsirnar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Hvellur keppnisbíll**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 K3**
**13.11 Víkingurinn Viggó**
**13.25 Tindur**
**13.36 Mæja býfluga**
**13.48 Stóri og litli**
**14.24 Mörgæsirnar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Hvellur keppnisbíll**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 K3**
**17.11 Víkingurinn Viggó**
**17.25 Tindur**
**17.36 Mæja býfluga**
**17.48 Stóri og litli**
**18.24 Mörgæsirnar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**



**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

### GOLFSTÖÐIN

**08.10 Golfing World**
**09.00 Abu Dhabi Ladies Open**
**13.00 PGA Tour**
**15.55 PGA Highlights**
**16.50 PGA. Arnold Palmer Special**
**17.15 Golfing World**
**18.05 Champions Tour Highlights**
**19.00 Abu Dhabi Ladies Open**
**23.00 Golfing World**
**23.50 Champions Tour Highlights**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.55 Ingenious**
**14.25 Girl Asleep**
**15.45 St. Vincent** Bill Murray og Melissa McCarthy fara á kostum í þessari frábæru gamanmynd frá 2014. Oliver flytur ásamt mömmu sinni í nýtt hverfi og einn af nýju nágrönnunum er hinn kærulausi, blanki einbúi Vincent de Van Nuys. Mamma Olivers fær Vincent til að passa drenginn á meðan hún er í vinnunni en Vincent er engin venjuleg barnapía og hefur aðrar hugmyndir um barnauppeldi en flestir foreldrar.
**17.25 Ingenious**
**18.55 Girl Asleep** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá 2015. Fimmtán ára afmælisdagur Gretu er í nánd og veldur henni miklum áhyggjum því hún vill ekki yfirgefa öryggi æskunnar og stíga inn í heim fullorðinna. Hún reynir því hvað hún getur að leiða tímamótin hjá sér en þegar foreldrar hennar koma henni á óvart með afmælisveislu gerast mjög einkennilegir hlutir.
**20.15 St. Vincent**
**22.00 Generation Um...**
**23.40 The Interpreter**
**01.45 Mechanic. Resurrection**
**03.25 Generation Um...**

### RÚV

**17.25 Úr gullkistu RÚV: Út og suður**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Vinabær Danna tígurs**
**18.12 Klaufabárðarnir**
**18.19 Sanjay og Craig**
**18.45 Lautarferð með köku**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós og Menningin**
**20.00 Hæpið**
**20.35 Kiljan**
**21.15 Castle**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Atvinnumenn í tölvuleikjum**
**23.20 Kastljós og Menningin**
**23.40 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Royal Pains**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Will & Grace**
**14.40 Ný sýn - Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir**
**15.15 America's Funniest Home Videos**
**15.35 The Biggest Loser - Ísland**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 Life in Pieces**
**20.15 Survivor**
**21.00 Chicago Justice**
**21.45 Law & Order True Crime.**
**22.30 Better Things**
**23.00 The Tonight Show**
**23.40 The Late Late Show**
**00.20 Deadwood**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 APB**
**02.35 The Catch**
**03.20 Nurse Jackie**
**03.50 Chicago Justice**
**04.35 Law & Order True Crime.**
**05.20 Better Things**
**05.50 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

GIACOMO PUCCINI

★★★★★

**„TILFINNINGIN VAR ÓSVIKIN OG KRISTJÁN BRÁST EKKI AÐDÁENDUM SÍNUM“**

**„BÆÐI SÖNGUR OG LEIKUR ÓLAFS KJARTANS VAR, FRÓMT SAGT, FRÁBÆR“**

**„EIN ÞEKKTASTA ARÍA VERKSINS „VISSI D´ARTE...“ VAR ÓVIÐJAFNANLEGA FLUTT AF CLAIRE RUTTER“**

**„BJARNI FRÍMANN BJARNASON VAR STJARNA KVÖLDINS“**
MORGUNBLAÐIÐ/IB

# TOSCA

HÖNNUN: HGM

28. OKTÓBER · 5. NÓVEMBER · 11. NÓVEMBER
AUKASÝNING 18. NÓVEMBER

**ÖRFÁ SÆTI LAUS!**



**MIÐASALA Á OPERA.IS**

#islenskaoperan

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Nokkrir spennandi off-venue tónleikar

Svokallaðir off-venue tónleikar í kringum Iceland Airwaves eru löngu orðnir fastur liður hátíðarinnar. Mikil stemming er í kringum það hjá mörgum að ganga á milli slíkra tónleika. Hér eru nokkur spennandi off-venue sem Lífið er spennt fyrir.

**OFF-VENUE DAGSKRÁIN Í ÁR ER LÍKLEGA EIN SÚ STÆRSTA FRÁ UPPHAFI EN HÚN FER FRAM Á YFIR 30 STÖÐUM, ÞAR Á MEÐAL Í HAFNARFIRÐI OG Á AKUREYRI. ÞAÐ VIRÐAST ALLIR SEM HAFA AÐGANG AÐ HÚSNÆÐI OG ÞEKKJA NOKKRA TÓNLISTARMENN HALDA OFF-VENUE TÓNLEIKA Í ÁR.**



## VILLIKETTIR Á GRANDANUM

Grandinn verður iðandi af lífi yfir Airwaves hátíðina, Bryggjan brugghús og Ægisgarður bjóða upp á sérstaka dagskrá, fyrir utan allt annað sem er að sækja þangað. Að Fiskislóð 24 er til húsa hópur skapandi fyrirtækja sem standa fyrir sérstakri off-venue dagskrá í tilefni af Airwaves. Þessi fyrirtæki eru auglýsingastofan TVIST, prentsmiðjan Reykjavík Letterpress, arkitektastofan Stáss, Audioland, vöruhönnunarfyrirtækið Fólk, innanhússarkitektinn Ingibjörg Agnes og hönnunarfyrirtækið SO by Sonja.

„Okkur langaði að leggja okkar af mörkum í Airwaves því það myndast alltaf svo skemmtileg stemming í kringum hátíðina. Staðsetning Fiskislóðarinnar er frábær því við erum í göngufæri við helstu staði á Airwaves. Við tengjumst tónlist mikið í starfsumhverfi okkar. Þetta var of upplagt til að sleppa því,“ segir Sunna Ben, starfsmaður TVIST og talsmaður Villikattarins.

## LISTASÝNING OG TÓNLEIKAR



Grapevine sýnir bestu forsíður sínar í Gallerí Porti í tilefni Airwaves hátíðarinnar. Blaðið leggur ávallt mikið upp úr umfjöllun sinni um hátíðina enda troðfyllist borgin af erlendum tónlistaráhugamönnum sem vantar smá leiðsögn og að sama skapi leggur Grapevine alltaf mikið í að hafa flottar forsíður á blaðinu yfir hátíðina. Svo flottar að nú fá þær að hanga á veggjum gallerís.

Auðvitað verður líka tónlist í boði í Galleris Ports. Í dag munu Mighty Bear og Án taka lagið en á fimmtudaginn er það Sóley.



## BÁTAPARTÍ VIÐ REYKJAVÍKURHÖFN

Ferðaþjónustufyrirtækið Special tours býður í heldur óvenjulega tónleika – en þeir verða um borð í bátnum Andreu. Þetta er ákaflega heppilegt fyrir fólk sem er orðið leitt á því að horfa á tónleika standandi inni í eða fyrir utan byggingar, sem á líklega við marga. Einnig er þetta skemmtileg tilbreyting fyrir alla, jafnvel sjóveika, því að Andrea liggur við bryggju og er ólíklegt að hún fari nokkuð.

Dagskráin hefst á fimmtudaginn og er henni fylgt eftir með partíi á Reykjavík Röst. Meðal listamanna sem koma fram um borð eru Ragga Gröndal, Gleðikonurnar og Högni, en hann var einmitt að senda frá sér plötu fyrir ekki margt löngu sem hefur verið að fá frábæra dóma.

stefanthor@frettabladid.is

## LISTAHÁSKÓLINN MEÐ ÖÐRUVÍSI NÁLGUN

Mastersnemar í tónlist við Listaháskóla Íslands gera sér lítið fyrir og hræra í gott off-venue í Skipholti 31. Dagskráin verður nokkuð óhefðbundin, svona miðað við aðra off-venue tónleika, og afar fjölbreytt í ofanálag.



Meðal sem verður í boði er hljóðfærasmiðja fyrir yngri kynslóðina þar sem börn eiga þess kost að fá að læra á hljóðfæri undir handleiðslu mastersnemanna (og annarra). Þátttakendum er svo boðið í tónsmíðaverkefni eftir kennsluna. Einnig verður ráðist í skapandi verkefni í boði Rauða krossins þar sem hælisleitendur og nemendur taka höndum saman og spila heimstónlist.

## KVENNAFANS Á SÓLON




Á Sólon eru hlutirnir teknir alla leið – en það eru einungis konur sem koma þar fram. Dagskráin er sérstaklega glæsileg blanda af spennandi íslenskum listakonum sem og erlendum.

Í dag koma fram Alexandria Maillot frá Kanada, I Am Soyuz frá Svíþjóð, eif frá Danmörku og svo sigurvegarar músíktilrauna, Between Mountains. Á föstudaginn er rappið í aðalhlutverki en fram koma meðal annarra Krakk & Spaghettí, Fever Dream og ALVIA Islandia.

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni
Midea It's your Idea
• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Hægt að fá WiFi
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Símaveski.is
Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.
Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


MIÐNÆTUROPNUN
Í SMÁRALIND
-20%
AF ÖLLUM VÖRUM
OPIÐ TIL
24:00
galleri sautján

-20%
AF ÖLLUM SKÓM
gs skór




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Micro Tech Hybrid heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 629.800

Tilboð 472.350 kr.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK



MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

*á mánuði

365




Staðurinn í allri sinni dýrð. Hann stendur við Hafnargötuna sem er Laugavegurinn í Reykjanesbæ.

# Bækur í bland við bjór og brennivín

Í gamla bókasafni Reykjanesbæjar er nú komið Library bistró sem er ekki bara bókakaffi heldur bókasafnskaffi. Athafnamennirnir Arnar Gauti Sverrisson og Jón Gunnar Geirdal standa að verkefninu en sterk tenging þeirra við Keflavík jók á rómantíkina fyrir staðnum.

Við vildum búa til sterka tengingu fyrir heimamenn á Suðurnesjum ásamt því að heiðra æskuminningar okkar héðan frá Keflavík því Arnar Gauti er uppalinn hérna og ég var mikið hér sem barn hjá ömmu og afa,“ segir Jón Gunnar Geirdal, athafnamaður en hann og góðvinur hans, Arnar Gauti Sverrisson, opna Library Bistró í dag kl 17.

„Þetta leggst vel í okkur og við fögnum því að geta boðið heimamönnum á Suðurnesjum upp á upplifun sem þessa. „Hér verður líka happy hour alla daga frá klukkan 15, brunch um helgar og margt margt fleira, sem bætist í flóruna fyrir heimamenn. Það má búast við að þetta verði smekklegt, svona í ljósi þess að Arnar Gauti er með fingurna í þessu, á sínum heimaslóðum,“ segir Jón en lokafrágangur stóð yfir þegar Fréttablaðið bar að garði.

Mikil fjárfesting liggur í staðnum, öll húsgögn eru innflutt frá Dialma Brown á Ítalíu. „Stjórnendur Park Inn Radisson hótelsins sem staðurinn tengist leituðu til okkar í vor varðandi hugmyndavinnu fyrir nýtt concept inn á hótelið. Við vinirnir tengdum okkur fyrir nokkru síðan í því sem við köllum „concept creation“ vinnu, hvort sem það eru veitingastaðir sem eru til staðar og þarf nauðsynlega að laga eða nýtt húsnæði.

Við erum svokallað „onestop-shop“ fyrir okkar verkefni. Við veljum hvert einasta húsgagn, gólfefni, liti á veggi, tónlistina og hvernig hún dreifist yfir daginn og vikuna, þróum nýjan matseðil með kokknum og þá líka hvernig réttirnir líta út þegar þeir koma út úr eldhúsinu, allar merkingar og svo sjálfa opnunina. Við erum nefnilega ekki bara að



Félagarnir við lokaundirbúning. Þetta er eitt fyrsta verkefni þeirra á heimaslóð en Arnar er uppalinn í bænum og Jón var þar oft. MYNDIR/PÁLL KETILSSON

> SVO FINNST OKKUR LÍKA HÓTELBARIR VERA OFT ÞEIR SKEMMTILEGUSTU. ÞAR BLANDAST INNFÆDDIR OG ERLENDIR GESTIR SEM MYNDAR ÞESSA EINSTÖKU STEMNINGU.
>
> Jón Gunnar Geirdal

opna nýtt bistró heldur glænýja upplifun í mat og drykk á pari við það allra besta sem gerist í París, höfuðborg bistróanna,“ segir hann.

Arnar Gauti er annálaður fagurkeri og búinn að vera með puttana á púlsinum í heimi tísku og hönnunar í bráðum í 27 ár. Þeir félagar hafa eytt tíma erlendis til að kynna sér hina ýmsu strauma í veitingageiranum. „Sú vinna hefur svo sannarlega nýst okkur í þessu verkefni og svo finnst okkur líka hótelbarir vera oft þeir skemmtilegustu. Þar blandast innfæddir og erlendir gestir sem myndar þessa einstöku stemningu. Hótelið er líka nánast alltaf fullt og má því búast við miklum gír á bókasafninu okkar.

Við fundum fyrir því að heimamenn vantaði eitthvað í heimabyggð sem væri á pari við það sem þeir væru að sækja í til höfuðborgarinnar. Hér er því kominn valkostur fyrir Suðurnesjamenn að lyfta sér upp.“

Þeir félagar eru rétt að byrja – hótelbarinn er aðeins byrjunin. „Að öllum ólöstuðum fannst mér sérstaklega gaman að vinna þetta með Arnari Gauta enda náum við ótrúlega vel saman í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Fram undan er líka fjöldi athyglisverðra verkefna sem tekið verður eftir og við félagarnir hvergi nærri hættir,“ segir Jón.

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ

# BUBBI
# MORTHENS



13. DES **BÆJARBÍÓ** HAFNARFIRÐI
17. DES **VALASKJÁLF** EGILSSTÖÐUM
19. DES **BÍÓHÖLLIN** AKRANES
21. DES **HOF** AKUREYRI
23. DES **HARPA** REYKJAVÍK

*tryggðu þér miða!*

HARPA
SÝNT Í HOFI
midi.is
BYLGJAN 989
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**



Bjarna Karlssonar

# Háttvísi og afnám fátæktar

Ég tel nýafstaðnar alþingiskosningar ekki síst athyglisverðar í ljósi þriggja málefna sem ekki voru rædd í aðdragandanum. Áður en ég tala um það vil ég þó orða tvennt gott sem gerðist. Fyrst skal nefna að nýtt andrúmsloft ríkti í samtalinu með aukinni háttvísi í samskiptum stjórnmálafólks. Þjóðin er orðin södd á andstyggð og meiðingum í opinberu lífi og stjórnmálaforingjar voru að kveikja á því. Það var frábært. Síðan gerðist það líka að fátækt fólk á Íslandi fékk 6,9% greiddra atkvæða. Inga Sæland birtist sem fulltrúi hins almenna manns og hreyfði streng í hjarta þjóðarinnar með framgöngu sinni þegar hún krafðist þess ásamt flokksfólki sínu að fátækt verði afnumin í landinu.

Samt var þrennt sem gleymdist. Ríkisstjórnarsamstarfið hnaut um eitt viðkvæmasta samviskumál þjóðarinnar; kynferðislegt öryggi kvenna og barna. Þess vegna var efnt til kosninga, en við slepptum alveg að ræða það og að kosningum loknum hefur stöðu kvenna hrakað stórlega á Alþingi! Annað málefni sem við létum ekki mikið trufla okkur er stærsta hagsmunamál fæddra og ófæddra kynslóða; vistkerfisvandinn. Þó var hópurinn París 1,5 og ýmsir fjölmiðlar að reyna að lyfta fram þannig samtali. Loks sniðgengum við nær alfarið annað mikilvægasta hagsmunamál almennings í landinu; eignarhaldið á auðlindum þjóðarinnar. Þau málefni komu vart til umræðu.

Þrátt fyrir þessar miklu takmarkanir er ekki lítið að geta sagt að krafan um almenna háttvísi og afnám fátæktar sé meginniðurstaða kosninganna 2017. Hvernig sem stjórnarmyndun verður nú háttað hlýtur ný ríkisstjórn að taka mið af því að 13.502 kjósendur vörðu atkvæði sínu í að krefjast afnáms fátæktar í landinu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FISKIBOLLUR
2 FYRIR 1



- GAMALDAGS HAKKBOLLUR
- FISKIBOLLUR
KAUPIR 1 KG. FÆRÐ 2 KG.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1




BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS